


# TÍUNO

FRÉTTABLAÐ RSK • MAÍ 2013



## Skatteftirlit eykur tekjur ríkissjóðs

### Tekjudreifing og skattbyrði

### Helstu skattalagabreytingar eftir hrun



# „Reikningar annarra“

Ríkisskattstjóri hefur ríka skyldu til þess að sinna fjölbreyttum verkefnum lögum samkvæmt. Þar er aðalverkefnið að skattlagning sé rétt. Það felur í sér að allir landsmenn gjaldi í skatt það sem lög mæla fyrir um á hverjum tíma. Leiðirnar að markmiðinu hafa á hinn bóginn oft og tíðum verið þyrnum stráðar. Það er auðveldara um að tala en í að komast við að ná árangri. Aukin þjónusta, upplýsingamiðlun og umræða um skattaleg réttindi og skyldur stuðlar allt að réttri skattlagningu, en mætti sín þó lítils ef ekki væri til staðar virkt skatteftirlit.

Skatteftirlit felur í sér að ríkisskattstjóri aflar upplýsinga um einstaka framteljendur og eftir atvikum endurákvæðar skatta þeirra. Skipulag og skipan skatteftirlits hefur í gegnum tíðina verið með margvíslegum hætti, stundum hefur skatteftirlitið verið sjálfstæð eining en í annan tíma verið sinnt sem hluta af öðrum einingum. Skipulagsbreytingar hafa þó ætíð miðað að því að gera skatteftirlit bæði markvissara og skilvirkara til að ná hámarksárangri með takmörkuðum mannafla.

Skatteftirlitið hefur iðulega átt á brattann að sækja. Verkefnið er í eðli sínu ólíkt þjónustuhlutverki ríkisskattstjóra, og þeir skattaðilar sem veljast til nánari skoðunar eru misánægðir með að þurfa að gera grein fyrir forsendum skattskila sinna. Og á stundum eru aðgerðir skattyfirvalda talaðar niður. Nú bregður svo við að hver röddin á fætur annarri kallar á aukið skatteftirlit. Þar hafa aðilar vinnumarkaðarins og hagsmunasamtök í atvinnulífi farið fremst í flokki. Við þessar aðstæður hefur skatteftirliti verið breytt með nýjum aðferðum. Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og ríkisskattstjóri, með fulltingi fjármálaráðuneytisins, hófu á árinu 2011 að vinna að bættum atvinnuháttum með sameiginlegum aðgerðum til að sporna við undanskotum. Það samstarf hefur verið samfélaginu mikilvægt og reynst árangursríkt. Ber að þakka einstakan áhuga samstarfsaðila ríkisskattstjóra og elju þeirra í þessum efnum. Áfram verður því haldið á þeirri braut með auknu samstarfi við hagsmunasamtök til að taka á sívaxandi undanskotum.

Greiningarteymi ríkisskattstjóra afmarkar þann hóp þar sem skattskil virðast ekki lögum samkvæmt. Eftirlitsúrtök

eru valin úr hópi 262 þúsund einstaklinga og 35 þúsund lögaðila. Nálægt 600 endurskoðendur og bókarar taka þátt í að semja reikningsskil og annast skattskil, og eru þá ekki allir höfundar slíkra gagna nefndir til sögunnar, s.s. þeir sem senda inn framtöl sín sjálfir. Fyrirtæki eru síðan heimsótt eða fyrirspurnum beint til framteljenda, og í kjölfarið eru margskonar upplýsingar og gögn yfirfarin. Að athugun lokinni kann mál að vera sent til annarra yfirvalda, eða því lokið með leiðréttingu á fyrri álagningu skatta. Að þessu öllu vinnur nú 30 manna hópur starfsmanna ríkisskattstjóra. Meiri er nú mannaflinn ekki, svo ótrúlegt sem það er.

Það hefur sýnt sig á undanförunum árum, svo sem rakið er annars staðar í þessu tölublaði Tíundar, að gjaldabreytingar í framhaldi af skatteftirliti hafa aukist ár frá ári. Mannaflinn í skatteftirliti er á hinn bóginn hvergi nærri nægur sakir mikilla verkefna sem enn virðast vera að aukast, og þeirra miklu krafna um hertar eftirlitsaðgerðir sem koma alls staðar frá. Augljóst er að mannaflí í eftirliti þarf að vera umtalsvert meiri, og sennilega ekki færri en 50 stöðugildi, ef sinna á þeim helstu eftirlitsaðgerðum sem kallað er eftir. Ríkisskattstjóri mun á næstu árum breyta verkefnaáherslum enn frekar með aukinni vélvæðingu framtala, og þannig mun verða unnt að fjölga starfsmönnum í eftirliti. Slíkar áherslubreytingar munu koma sjóðum ríkis og sveitarfélaga til góða og veitir víst ekki af.

Ríkisskattstjóri hefur á undanförunum árum séð fjölbreyttari flóru af kynlegum skattskilum en nokkru sinni áður. Þar er á stundum rambað á barmi hengiflugs í hæpnum túlkunum á ákvæðum skattalaga, oft á grundvelli ráðgjafar frá aðilum sem atvinnu hafa af slíku. Síðustu ár hefur framkvæmd skatteftirlits orðið snúnari vegna þess hve eignarhald er orðið flókið í gegnum fjölda félaga sem mörg hver eru skráð erlendis. Eftir hrun fjármálastofnana og ýmis konar afhjúpun í kjölfarið fer ekki á milli mála að miklum fjármunum var komið undan skattlagningu hérlendis með földu eignarhaldi í gegnum aflandsfélög. Munu þess vera dæmi að á stundum hafi hið dulda eignarhald verið þáttur í viðskiptunum, og jafnvel kynnt þannig að kosturinn við slíkt fyrirkomulag væri að íslensk skattyfirvöld gætu ekki

## TÍUND

BLAÐ NR. 62

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófar kalestur: Halldór Halldórsson og Helga Valborg Steinarsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

**RSK** 50 ÁR

STOFNÁR 1962

fengið upplýsingar. Þagnarmúrinn í þeim ríkjum sem reka aflandsstarfsemi er nú óðum að molna en eftirhreytarnar eru þó drjúgar. Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu skaðleg þessi starfsemi var íslensku samfélagi þegar leyndin var slík að raunverulegt eignarhald var á fárra vitorði. Gríðarleg skuldsetning við kaup á fyrirtækjum þar sem eigendur voru félög í aflandsríkjum með uppblásnum eignum var þannig oft á tíðum froðan ein. Afleiðingarnar voru röng skattlagning, samkeppnisstöðu var raskað og kröfuhafar sviknir um efndir ef þannig bar undir. Leyndin var alfa og omega þessarar starfsemi sem á endanum svipti lífeyrissjóði og einstaklinga eignum sínum þegar spilaborgin hrundi. Í þessum flór hafa skattfyrvöld mátt ösla hin síðustu ár og mokað upp úr aurpyttinum allt hvað þau hafa getað til að upplýsa um undanskot og koma fram réttu skattlagningu.

Sífelld fleirum er orðið ljóst að skattundanskot eru tap þjóðarinnar í heild. Versnandi skil á virðisaukaskatti eru staðreynd og mikilvægt að bregðast við. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis náði samstöðu um að beita sér fyrir auknum úrræðum á síðasta þingi til að ná betri árangri í baráttu gegn svartri atvinnustarfsemi. Einum alþingismannanna mæltist við það tækifæri svo að aga skorti í atvinnulífinu. Margt bendir til að þar hafi hann hitt naglann á höfuðið.

Samstarfið við SA og ASÍ hefur skerpt á þeirri hugsun að bætt skattskil séu ekki einkamál skattfyrvalda. Skattundanskot eru þjóðfélagsmein sem étur samfélagið innan frá. Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að taka á slíku meini með skjótvirkum hætti. Enn eru sömu einstaklingar að hefja atvinnurekstur undir nýjum auðkennum þar sem gamla félagið er látið sitja eftir eignalaust með skattaskuldir. Er ástæða til að velta fyrir sér hvort ekki þurfi við þessar aðstæður skjótvirkari úrræði í stjórnslunni en nú eru til staðar. Síðast en ekki síst þarf að verða vitundarvakning meðal þjóðarinnar um hvað skattundanskot og bótasvik eru mikið mein sem bitnar harðast á grunnstöðum samfélagsins. Það er þó löngum vitað að þeir leynast því miður víða sem hafa það lunderni að gera allt til að komast hjá skattgreiðslum til þess samfélags sem hefur menntað þá og brauðfætt, og ætlast svo til þess að landar þeirra annist greiðslu alls kostnaðar við rekstur samfélagsins. Ótrúlega margir hafa varið miklum fjármunum í skráningu félaga



**Skúli Eggert Þórðarson**  
ríkisskattstjóri



**Aðalsteinn Hákonarson**  
sviðsstjóri eftirlitssviðs

erlendis og til skattaráðgjafa við að halda leyndinni virkri. Allt þetta er til að komast hjá skattgreiðslum sem á stundum eru svipaðar fjárhæðir og fara í margra ára umstang við þá umsýslu.

Undanskot frá sköttum eru alvarlegt vandamál sem snertir allt íslenskt þjóðfélag. Krafa samfélagsins er að skatteftirlit verði eft. Í leiðara Morgunblaðsins hinn 18. maí 2013, sem ber heitið „Reikningar annarra“, er tekin sú samlíking að skattundanskot leiði til þess að þorri landsmanna eigi að greiða aðra reikninga en sína eigin. Það var vel að orði komist og er raunar kjarni þess ákalls sem nú er uppi um hert skatteftirlit. Þeir sem koma sér hjá lögboðnum greiðslum skatta eru að flytja sínar skattgreiðslur yfir á aðra landsmenn. Við það verður ekki unað og því er brýnt að herða skatteftirlit með auknum mannafla og nauðsynlegum verkfærum til þess að stemma stigu við sívaxandi undanskotum. Hert framkvæmd skatteftirlits mun jafnframt skapa meiri varnaðaráhrif og bæta skattskil. Því er mikilvægt að taka þeirri áskorun sem samfélagið hefur sett fram, enda hefur það sýnt sig á liðnum árum að bætt skatteftirlit getur spornað gegn því að reikningar annarra lendi hjá skilvísu þorra landsmanna.

## EFNI BLAÐSINS

<b>Viðtalið - Gunnar Steinn Pálsson</b> .....	<b>5</b>
<b>Starfsmenn RSK ánægðir með sameininguna</b> .....	<b>10</b>
<b>Helstu skattalagabreytingar eftir hrun</b> .....	<b>12</b>
<b>Skipulagsbreytingar hjá ríkisskattstjóra</b> .....	<b>20</b>
<b>Skatteftirlit eykur tekjur ríkissjóðs</b> .....	<b>24</b>
<b>Jákvæðni og traust í garð RSK</b> .....	<b>26</b>
<b>Skattlagning á þóknunum til erlendra aðila</b> .....	<b>28</b>
<b>Yfirfærsla einstaklingsreksturs í einkahlutafélag</b> .....	<b>30</b>

<b>Færeyingar og Íslendingar - samstarf í skattamálum</b> .....	<b>36</b>
<b>Kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja</b> .....	<b>38</b>
<b>Niðurskurður fjárveitinga RSK árin 2010 -2013</b> .....	<b>40</b>
<b>Upplýsingaskipti í skattamálum</b> .....	<b>42</b>
<b>Tekjudreifing og skattbyrði</b> .....	<b>46</b>
<b>Margfalt betri skil ársreikninga</b> .....	<b>58</b>
<b>Dómar og úrskurðir</b> .....	<b>60</b>
<b>Lokaorðið</b> .....	<b>70</b>







VIÐTALIÐ

*Gunnar Steinn Pálsson  
almannatengill*

# Hljóðlát nærvera

Ríkisskattstjóri hélt starfsmannafund 22. febrúar sl. þar sem m.a. var til umræðu staða skattyfirvalda í samfélaginu. Gunnar Steinn Pálsson almannatengill var gestur á fundinum og hélt þar ákaflega áhugaverðan fyrirlestur um verkefni ríkisskattstjóra og samfélagslega stöðu stofnunarinnar. Hann taldi að stöðu ríkisskattstjóra væri best lýst sem hljóðlátri nærveru.

---





Óskar H. Albertsson skrifstofustjóri á atvinnurekstrarsviði fer yfir stöðuna með Gunnari Steini.

Gunnar Steinn hefur um langt árabíl verið liðsmaður RSK við gerð auglýsinga og kynningarefnis. Upphaf þeirra starfa má fyrst leita til ársins 1985 en þá stóð rannsóknardeild ríkisskattstjóra í samstarfi við fjármálaráðuneytið að gerð auglýsingaherferðar um bætt skattskil. Hafði Gunnar Steinn þá verið fenginn til ráðgjafar. Næstu verkefni hans fyrir ríkisskattstjóra voru skipulagning á auglýsingaherferðum við upptöku á staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti á árunum 1987 og 1990. Var hann einn af höfundum að þeim auglýsingaherferðum og ráðgjafi um nálgun viðfangsefnisins. Síðar var Gunnar Steinn ráðgjafi RSK um útlit auglýsinga og önnur útgáfuverkefni. Á fyrrnefndum starfsmannafundi var gerður afar góður rómur að erindi Gunnars Steins og því leitaði Tíund til hans og bað hann um að skýra verkefnið fyrir lesendum.

### **Þú ræddir um hvernig þú sæir fyrir þér þjónustu ríkisskattstjóra. Viltu skýra þetta nánar?**

Mér hefur alltaf þótt starfsemi RSK mikilvæg í samfélaginu en á sama tíma ávallt verið þeirrar skoðunar að þar ættu menn að vinna störf sín í kyrrþey eins og unnt væri. Þetta er hins vegar ekki alltaf einfalt. RSK starfar annars vegar við eftirlit og hins vegar þjónustu. Þess vegna á stofnunin

”

Stofnunin þarf því að vera sýnileg og í lifandi sambandi við alla á landinu sem hafa kennitölu. Hún þarf að njóta trausts, virðingar og í rauninni einnig vinsælda

stöðugt erindi við allan almenning og all atvinnulíf landsins. Stofnunin þarf því að vera sýnileg og í lifandi sambandi við alla á landinu sem hafa kennitölu. Hún þarf að njóta trausts, virðingar og í rauninni einnig vinsælda. Á sama tíma þarf hún jafnframt að vera hinn strangi eftirlitsaðili sem líður engin undanbrögð frá settum reglum. Meðalvegurinn er vandrataður en að mínu viti hefur afar vel tekist til á undanförunum árum og ég er viss um að verðmætin sem í ásýnd RSK eru fólgin skipta skattheimtu í landinu miklu máli.

**Á sínum tíma þegar þú komst til ráðgjafar var þetta fámenn stofnun sem auðkennd var í Gulu bókinni undir heitinu Embætti ríkisskattstjóra. Þessu breyttir þú með því að taka upp skammstöfunina RSK með ákveðinni stafagerð sem hefur verið notuð lítið breytt í aldarfjórðung. Er það algengt með merki af þessari tegund?**

Nei og mér liggur við að segja því miður. Að minnsta kosti verð ég að viðurkenna að þær nafngiftir og þau merki sem ég hef tengst hönnun á í gegnum áratugalngt starf að kynningarmálum hafa fæst lifað aldarfjórðunginn. Nafn RSK er hins vegar svo einfalt að það hlýtur að eldast vel. Stafagerðin í merkinu er grein af sama meiði. Ég er ákafllega ánægður með þessa hönnun en það er langt í frá að ég hafi verið þar einn að verki. Í fyrsta lagi var ég margsinnis gerður afturreka með hugmyndir mínar af stjórnendum RSK. Í öðru lagi var her góðra grafískra hönnuða að baki þessari niðurstöðu og sannast þar best hve leitinn að hinu einfalda er oft erfið.

**Á svipuðum tíma fæddist fréttablaðið Tíund sem þú komst einnig að í upphafi. Ertu sáttur við þróun þess í gegnum árin?**

Já, mjög svo. Tíund er um margt sérstök útgáfa. Í fyrsta lagi vegna þess hve langlíf hún er orðin og í öðru lagi er auðvitað sérstakt að stofnun af þessu tagi haldi úti svona viðamikilli umræðu á faglegum nótum um skattamál og allt sem þeim tilheyrir. Ég get ímyndað mér að þetta sé mikil vinna en hún er ímynd RSK vafalaust til framdráttar og að auki dýrmætur vettvangur upplýsingamiðlunar til þeirra sem stofnunin á brýnast erindi við. Svo er auðvitað gaman að sjá hvað RSK er á góðum verði gagnvart framsetningu efnisins, rétt eins og í auglýsingum sínum. Myndir, litir, lifandi fyrrsagnir og grafísk framsetning er eiginlega svoltið



mikið öðruvísi en maður gæti átt von á frá stofnun af þessu tagi. Ég tek það fram að ég hef hvergi komið nærri þessari vinnu á undanförunum árum. Þetta er gert innanhúss hjá RSK og er að mínu áliti vel heppnað – og auðvitað orðið miklu stærra og flottara en í gamla daga þegar lagt var af stað.

### **Hvernig á að fá fólk til að lesa auglýsingar um skattamál og hvaða miðla telur þú skila mestum árangri að nota?**

Í mínum huga er þetta fremur einfalt. Ljósvakamiðlar eru bestir fyrir áminningar, prentmiðlar fyrir upplýsingar. Vætanlega eru ekki margir sem lesa auglýsingar um skattamál af mikilli áfergju. Hins vegar eiga upplýsingar um þau oft brýnt erindi og mér sýnist að í gegnum tíðina hafi fólk verið býsna vel með á nótonum þegar RSK hefur haft áriðandi skilaboð fram að færa. Mér hafa líka fundist auglýsingar RSK í gegnum tíðina vel gerðar, með skýrum skilaboðum og aðgengilegar í allri framsetningu. Og í auglýsingunum er einnig um innan-

hússvinnu að ræða og hvorki ég né aðrir utanaðkomandi fengnir til aðstoðar.

### **Þú hefur engu að síður komið að ýmsum verkefnum fyrir RSK á undanförunum árum. Í hverju hefur sú vinna verið fólgin?**

Hún er í sjálfu sér ekki mikil – og kannski er það einkum vegna þess að ég færði mig úr auglýsingafaginu yfir í almannatengsl og ekki síst ráðgjöf um margs konar átaksverkefni og krísustjórnun. Viðfangsefni RSK á kynningarsviðinu hafa verið blessunarlega laus við einhver sérstök upphlaup eða vandamál, en það kemur fyrir að við Skúli Eggert setjumst og veltum vöngum yfir einhverjum tilteknum atriðum, bæði stórum og smáum. Ég kalla þetta stundum „kaffisoparáðgjöf“ en fyrir vikið fylgist ég alltaf með RSK, skoða auglýsingarnar, vefsetrið og fletti meira að segja Tíund án þess þó að kafa djúpt ofan í fræðilegustu greinarnar! Verkefni mitt er því oftast bundið við það tvennt að vera samræðuhæfur um kynningarmál RSK annars vegar og koma svo inn með „glögga gestsaugað“ þegar um það er beðið.

”

Tíund er um margt sérstök útgáfa. Í fyrsta lagi vegna þess hve langlíf hún er orðin og í öðru lagi er auðvitað sérstakt að stofnun af þessu tagi haldi úti svona viðamikilli umræðu á faglegum nótum um skattamál







Góður rómur var gerður að erindi Gunnars Steins á fundinum.

”

Ég tel niðurstöðurnar sýna að RSK hafi tekist afar vel upp í því erfiða hlutverki að fá skattgreiðendur til samstarfs um skil á framtölum og ársreikningum

**Á starfsmannafundinum kynntir þú niðurstöður frá Capacent um traust til ríkisskattstjóra. Hvernig túlkar þú þessar niðurstöður?**

Ég lít á þær sem mikla viðurkenningu á starfi RSK. Við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu og hafa gert síðustu árin er ekki auðvelt fyrir opinbera stofnun í fjármálageira að njóta trausts. Ég tel niðurstöðurnar sýna að RSK hafi tekist afar vel upp í því erfiða hlutverki að fá skattgreiðendur til samstarfs um skil á framtölum og ársreikningum, fylgja síðan þessu flókna regluverki að baki álagningar skatta sem flestum finnst þar að auki háir og oft ósanngjarnir, og sinna síðan eftirlitsskyldunni og leiðrétta eftir því sem við á. Í samfélagi sem barist hefur í bökkum á undanförunum árum er ekki einfalt fyrir stofnun af þessu tagi að lenda á milli tannanna á fólki og verða jafnvel blóraböggull fyrir stjórnvöld. Sú er hins vegar alls ekki raunin. RSK skorar mjög hátt í almennu trausti, fólk er jákvætt gagnvart stofnuninni, það telur hana veita góða þjónustu og vill auka eftirlitsþáttinn til muna. Þetta er í senn viðurkenning á vandaðri vinnu og áskorun um aukið aðhald og um leið aukinn jöfnuð í skattbyrði landsmanna.

**Meiri hluti almennings skv. könnun Capacent vill grípa til aðgerða til að efla skilvirkni skatteftirlits, þ.m.t. að RSK reyni að sporna við undanskotum með auglýsingum og hvatningu um betri skattskil. Sæir þú fyrir þér auglýsingaherferð til að leitast við að bæta skattskil?**

Já, það er mjög auðvelt að sjá fyrir sér jákvæðar og hvetjandi auglýsingar til að bæta skattskil, rétt eins og t.d. áróður fyrir bættri umferðarmenningu. Hvort tveggja skapar vafalítið verðmæti langt umfram það sem til er kostað. Okkur tókst að útrýma bæði áfengi og tóbaki úr fermingarveislum, okkur er að takast að fá fólk til að flokka sorp og okkur ætti líka að geta orðið talsvert ágengt við að stemma stigu við undanskotum frá skatti og því sem margir hafa nánast kallað þjóðaríþrótt – að láta aðra borga skattana fyrir sig. Öllum er ljóst hversu miklir fjármunir tapast vegna undanskota. Öllum er líka ljóst að því færri sem standa skil á sínu, því meira leggst einmitt á herðar þeirra sem standa skil á sínu. Þess vegna er öflugt kynningarstarf RSK líklegt til þess að skila miklum verðmætum í hús og auka um leið réttlætið sem í því er fólgið að allir, en ekki bara sumir, standi skil á sínu.



Í undirbúningi að upptöku nýs merkis fyrir RSK samnaðist hve leitin að hinu einfalda er oft erfið. Merkið hefur nú verið notað lítið breytt í rökkan aldarfjórðung.

# RSK

## RÍKISSKATTSTJÓRI

### Hefur þú engar efasemdir um ágæti þess að hrinda af stað auglýsingaherferð við þær þjóðfélagsaðstæður sem nú eru?

Nei, þvert á móti. Við stöndum frammi fyrir atgervisflotta úr landi. Við stöndum frammi fyrir erfiðri afkomu bæði einstaklinga og atvinnulífs í efnahagsástandi sem öllum er ljóst að verður erfitt á næstu árum. Einmitt þess vegna er svo mikilvægt að hafa það í huga að margar hendur vinna létt verk.

Aldrei hefur verið mikilvægara að þjóðin leggist öll á áramar og þess vegna er þetta rétti tíminn til að uppræta þá meinsemd sem í undanskotum er fólgin.

### Hvernig sérð þú fyrir þér næstu ár hjá RSK?

Í fyrsta lagi held ég að RSK muni skipta meira máli en nokkru sinni fyrir í eftirlitshlutverki sínu. Í öðru lagi veit ég að þjónustuviðhorf RSK eru orðin svo sam-

ofin daglegri starfsemi að þar verður engin breyting á í framtíðinni. Enda þótt þessi tvö hlutverk séu í eðli sínu afar ólík má lesa það út úr viðhorfsmælingu Capacent að RSK hefur tekist vel að feta hinn gullna meðalveg og rækja skyldur sínar af kostgæfni á báðum vígstöðvum. Traustið til stofnunarinnar er sterkur bakhjarl fyrir áframhaldandi starfsemi og ekki síst ef áskoruninni um aukið eftirlit verður tekið á næstu árum.

# FYRIRTÆKI ÞITT STENDUR BETUR Í STAÐGREIÐSLU

- ef undirbúningurinn er góður



**STAÐGREIÐSLA** opinberra gjalda kemur til framkvæmda 1. janúar 1986. Frá þeim tíma er launagreiðendum skyld að reikna út og halda eftir staðgreiðslu af launum starfsmanna síns svo og eigin launum og skila mánaðargjöldi til innheimtumanns ríkissjóðs ásamt skilgrein.

Vegna þessa lykkihutverks launagreiðendur er mikilvægt að þeir þekki skyldur sínar í staðgreiðslu til hliðar. Launagreiðendur munu fá sendan sérstakan bækling með ítarlegum upplýsingum um hlutverk þeirra. Er þess vænt að þeir kynni sér efni hans vel. Góð þekking í upphafi kemur fyrirtæki til góða við framkvæmd staðgreiðslu.

#### HVERJIR ERU LAUNAGREIÐENDUR?

Launagreiðandi telst sá vera sem greiðir einhverjum laun. Þeir sem eru með sjálfstæðan rekstur teljast launagreiðendur, hvort sem þeir greiða öðrum laun eða ekki, og þeim ber að reikna sér endurgjald af starfsmanni.

Allir launagreiðendur eru á launagreiðendaskrá og nýjum launagreiðendum ber að tilkynna sig þar. Þar með er tryggð að þeir fái sendar upplýsingar sem við koma skyldum þeirra og auðveldar þeim hlutverk sitt í staðgreiðslu.



#### ÖLL LAUN ERU STAÐGREIÐSLUSKYLD

Staðgreiðsla er reiknuð af öllum launum og launatengdum greiðslum, svo og hvers kyns fjárfundum og hlutundum.

Greiður til verkefna eru ekki staðgreiðsluskyldar.

Á viðþingum, dagþingum og ferðapeningum er ekki dregin staðgreiðsla ef greiðslur eru sundurgreindar með lænsu akútsjúkshúsi, akútsjúkubúnaði og annara líkshúsa gjögna, nema um sé að ræða læstar fjárhæðir á hverju launafimabili.

Athugið: Staðgreiðsla er dregin af heldarlaunum að meðhöldu orlofsfé og í hvert sinn sem laun eru greidd.

#### SJÁLFSÆÐUR ATVINNUREKSTUR

Manni sem vinnur við eigin atvinnurekstur ber að reikna sér endurgjald vegna starfsmanna- og draga staðgreiðslu af því og skila mánaðargjöldi. Sömuleiðis er maki og bóm inn 16 ára aldurinn vinnu við starfsmanna.

Ríkisskattstjóri ákveður lígmaki rekinn endurgjalds fyrir upphaf staðgreiðslu.



#### PERSÓNAAFSLÁTTUR

Sérhver launamaður fær árléngan persónuafslátt, sem kemur til frádáttar við útreikning staðgreiðslu hans.

Persónuafslátturinn er skipt jafnt á alla mánuði ársins og á skattkortinu er þessi mánaðleg persónuafsláttur tiltekinn.

Ef launamaður afhendir launagreiðanda skattkort maka síns ber launagreiðandi að taka tillit til 80% þess persónuafsláttar sem fram kemur á kortinu og draga frá staðgreiðslu.

Athugið: Persónuafsláttur má launagreiðandi ábeins draga frá staðgreiðslu hafi hann skattkort launmanns í vörslu síni.

Ef laun eru greidd oftar en einu sinni í mánuði þarf að taka tillit til einhvers hluta persónuafsláttar í hvert sinn sem greitt er, þó fari heldarskattstjóri mánaðarinnis skila fram úr mánaðlegri heimild.

#### SJÓMANNAAFSLÁTTUR

Sjómannaafsláttur kemur til frádáttar staðgreiðslu á sama hátt og persónuafsláttur. Upphafið kemur ekki fram á skattkort. Það er því í ábyrgð launagreiðanda að sjómannaafsláttur komi réttlæga til frádáttar.



#### ÚTREIKNINGUR STAÐGREIÐSLU

Staðgreiðsla er reiknuð af heldarlaunum jafnvæðum og þau eru greidd. Launagreiðandi reiknar staðgreiðslu út samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma á skattkort launmanns um skattthótt og persónuafslátt. Hafi launamaður ekki afhent skattkort sitt skal draga skattthótt af launum hans en ekki tekið tillit til persónuafsláttar. Skattthótt er fastur hundabúi og brytist ekki hver svo sem launafjárhæðin verður.

#### SKIL Á STAÐGREIÐSLU

Launagreiðendur ber að gera skil á staðgreiðslu mánaðargjöldi fyrir næsta mánuði á undan. Þó svo að engin laun hafi verið greidd á tímabilinu ber að senda inn skilgrein. Mánaðargjöldi verða launagreiðendum sendar ántæðar skilgreinar. Gjalddag er 1. dagur hvers mánaðar og eindag 14. dagur síðar.

Athugið: Launamaður getur ekki sjiptur skilað staðgreiðslu vegna launa frá launagreiðanda.

#### VANSKIL

Strangt eftirlit verður haft með þökum. Skil launagreiðandi ekki á eindaga verða honum reiknuð vörðug.



#### LAUNABÓKHÁLD STAÐGREIÐSLU

Öllum launagreiðendum er skyld að halda sérstakt launabókhald, þar sem fram koma launagreiðslur, starfsgengur greiðslur og hlutundir. Eining skal koma fram á öðrum staðgreiðslu, svo og skattthótt staðgreiðslu og persónuafsláttur hvers launmanns.

#### LAUNASEDLAR

Á launaseðlum skal auk annars sýna þá fjárhæð sem hald er eftir af launum launmanns. Einnig fjárhæð áfregningar staðgreiðslu launmanns fyrir næst 100 ár.

Athugið að á launaseðlum skal fsta og með 1. janúar nk. tilgreina kenntilöu launmanns en ekki nafnnumur.



Kynntu þér skyldur þínar í staðgreiðslu – það margborgar sig

Við upptöku á staðgreiðslu opinberra gjalda árið 1987 lögðu Gunnar Steinn og samstarfsmenn hans línurnar að kynningarefni sem vann til verðlauna.



## Starfsmenn RSK ánægðir með sameininguna

Sameining stofnana kemur alltaf reglulega til skoðunar. Um margra áratuga skeið höfðu af og til verið ræddar hugmyndir um fækkun skattstofa en ekkert orðið úr framkvæmdum. Seint á árinu 2009 var ákveðið að leggja niður sjálfstæð embætti skattstjóra og fella störf þeirra undir ríkisskattstjóra. Gengu þau áform eftir og með lögum frá 18. desember 2009 var samþykkt að sameina skattstofur ríkisskattstjóraembættinu frá og með 1. janúar 2010.

Sameiningin var mikil áskorun fyrir alla starfsmenn sem þá störfuðu hjá hlutaðeigandi stofnunum. Í hönd fór ferli þar sem endurskipulögð voru verkefni og starfs hættir með nýjum áherslum og markmiðum. Fljótlega varð ljóst að sameiningarferlið sjálft myndi taka nokkur ár og í árslok 2012, þegar þrjú ár voru liðin frá því hin formlega sameining gekk í gildi, höfðu starfsmenn endurskilgreint markmið og leiðir að þeim, áherslur í störfum, gildi stofnunarinnar sem og með hvaða hætti


væri best að efla þjónustu. Starfsmenn gengust undir aukna sérhæfingu þar sem eftirlitseiningar voru felldar saman í eina, virðisaukaskattur á höfuðborgarsvæðinu sameinaður á starfsstöðinni í Hafnarfirði, símsvörun færð til Norðurlands, handreikningi stjórnað frá Egilsstöðum, einstaklingsframtöl afgreidd samræmt, atvinnurekstrarframtöl afgreidd af tilteknum starfsmönnum, sömuleiðis allar ívilnanir og þannig mætti lengi telja í hagræðingu og endurskipulagningu starfshátta.

Allar þessar breytingar tóku á og flestir starfsmenn þurftu að aðlagast nýjum verkferlum, öðru húsnæði og oft og tíðum nýjum verkefnum. Árangurinn hefur á hinn bóginn verið skýr; unnt er að veita mun meiri þjónustu og stytta afgreiðslutíma á kærnum og erindum, en um leið hefur eftirlit orðið markvissara og skilað meiru í ríkissjóð. Samtímis hafa fjárveitingar til stofnunarinnar verið lækkaðar um 391,8 milljónir.




*Íris Erlingsdóttir hópstjóri á atvinnurekstrarsviði og formaður starfsmannafélags RSK kynnir niðurstöður könnunar um viðhorf til framkvæmdar á sameiningu skattstjóraembætta og ríkisskattstjóra.*

Ert þú sátt(ur) við sameininguna eins og hún hefur verið framkvæmd eftir að lög um hana tóku gildi?



Ert þú sátt(ur) við sameininguna eins og hún hefur verið framkvæmd eftir að lög um hana tóku gildi? (einungis þeir sem tóku afstöðu)



Að þessum verkefnum loknum var tímabært að spyrja starfsmenn hvernig þeim hafi líkað og hvort að þeir hafi verið sáttir við sameininguna eftir að lög um hana voru samþykkt. Á starfsmannafundi í desember 2012, sem allir starfsmenn sóttu nema örfáir sem boðuðu lögmæt forföll, voru starfsmenn spurðir eftirfarandi spurningar: „Ert þú sátt/sáttur við sameininguna eins og hún hefur verið framkvæmd eftir að lög um hana tóku gildi“ Svarmöguleikar voru „Já“ og „Nei“ og ef

svarað var neitandi var spurt „Ef nei, þá hvað hefðir þú viljað sjá öðruvísi gert?“ Hverjum starfsmanni var afhent matsblað um fundinn og kom þessi spurning þar fram. Könnunin var nafnlaus og starfsmenn skiluðu svarblöðum í þar til gerðan atkvæðakassa.

Niðurstaða könnunarinnar var ótvíræð en 93% voru ánægð með sameininguna eins og hún hafði verið framkvæmd, og ef aðeins eru taldir þeir starfsmenn sem tóku afstöðu voru 98% starfsmanna ánægðir.



# Helstu skattalagabreytingar eftir hrun

Aldrei jafn miklar breytingar á jafn stuttum tíma

## Ragnheiður Björnsdóttir

er lögfræðingur. Hún hefur verið verkefnastjóri hjá ríkisskattstjóra síðan 2006 og haft umsjón með lögfræðilegum álitserðum og er nú sérfræðingur á fagsviði.



Óumdeilt er að miklar breytingar hafa verið gerðar á skattalögum á tímabilinu frá hruni til dagsins í dag. Með samantekt þessari er örlitlu ljósi varpað á helstu lagabreytingarnar, en upptalningin er langt frá því að vera tæmandi. Sumar breytingarnar eru veigameiri en aðrar eins og gengur, og í einhverjum tilvikum er ekki um efnisbreytingar að ræða heldur til dæmis breytingar á skatthlutföllum.

Þá hafa einhver lagaákvæði sem ætlað var að gilda tímabundið vegna sérstakra aðstæðna í kjölfar hrunsins verið framlengd oftast en einu sinni, t.d. ákvæði um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda. Breytingar á beinum sköttum, þá sérstaklega lögum um tekjuskatt, hafa verið umfangsmestar. Einhverjar breytingar hafa verið gerðar á óbeinum sköttum, s.s. virðisaukaskatti og vörugjöldum.

Umfjöllun hér um breytingar á óbeinum sköttum einskorðast við virðisaukaskatt.

## ■ Afleiðusamningar

- **Lög nr. 128/2009, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (4. gr. og c-liður 7. gr.)**

Ávinningur af afleiðusamningum þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf skattlagður eins og aðrir afleiðusamningar. Meðferð þeirra því ekki lengur með sama hætti og um hlutabréf sé að ræða. Sú meðferð umræddra afleiðusamninga var upphaflega tekin upp í lög um tekjuskatt með lögum nr. 38/2008 og var hún því skammlíf.

## ■ Arðs/launa reglan

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (3. gr.)**

Þeim aðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald ber að telja til tekna sem laun 50% af heimilum úthlutuðum arði, að því marki sem heimil arðsúthlutun er samtals umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé í árslok viðmiðunarárs.

- **Lög nr. 165/2010, um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (21. og 25. gr.)**

Afdráttur staðgreiðslu skal fara fram við greiðslu arðs eða eigi síðar en í lok þess árs þegar ákvörðun um úthlutun er tekin.

Afdráttur staðgreiðslu vegna þess hluta arðs sem telst til launa skal fara fram á því greiðslutímabili þegar uppgjör á sér stað, eða eigi síðar en í lok þess árs sem ákvörðun um úthlutun var tekin.

- **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (1. gr. og b-liður 4. gr.)**

Sá hluti arðs sem telst til launa er skattlagður í 2. skattþrepi og er ekki meðtalinn þegar reiknuð er milli-færsla milli skattþrepa. Umræddar launatekjur mynda hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrissíðgjalds né teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá greiðanda.

## ■ Arður – frádráttarheimild lögaðila

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (b-liður 7. gr.)**

Frádráttarheimildin bundin þeim skilyrðum að móttakandi arðs eigi, í lok þess árs sem arður er greiddur

vegna, a.m.k. 10% í þeim lögaðila sem greiðir arðinn. Einnig að rekstrar-  
tap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á árinu.

- **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (a-liður 2. gr.)**

Framangreind skilyrði felld út.

## ■ Auðlegðarskattur

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (d-liður 24. gr.)**

Auðlegðarskattur, nýr skattur sem lagður er á við álagningu 2010, 2011, 2012 og 2013.

- **Lög nr. 164/2010 um ráðstafanir í ríkisfjármálum (b (II.) liður 6. gr.)**

Viðmiðunarmörk færð niður og skatthlutfall hækkað. Varðar auðlegðarskattur sem lagður er á eignir í lok árána 2010 og 2011 við álagningu 2011 og 2012, og endurútreikning 2012 og 2013.

- **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (7. gr.)**

Eftirfarandi breyting kom aldrei til framkvæmda, sbr. lög nr. 164/2011; Skatturinn ekki lengur lagður á í tvennu lagi, þ.e. á nettóeignir aðrar en eigið fé/hlutafé á 1. ári og síðan eigið fé/hlutafé á 2. ári, heldur í einu lagi. Endurreikningur auðlegðarskattstofns og álagning auðlegðarskatts á árinu 2013 fellur niður.

- **Lög nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (11. gr.)**

Breyting sem kom inn með lögum nr. 164/2010 tekur eingöngu til eigna í lok árs 2011 við álagningu 2012. Breyting samkvæmt lögum nr. 73/2011 felld brott.

- **Lög nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (5. gr. og a (I.) liður 14. gr.)**

Skatturinn lagður á við álagningu 2012, 2013 og 2014. Endurreikningur við álagningu 2012, 2013 og 2014 vegna árslokastöðu 2010, 2011 og 2012. Frá og með álagningu 2013 er heimilt að jafna ónýttum persónu-  
afslætti á móti auðlegðarskatti. Skattþrep eru tvö.

## ■ Bankaskattur

- **Lög nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki**

Nýr skattur á fjármálafyrirtæki.

- **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (11. gr.)**

Við álagningu opinberra gjalda árið 2012 skal greiða til viðbótar 0,0875% af skattstofni eins og hann er ákvarðaður í lögum. Gjaldlagi viðbótarskattsins er 1. nóvember 2012. Fyrirframgreiðsla skal greiða þann 1. nóvember 2011 og miðast sú greiðsla við skattstofn eins og hann var í árslok 2010.

- **Lög nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (23. gr.)**

Greiða skal viðbótarskatt í fyrirframgreiðslu 2012 með sama hætti og 2011.

## ■ Barnabætur

- **Lög nr. 61/2008, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar (6. gr.)**

Breytingar á fjárhæðum og hlutfallstölum.

- **Lög nr. 164/2008, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (5. gr.)**

Barnabætur ákveðnar á grundvelli skattframtals en ekki áætlunar. Í at-  
hugasemdum með frumvarpinu er varð að framangreindum lögum kemur fram að í framkvæmd hafi barnabætur almennt ekki verið ákveðnar á grundvelli áætlunar en rétt þætti að taka af öll tvímæli um það.

- **Lög nr. 173/2008, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (10. og 12. gr.)**

Viðmiðunarfjárhæðir hækkaðar. Á árinu 2009 verður barnabótum ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum og vangreiddum meðlögum.

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (a og b-lið 15. gr. og 24. gr.)**

Þeir sem halda heimili ásamt barni sínu teljast framfærendur þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Barnabætur ákvarðaðar eins og um hjón sé að ræða. Fjármagnstekjur koma einnig til skerðingar á bótum. Barnabótum verður ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum á árinu 2010.

- **Lög nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (2. gr. og a (I.) liður 6. gr.)**

Barnabætur sem eingöngu eru greiddar með börnum yngri en sjö ára tekjutengdar. Skerðingarhlutföllum breytt. Barnabótum verður ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum eða vangreiddum meðlögum á árinu 2011.

- **Lög nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (10. gr.)**

Framlenging á ákvæði um skulda-  
jöfnun til ársins 2012.

- **Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (6. og 11. gr.)**

Tekjutengdar barnabætur hækkaðar. Tekjuskattstofn sem ekki hefur áhrif til skerðingar barnabóta hækkaður. Viðbótargreiðsla vegna barna yngri en sjö ára á tekjuárinu hækkuð. Framlenging á ákvæði um skulda-  
jöfnun til ársins 2013.

## ■ Eftirgjöf skulda

- **Lög nr. 46/2009, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (1. gr.)**

Til tekna teljast ekki eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í nauðasamningum til greiðsluáðlögunar, eða sem á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum tilteknum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

- **Lög nr. 101/2010, um greiðsluáðlögun (3. tölul. 36. gr.)**

Ekki telst til tekna eignaauki sem stafar af eftirgefnum skuldum sem mælt er fyrir um í samningi til greiðsluáðlögunar, eða sem á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum í reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

- **Lög nr. 104/2010, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt**

Undanþágur frá skattskyldu vegna eftirgjafa skulda auknar tímabundið hjá einstaklingum utan rekstrar, auk þess sem rekstraraðilum er tímabundið veitt heimild til að telja ákveðið hlutfall eftirgefna skulda til tekna.

- **Lög nr. 165/2010, um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (18. gr.)**

Viðbót við bráðabirgðaákvæði um hvernig með skuli fara þegar kröfu



er breytt í hlutafé í hinu skuldsetta félagi í stað eftirgjafar.

- **Lög nr. 165/2010, um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (b (II) liður 19. gr.)**

Heimild fyrirtækja til að færa á milli tekjuára hluta eftirgjafa skulda rýmkuð. Eftirgjöf vegna greiðsluferðleika 2010 og 2011 er heimilt að færa á milli 2010 til og með 2014 þann hluta sem er umfram yfirfæranlegt tap auk rekstrartaps ársins, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

- **Lög nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (12. gr.)**

Heimild sem kom inn í lögina með lögum nr. 165/2010 framlengd um eitt ár.

- **Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (8. gr., 9. gr. og 12. gr.)**

Bráðabirgðaákvæði til hagsbóta fyrir menn utan rekstrar sem og rekstraráðila framlengd til 2013.

## ■ Erfðafjárskattur

- **Lög nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (10. gr.)**

Erfðafjárskattur hækkaður úr 5% í 10%. Skattfrjáls skattstofn dánarbús hækkaður úr 1.000.000 kr. í 1.500.000 kr.

## ■ ESB-verktakar

- **Lög nr. 53/2012, um frávik frá lögum um skatta og gjöld vegna styrkja úr sjóði er fjármagna aðstoð við umsóknarríki Evrópusambandsins (5. gr.)**

Undanþága ESB verktaka frá greiðslu tekjuskatts og útsvars að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

## ■ Fjármagnstekjuskattur

- **Lög nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (Ákvæði til brb. I)**

Nýtt bráðabirgðaákvæði sem kveður á um hækkun fjármagnstekjuskatts í 15% fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2009 á tekjur umfram 250.000 kr. Skattur lagður á 70% leigutekna.

- **Lög nr. 128/2009 (b og c-liður 13. gr.)**

Fjármagnstekjuskattur hækkaður í 18% frá 1. janúar 2010. Skattur ekki reiknaður af heildarvaxtatekjum að

fjárhæð 100.000 kr. á ári hjá manni og 30% af tekjum manns af útleigu íbúðarhúsnæðis.

- **Lög nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (1. gr.)**

Fjármagnstekjuskattur hækkaður í 20% frá 1. janúar 2011.

## ■ Fjársluskattur

- **Lög nr. 165/2011, um fjársluskatt**

Nýr skattur sem lagður er á fjármálafyrirtæki, þá sem stunda váttryggingastarfsemi og aðra aðila sem í atvinnuskyni eða sjálfstæðri starfsemi sinni inna af hendi vinnu eða þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti skv. 9. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Samhliða var lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, breytt, sbr. 1. tölul. 18. gr. breytingalaganna.

- **Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (14. gr.)**

Skatturinn hækkaður.

## ■ Gengishagnaður

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (2. gr.)**

Breytt framkvæmd; færa skal til tekna gengishagnað af hvers konar innlánsreikningi í erlendri mynt á því ári sem gengisbreyting á sér stað miðað við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok eða á úttektardegi. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

- **Lög nr. 165/2010, um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (1. og 24. gr.)**

Breytt framkvæmd; telja skal til tekna innleystan gengishagnað af hvers konar innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt í eigu einstaklinga utan atvinnurekstrar á því ári sem innlausn á sér stað, og er miðað við kaupgengi frá 1. janúar 2010 eða síðar og á úttektar- eða greiðsludegi. Heimilt að jafna saman hagnaði og tapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

## ■ Gengistryggð húsnæðis- og bílalan

- **Lög nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (c (III.) liður 6. gr.)**

Skattaleg meðferð leiðréttingar á gengistryggðum húsnæðis- og bílalanum einstaklinga utan atvinnurekstrar.

Sjá einnig umfjöllun í kaflanum um ýmsar breytingar í virðisaukaskatti aftast í þessari samantekt þar sem fjallað er um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Breytingarlög nr. 183/2011.

## ■ Gistináttaskattur

- **Lög nr. 87/2011, um gistináttaskatt**

Nýr skattur sem greiða skal af hverri seldri gistináttaeiningu.

- **Lög nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (34.-36. gr.)**

Breyting á því hverjir teljist til skattskyldra aðila og á uppgjörstímabilum.

## ■ Gistipjónusta

- **Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (d-liður 2. gr.)**

Virðisaukaskattur af útleigu hótél- og gistiherbergja og annarri gistipjónustu 14% frá 1. september 2013.

## ■ Ívilnanir vegna nýfjárfestinga

- **Lög nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi (9. gr.)**

Ívilnanir vegna fjárfestingaverkefnis til þess félags sem stofnað er um nýfjárfestingu, og reisir og rekur fjárfestingaverkefnið.

- **Lög nr. 25/2013, um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi**

Breyting á undanþágu frá stimpilgjöldum og tekjuskattshlutfalli.

## ■ Kolvetnisvinnsla

- **Lög nr. 110/2011, um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu**

Ýmsar breytingar á tekjuskattslögum, m.a. er lúta að takmarkaðri skattlagningu, afmörkun á landfræðilegu gildissviði tekjuskattslaga og meðferð á rekstrarkostnaði. Lögum um virðisaukaskatt breytt til að undanþiggja

ákveðna starfsemi í kolvetnisvinnslu frá því að teljast til skattskyldrar veltu. Sjá einnig umfjöllun um umhverfis- og auðlindaskatta.

## ■ Kyrrsetning eigna

- **Lög nr. 24/2011, um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt**

Heimild veitt til kyrrsetningar eigna til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu ýmissa opinberra gjalda að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

## ■ Leiga á móti leigu – takmörkuð skattskylda

- **Lög nr. 145/2012, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (2. gr.)**

Menn sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu geta fært leigugjöld á móti leigutekjum þegar leigutekjur stafa af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið til útleigu. Kemur fyrst til framkvæmdar í álagningu 2014.

## ■ Lífeyrisréttindi – hvenær framlag launagreiðanda telst til skattskyldra tekna

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (5. gr.)**

Framlag launagreiðanda telst til skattskyldra tekna launþega ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk 2.000.000 kr. á ári.

## ■ Lækkun tekjuskatts – útsendir starfsmenn

- **Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (13. gr.)**

Við álagningu opinberra gjalda 2014, 2015 og 2016 er heimilt að lækka tekjuskatt, eftir sérstökum reglum, hjá þeim sem hafa verið sendir til starfa erlendis, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

## ■ Lækkun vegna endurbóta og viðhalds

- **Lög nr. 92/2010, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt**

Heimild til að færa til frádráttar tekjuskattsstofni 50% af þeirri fjárhæð sem greidd er vegna vinnu án virðisaukaskatts sem unnin er á árunum 2010 og 2011 að tilteknu hámarki og þar tilgreindum skilyrðum uppfylltum.

- **Lög nr. 165/2010, um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (17. gr.)**

Í lögum nr. 92/2010 var skilyrði um að vinnuþátturinn væri samtals að lágmarki 50.000 kr. Það lágmark er fellt út frá og með 1. janúar 2011.

## ■ Nýsköpunarfyrirtæki

- **Lög nr. 137/2009, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt**

Nýsköpunarfyrirtækjum veittur stuðningur í formi frádráttar frá tekjuskatti og skattaðilum heimilaður frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum sem viðurkennd hafa verið af Rannís.

- **Lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki**

Ný lög sem hafa það að markmiði að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnis skilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2010 og komu til framkvæmda við álagningu 2011.

- **Lög nr. 165/2010, um breyting á ýmsum lagaákvæðum (3. gr., 4. gr. og 42.-55. gr.)**

Ýmsar breytingar gerðar á reglum vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA við efni laganna sem dregur úr réttindum samkvæmt upprunalegum lögum, m.a. var felldur niður frádráttur vegna kaupa á hlutabréfum.

- **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (9.-10. gr.)**

Breytingar gerðar á ákvæði er fjallar um takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga. Lög nr. 152/2009 falla úr gildi 31. desember

2014, en stuðningur sem samþykktur hefur verið fyrir það tímamark heldur gildi sínu.

## ■ Persónuafsláttur

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (14. gr.)**

Persónuafsláttur hækkaður og lækkun hans í samræmi við vísitölu neysluverðs afdnumin. Breyting á því hlutfalli sem heimilt er að nýta af ónýttum persónuafslætti upp í álagðan skatt á fjármagnstekjur.

- **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (5. gr.)**

Persónuafsláttur tekur breytingu í upphafi hvers árs í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils.

## ■ Reiknað endurgjald/ ráðandi aðili

- **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (3. gr.)**

Breyting á reglum um það hvenær eigandi félags sem starfar á vegum þess félags á að reikna sér endurgjald vegna þeirra starfa.

## ■ Sameining

- **Lög nr. 136/2009, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum**

Embætti skattstjóra og ríkisskattstjóra sameinuð í eitt embætti, þ.e. embætti ríkisskattstjóra.

## ■ Samgöngugreiðslur

- **Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (5. gr.)**

Greiðslur vinnuveitanda vegna kostnaðar starfsmanna af ferðum til og frá vinnu samkvæmt samningi aðila teljast ekki til tekna ef nýttar eru almenningssamgöngur eða vistvænar samgöngur, enda sé fjárhæðin ekki umfram viðmiðunarmörk samkvæmt mati ríkisskattstjóra. Ferðir með vélknúnum ökutækjum teljast ekki vistvænar í þessu sambandi.



## ■ Sérstök vaxtaniðurgreiðsla

- **Lög nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (e (V.) 6. gr.)**

Sérstök vaxtaniðurgreiðsla ákvörðuð við álagningu opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 vegna lána sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

## ■ Sjómannaafsláttur

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (a-liður 24. gr.)**

Sjómannaafsláttur aflagður í áföngum.

## ■ Sjúkdómatryggingar

- **Lög nr. 37/2011, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt**

Skattfrelsi sjúkdómatrygginga var lögfest. Var það gert í tilefni af dómi héraðsdóms Reykjavíkur þar sem úrskurður yfirsattanefndar um skattskyldu sjúkdómatrygginga var staðfestur. Með lögnum var ríkisskattstjóra ennfremur veitt heimild til endurupptöku skv. 3. mgr. 101. gr. tekjuskattslaga, vegna útgreiðslu sjúkdómatrygginga sem keyptar voru við gildistöku laganna.

- **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (6. gr.)**

Ákvæði 3. mgr. 101. gr. tekjuskattslaga breytt á þann veg að sérstaklega er kveðið á um heimild ríkisskattstjóra til að leiðrétta álagningu þegar beinlínis er kveðið svo á um í lögum að fallið sé frá fyrri skattfrákvæmd.

## ■ Skattasniðganga

- **Lög nr. 46/2009, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (2. gr.)**

Ný regla sett til að sporna gegn skattasniðgöngu í gegnum lágskattasvæði, svokölluð CFC regla.

- **Lög nr. 45/2013, um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (1. gr.)**

Sérstaklega tilgreint að tap lögaðila á lágskattasvæði megi eingöngu færa á móti hagnaði lögaðilans. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu felur breytingin ekki í sér efnisbreytingu.

Setja ber reglugerð um nánari framkvæmd lagagreinarinnar.

## ■ Söluhagnaður hlutabréfa – frádráttarheimild lögaðila

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (d-liður 7. gr.)**

Heimild til að færa söluhagnað hlutabréfa til frádráttar rekstrartekjum bundinn því skilyrði að seljandi hlutabréfanna hafi átt a.m.k. 10% hlut í viðkomandi lögaðila á söluþegi.

- **Lög nr. 73/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (b-liður 2. gr.)**

Framangreint skilyrði fellt út, sem og það skilyrði að jafna beri yfirfæranlegt rekstrartap.

## ■ Söluhagnaður – fasteignir

- **Lög nr. 164/2008, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (1. og 2. gr.)**

Með skýrum hætti kveðið á um að heimildin til að telja helming söluverðs til tekna, af fasteignum sem ekki er heimilt að fyrna, taki eingöngu til fasteigna manna en ekki eigna sem tilheyrta atvinnurekstri. Heimilt hefur verið að fresta söluhagnaði íbúðarhúsnæðis um tvenn áramót og færa hagnaðinn til lækkunar á stofnverði íbúðarhúsnæðis sem keypt er eða hafin bygging á innan þess tíma. Heimildin til lækkunar á stofnverði hefur verið bundin við endurfjárfestingu á íbúðarhúsnæði á Íslandi. Eftir breytinguna nær heimildin einnig til íbúðarhúsnæðis í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Heimildin nær einnig til hagnaðar af sölu búseturéttar.

- **Lög nr. 165/2010, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (3. gr.)**

Sala dánarbús á íbúðarhúsnæði skattfrjáls að sömu skilyrðum uppfylltum og ef erfingjar hefðu selt íbúðarhúsnæðið eftir skiptalok.

## ■ Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu

- **Lög nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (6. gr.)**

Aðilar með takmarkaða skattskyldu skulu greiða tekjuskatt af vaxtatekjum af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum og fjármálagerningum. Ákveðnar undanþágur eru á skattskyldunni.

- **Lög nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (4. gr.)**

Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu hækkaður.

- **Lög nr. 165/2010, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (11. gr.)**

Heimild til að vera talinn bera hér á landi ótakmarkaða skattskyldu allt árið, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, þrátt fyrir búsetu erlendis eða heimilisfesti hér á landi hluta úr ári.

- **Lög nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (7. gr.)**

Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu vegna vaxtatekna hér á landi af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum um fjármálagerninga er lækkaður í 10% óháð því hvort um er að ræða einstaklinga eða lögaðila. Tekjuskattur er ekki reiknaður af vaxtatekjum einstaklinga að 100.000 kr. á ári.

- **Lög nr. 39/2013, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt**

Að tilteknum skilyrðum uppfylltum eru aðilar með takmarkaða skattskyldu undanþegnin greiðslu tekjuskatts af vaxtatekjum skuldabréfa sem fjármálafyrirtæki og orkufyrirtæki gefa út í eigin nafni.

## ■ Tekjuskattur manna

- **Lög nr. 173/2008, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (8. gr.)**

- **Lög nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (Ákvæði til bráðabirgða I)**

Sérstakur tekjuskattur lagður á við álagningu 2010 á tekjuskattstofn einstaklings umfram 4.200.000 kr. á tímabilinu frá og með 1. júlí til 31. desember 2009.

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (13. gr.)**

Tekjur skattlagðar í mismunandi þrepum hjá einstaklingum.

- **Lög nr. 65/2010, um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (46. gr.)**

Breyting á skilyrðum fyrir samsköttun einstaklinga í óvígðri sambúð.

- **Lög nr. 165/2010, um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (10. og 20. gr.)**

Lækkun á tekjuskattshlutfalli samhliða hækkun á heimiludu hámarkshlutfalli útsvars.

## ■ Tekjuskattur lögaðila

- **Lög nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (Ákvæði til bráða-birgða I)**

Tekjuskattur tiltekinna lögaðila á tímabilinu frá og með 1. júlí til 31. desember 2009 er 15% af arðstekjum og öðrum fjármagnstekjum eftir því sem við á.

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (17. gr.)**

Tekjuskattur lögaðila hækkaður. Tekjuskattur á lögaðila af fengnum arði einnig hækkaður og á það jafnframt við um þá lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu samkvæmt tilteknum ákvæðum 4. gr. laga um tekjuskatt.

- **Lög nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (5. gr.)**

Tekjuskattur lögaðila hækkaður. Tekjuskattur á lögaðila af fengnum arði einnig hækkaður og á það jafnframt við um þá lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu samkvæmt tilteknum ákvæðum 4. gr. laga um tekjuskatt.

## ■ Tryggingagjald

- **Lög nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (1. gr.)**

Atvinnutryggingagjald hækkað.

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (38. gr.)**

Atvinnutryggingagjald hækkað.

- **Lög nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (1. gr.)**

Atvinnutryggingagjald lækkað. Almennt tryggingagjald hækkað.

- **Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (4. gr.)**

Atvinnutryggingagjald lækkað. Almennt tryggingagjald hækkað.

## ■ Umhverfis- og auðlindaskattar

- **Lög nr. 129/2009, um umhverfis og auðlindaskatta**

Tekið upp kolefnisgjald á fljóttandi jarðefnaeldsneyti og skattur lagður á sölu á raforku og heitu vatni.

Sjá einnig umfjöllun um kolvetnisvinnslu.

## ■ Útgreiðsla séreignarsparnaðar

- **Lög nr. 13/2009, um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt**

Tímabundin heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á greiðslu barnabóta, vaxtabóta, húsa-leigubóta eða atvinnuleysisbóta. Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum.

Sjá einnig breytingar skv. 41. gr. laga nr. 130/2009, 16. gr. laga nr. 164/2010, 4. gr. laga nr. 122/2011 og 24. gr. laga nr. 146/2012.

## ■ Útsvar

- **Lög nr. 165/2010, um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (b-liður 32. gr.)**

Útsvar skiptist á milli sveitarfélaga í hlutfalli við búsetutíma. Útsvarshlutfall fyrir hvert búsetutímabil fer eftir því sem viðkomandi sveitarstjórn ákveður.

## ■ Vaxtabætur

- **Lög nr. 61/2008, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar (6. gr.)**

Breytingar á fjárhæðum.

- **Lög nr. 164/2008, um breyting á**

- **lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (5. gr.)**

Bætur reiknaðar þegar skattaðili nýtur búseturéttar.

- **Lög nr. 173/2008, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (10. gr.)**

Viðmiðunarfjárhæðir hækkaðar. Vaxtabótum ekki skuldajafnað á móti gjaldföllum afborgunum og vöxtum af lánnum Íbúðalánasjóðs.

- **Lög nr. 45/2009, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt**

Viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta hækkaðar við álagningu 2009.

- **Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (c-liður 15. gr.)**

Vaxtabætur ákveðnar eins og um hjón sé að ræða hjá fólki sem er sannanlega í sambúð og heldur heimili saman þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt.

- **Lög nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (3. gr. og d (IV.) liður 6. gr.)**

Vaxtagjöld teljast greiddir vextir og greiddar verðbætur á afborganir og vexti í stað gjaldfallinna áður.

Tímabundnar breytingar (álagning 2011 og 2012) á viðmiðunarhlutföllum, viðmiðunarfjárhæðum, skerðingarfjárhæðum eigna og hámarksfjárhæðum vaxtagjalda við útreikning vaxtabóta.

- **Lög nr. 145/2012, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (1. gr.)**

Við útreikning vaxtabóta þegar annað hjóna er með lögheimili erlendis ber að reikna vaxtabætur eftir þeim reglum sem gilda um hjón þar sem tekjur beggja liggja til grundvallar útreikningi bótanna. Kemur fyrst til framkvæmdar við álagningu 2014.

- **Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (11. gr.)**

Tímabundin breyting, sbr. d-lið 6. gr. laga nr. 164/2010 hér að framan, framlengd til álagningar 2013.

- **Lög nr. 39/2013, um breytingu á lögum nr. 90/2003**

Að tilteknum skilyrðum uppfylltum eru sérstakar vaxtabætur greiddar einstaklingum sem hafa tekið fasteignaveðlán til kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, og sem



tryggt er með veði í fasteign í eigu annars einstaklings.

## ■ Veidifélög

### • Lög nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins (6. gr.)

Horfið frá því fyrirkomulagi að tekjur úr veidifélögum séu alltaf skattlagðar sem fjármagnstekjur utan rekstrar, enda er þá ekki unnt að nýta beinan kostnað á móti tekjum eða tapi af rekstri.

## ■ Veidigjöld

### • Lög nr. 74/2012, um veidigjöld

Upptaka veidigjalda, almenns og sérstaks, sem lögð eru á aflamark, aðrar úthlutaðar aflaheimildir eða landaðan afla, fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks.

## ■ Virðisaukaskattur – endurgreiðsla til byggjenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis

### • Lög nr. 10/2009, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (2. gr.)

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 er endurgreiðsla til byggjenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hækkuð í 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess, sem og þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila, arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu, endurbótum eða viðhaldi þess háttar húsnæðis.

### • Lög nr. 19/2009, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (1. gr.)

Í stað orðanna „af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga“ kom „af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.“

### • Lög nr. 64/2009, um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (1. gr.)

Orðin „hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum“ felld brott.

### • Lög nr. 163/2010, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (15. gr.)

Framlenging á ákvæðinu til 1. janúar 2012.

### • Lög nr. 183/2011, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (3. gr.)

Framlenging á ákvæðinu til 1. janúar 2013.

### • Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (3. gr.)

Framlenging á ákvæðinu. Hefur gildi til 1. janúar 2014.

Sjá einnig umfjöllun um lækkingu á tekjuskattstofni vegna endurbóta og viðhalds á íbúðarhúsnæði.

## ■ Virðisaukaskattur – ýmsar breytingar

### • Lög nr. 130/2009, um ráðstafanir í skattamálum (VII. kafli)

Hærra skattþrep hækkuð úr 24,5% í 25,5%.

### • Lög nr. 163/2010, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

Ýmsar breytingar á lögnum. Í dæmaskyni má nefna eftirfarandi breytingar:

o Undanþága frá skattskyldu vegna lítillar veltu hækkuð úr 500.000 kr. í 1.000.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili.

o Hvar rafrænt afhent þjónusta telst nýtt sem og sala gagnavera á hvers konar blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi. Breytingin er laut að blandaðri þjónustu var felld úr gildi eftir athugasemdir frá ESA, og breytt almennri reglu sem fjallar um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna innflutnings erlendra fyrirtækja á vörum, sbr. 3. gr. laga nr. 24/2013.

o Það skilyrði sett fyrir innskattsfrádrætti að seljandi vöru eða þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

o Nýtt ákvæði er lýtur að innflutningi á netþjónum. Ákvæðið

var felld út eftir athugasemdir frá ESA, og breytt almennri reglu sem fjallar um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna innflutnings erlendra fyrirtækja á vörum, sbr. 3. gr. laga nr. 24/2013.

o Tímabundin heimild til endurgreiðslu til þeirra sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni á 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða og almenningsvagna á tilteknu tímabili og að tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Heimildin var framlengd með lögum nr. 183/2011.

### • Lög nr. 110/2011, um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu (1. gr.)

Ákvæðin starfsemi í kolvetnisvinnslu undanþegin frá því að teljast til skattskyldrar veltu.

### • Lög nr. 121/2011, um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005 (1. og 2. gr.)

Sala bóka (frumsaminnna og þýðdra) og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka, sala geisladiska og annarra sambærilegra miðla með bókartexta og sala á rafrænum útgáfum slíkra bóka í sama skattþrepi (7%). Stafræn dreifing tónlistar einnig færð í sama virðisaukaskattþrep.

### • Lög nr. 183/2011, um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (4. gr.)

Fjallar um leiðréttingu á virðisaukaskatti sem innheimtur var á grundvelli gengistrygðra fjármögnunarleigusamninga, en samkvæmt dómi Hæstaréttar voru þeir ólögmætir.

### • Lög nr. 24/2013, um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

Felld út ákvæðið um undanþágu virðisaukaskatts af sölu gagnavera af hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi.

# Látinna félaga minnst



## Friðleifur Jóhannsson 1944 - 2013

Friðleifur Jóhannsson viðskiptafræðingur starfaði við skattfrankvæmd í 35 ár. Hann varð fljótt einn af lykilmönnum skattyfirvalda og rötuðu erfið mál löngum inn á borð til hans, enda allt unnið á skilmerkilegan og greinargóðan hátt, hljóðlega og átakalaust.

Reynsla Friðleifs og margþætt störf skópu honum yfirburðapekkingu í skattamálum og reikningshaldslegum álitamálum. Honum var falið að stýra tekjuskattsskrifstofu embættisins auk þess sem hann tók sæti í yfirstjórn stofnunarinnar og sinnti fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum. Hann var einnig settur skattstjóri í Vestfjarðaumdæmi um tíma. Friðleifur var ætíð fús að miðla af reynslu sinni svo bæta mætti skattfrankvæmd.

Það var ánægjulegt að eiga samskipti við Friðleif enda var hann gæddur miklum persónutöfrum og hafði þægilega nærveru. Hann var vinsæll og vel látinn af öllum samstarfsmönnum í gefandi samfylgd og trygglyndi.

Aðstandendum er vottuð samúð.



## Jóhann Víkingsson 1946 - 2013

Jóhann Víkingsson viðskiptafræðingur hóf störf hjá skattstjóranum í Reykjavík árið 1971 og starfaði þar óslitið til ársloka 2007 er hann fór á eftirlaun.

Jóhann starfaði alla tíð að málefnum atvinnurekstrar og komu þekking hans, glöggskyggni og hæfileikar þar að góðum notum, en hann var gjarnan kallaður til skrafs og ráðgerða þegar breytingar á skattalögum kölluðu á nýja eða breytta frankvæmd.

Jóhann koma að ýmsum verkefnum á vegum embættisins og ber þar hæst mikilvægt innlegg hans í undirbúning og frankvæmd rafvæðingar atvinnurekstrarframtala.

Hann var fróður, skemmtilegur félagi og einstakt ljúfmenni. Gott var að leita til Jóhanns um hvers konar upplýsingar og ráð því þekking hans á ólíkum sviðum tilverunnar var óvenju yfirgripsmikil.

Aðstandendum er vottuð samúð.



# Skipulagsbreytingar hjá ríkisskattstjóra


Eins og áður hefur komið fram í Tíund hefur mikil endurskipulagning átt sér stað hjá ríkisskattstjóra frá því að níu sjálfstæð embætti skattstjóra voru lögð niður og störf þeirra felld undir ríkisskattstjóra þann 1. janúar 2010.

Það er ljóst að aukin sérhæfing starfa er lykilatriði í því að ná fram nauðsynlegri hagræðingu og skilvirkni.



*Harpa Björnsdóttir, Kolbrún Sandra Hreinsdóttir og Guðrún S. Guðjónsdóttir á starfsmannafundi.*

# Skipulag ríkisskattstjóra frá 1. janúar 2013



Allt frá því að fyrst var rætt um sameiningu embættanna var ljóst að sérhæfing væri lykilatriði við skipulag nýrrar stofnunar. Í stað þess að sérhæfa starfsstöðvar að fullu strax í byrjun, sem hefði haft í för með sér flutning fólks milli starfsstöðva í enn ríkara mæli en varð og/eða mikla endurmenntun, þá var ákveðið að styðjast að mestu leyti við svonefnt verkefnaskipulag sem gekk þvert á starfsstöðvarnar. Þannig var styrkleiki hvernar starfsstöðvar nýttur, en jafnframt hægt að stýra því að einsleit verkefni væru unnin af sömu aðilunum. Sá ókostur fylgdi þessu skipulagi að stjórnunarmynstrið var nokkuð flókið, og jafnvel stýrðu margir faglegir stjórnendur starfi á lítilli starfsstöð sem að öðru leyti heyrði undir viðkomandi starfsstöðvarstjóra.

Eins var frá upphafi lögð áhersla á að áfram yrðu, auk starfsstöðvarinnar á Laugavegi 166 í Reykjavík, starfsstöðvar í Hafnarfirði, á Akranesi, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Egilsstöðum, Helli og í Vestmannaeyjum. Skattstofan í Reykjavík

að Tryggvagötu 19 var lögð niður og starfsemin flutt á Laugaveg og í Hafnarfjörð. Þá var ákveðið að í Hafnarfirði yrði eingöngu atvinnurekstrarsvið til húsa og sviðinu stýrt þaðan, en önnur starfsemi sem þar var fyrir flutt á Laugaveg. Þá var ákveðið að einstaklingssviði yrði stýrt frá Akureyri þótt meginhluti mannaflans yrði staðsettur á Laugavegi, þ.e. þeir starfsmenn sem áður störfuðu við álagningu einstaklinga á skattstofunum í Reykjavík og Hafnarfirði.

Á Laugavegi var einnig skráasvið og stærsti hluti eftirlitssviðs, auk stoðsviðanna fjármálasviðs, starfsmannasviðs, skipulagssviðs, lögfræðisviðs, fagsviðs, alþjóðasamskipta og tæknisviðs að stærstum hluta, en undir tæknisvið féll m.a. staðgreiðslan og voru starfsmenn í slíkum verkefnum einnig á öðrum starfsstöðvum. Atvinnurekstrar-, einstaklings-, eftirlits- og skráasvið hafa verið skilgreind sem megin framleiðslusvið embættisins en stoðsviðin sjö til stuðnings við þau. Þetta skipulag tók formlega gildi 26. október 2010.



### Nýtt skipulag frá 1. janúar 2013

Til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu í kjölfar sameiningar var í raun innleidd alveg ný hugsun með tilheyrandi skipulagsbreytingum. Breytingarnar fólust í endurskoðun verkferla og verklags, breyttum áherslum, aukinni sjálfvirkni og að leitað var allra leiða til að tryggja þjónustu, framleiðslu og stöðu starfsmanna stofnunarinnar.

Nýafstaðnar breytingar eru eðlilegt og áformað skref í sameiningarferlinu og felast í því að auka sérhæfingu starfsstöðvanna og gera stjórnun einfaldari og skilvirkari.

Í kjölfar þeirra heyrir hver starfsstöð, að Laugavegi undanskildum, annað hvort undir atvinnurekstrar- eða einstaklingssvið. Samhliða færðust ákveðin verkefni milli sviða og einnig fluttist dagleg umsjá staðgreiðslunnar frá tæknisviði til einstaklingssviðs og sameinaðist þar skrifstofu gagnaskila. Afgreiðsla mála er varða ákvörðun reiknaðs endurgjalds einstaklinga með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og launagreiðendaskrá er þó á hendi atvinnurekstrarsviðs.

Fyrir breytingarnar fór vinna við framtöl einstaklinga með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi fram á atvinnurekstrarsviði, en með nýju skipulagi fer einstaklingssvið yfir og annast allt sem snertir framtöl einstaklinga í atvinnurekstri sem eru ekki á virðisaukaskattsskrá. Atvinnurekstrarsvið mun áfram annast yfirferð og annað sem snertir framtöl rekstraraðila á virðisaukaskattsskrá. Engin breyting var gerð varðandi vinnslu framtala einstaklinga sem stunda landbúnað eða sjávarútveg, en þau framtöl eru unnin annars vegar á starfsstöðinni á Hellu, hins vegar á Akranesi.

Starfsfólk við afgreiðslu heyrir undir viðkomandi starfsstöðvarstjóra, í stað þjónustuvevers áður, og ber starfsstöðvarstjóri þannig jafnframt ábyrgð á allri nærþjónustu. Með aukinni sérhæfingu starfsstöðva snýst nærþjónusta, eðli máls samkvæmt, oft um að beina viðskiptavinum og erindum þeirra til rétttra starfsmanna innan stofnunarinnar, þeirra sem eru best fallnir og bærir til að sinna viðkomandi erindi.



Frá vinstri: Ingunn Ásgeirsdóttir, Halldór I. Pálsson, Linda Björk Unnarsdóttir, Margrét Högnadóttir, Eva Gunnarsdóttir, Svala Hilmarsdóttir og Árný S. Jakobsdóttir.



Hrefna Björnsdóttir, Erla Tinna Stefánsdóttir og Kristjana Magnúsdóttir í hópstarfi á starfsmannafundi.

Eins og sést á skipuritinu skiptast starfsstöðvarnar þannig milli sviða:

#### Atvinnurekstrarsvið

- Hafnarfjörður
- Akranes
- Hella
- Ísafjörður

#### Einstaklingssvið

- Akureyri
- Egilsstaðir
- Siglufjörður
- Vestmannaeyjar



Atvinnurekstrarsvið annast vinnu er tengist álagningu opinberra gjalda á rekstraraðila, þ.e. virðisaukaskatts, tekjuskatts og ýmissa rekstrartengdra skatta á lögaðila og einstaklinga með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem jafnframt eru á virðisaukaskattsskrá.

Einstaklingssvið annast vinnu er tengist álagningu einstaklinga og einstaklinga í atvinnurekstri sem eru ekki á virðisaukaskattsskrá, og annast daglega umsjá staðgreiðslunnar. Einstaklingssvið aðstoðar við innköllun gagna, annast eftirlit með og eftir atvikum endurákvörðun á þegar ákvörðuðum erfðafjárskatti, hefur umsjón með þjónustuveri stofnunarinnar og annast alþjóðamál.

Auk álagningar felst starfsemi sviðanna í afgreiðslu kæra vegna álagningar og skatterinda sem berast eftir að kærufresti er lokið, sem og í að veita gjaldendum þjónustu og upplýsingar er varða skattamál þeirra. Þá er það og verkefni sviðanna að endurskoða skattlagningu eftir álagningu á grundvelli ábendinga og úrtaka, án þess að slík endurskoðun falli undir skatteftirlit.

Haraldur Hansson kynnti þá vinnu sem í gangi er við smíði á nýju kerfi til utanumhalds virðisaukaskatts.



# Skatteftirlit eykur tekjur ríkissjóðs

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á umhverfi og framkvæmd skatteftirlits í landinu, auk þess sem áherslum við val á verkefnum hefur verið breytt. Sameining eftirlitseininga í árslok 2009, bætt aðgengi að upplýsingum, markvissara val á verkefnum, meiri samhæfing og tímabundin fjölgun starfsmanna í skatteftirliti hefur skilað auknum afköstum og betri árangri en áður. Skoðun á flóknum viðskiptagerningum og sérhæfðum verkefnum á sviði samtímaeftirlits á liðnum árum hefur leitt til þess að hefðbundnum eftirlitsmálum hefur almennt fækkað, en flækjustig mála hefur að sama skapi aukist og álagning gjalda hækkað. Þá hafa átaksverkefni og fyrirtækjaheimsóknir gert skatteftirlit sýnilegra en áður og haft ákveðið forvarnargildi.



## Guðni Björnsson

er viðskiptafræðingur. Hann hefur starfað hjá ríkisskattstjóra í áratug og er nú hópstjóri greiningarteymis á eftirlitssviði.

## Fjöldi eftirlitsmála

Á árunum 2008-2012 voru að meðaltali um 2.000 mál til skoðunar á ári hjá eftirlitseiningum skattstjóra og ríkisskattstjóra (eftirlitssviðs ríkisskattstjóra frá 2010). Stór hluti mála átti uppruna sinn í samræmdri eftirlitsáætlun ríkisskattstjóra, en einnig var nokkuð um ábendingar frá skattaðilum, öðrum skattembættum, ríkisstofnunum og hagsmunasamtökum.

Á árinu 2012 hóf eftirlitssvið ríkisskattstjóra vinnu við 481 nýtt mál auk þeirra 814 mála sem voru í vinnslu frá fyrra ári. Af þeim 1.295 málum sem voru í vinnslu á árinu lauk vinnu við 706 mál, þar af leiddu 308 mál til gjaldabreytinga, eða tæp 44%. Þá voru 14 mál send skattrannsóknarstjóra ríkisins til frekari meðferðar.

## Árangur af skatteftirliti


Skoðun eftirlitseininga skattstjóra og ríkisskattstjóra (eftirlitssviðs ríkisskattstjóra frá 2010) á skattskilum einstaklinga og lögaðila leiddi til hækkunar skatta og gjalda þessara aðila um 2.734 milljónir kr. á árinu 2008, um 2.874 milljónir kr. á árinu 2009, um 3.841 milljón kr. á árinu 2010, um 5.969 milljónir kr. á árinu 2011 og um 7.553 milljónir kr. á árinu 2012. Hækkun skatta og gjalda á tímabilinu öllu nam samtals 22.972 milljónum kr.

Þessu til viðbótar var yfirfæranlegt tap félaga lækkað um 8.813 milljónir kr. á árinu 2008, 1.269 milljónir kr. á árinu 2009, 86,1 milljón kr. á árinu 2010, 46.710 milljónir kr. á árinu 2011 og um 2.823 milljónir kr. á árinu 2012. Lækkun á yfirfæranlegu tapi á tímabilinu nam samtals 59.702 milljónum kr.

Meðaltal gjaldabreytinga á hvert lokið mál nam rúmum 5 milljónum kr. á árinu 2008, rúmum 4 milljónum kr. á árinu 2009 og tæpum 7 milljónum kr. á árinu 2010, á móti rúmum 12 milljónum kr. á árinu 2011 og tæpum 24,5 milljónum kr. á árinu 2012. Þetta

# Gjaldabreytingar í eftirlitsmálum

## 2008 - 2012



breytist hins vegar nokkuð ef hlutfall mála sem lauk með gjaldabreytingu af heildarfjölda lokinna mála er skoðað. Á árinu 2008 lauk tæpum 43% mála með gjaldabreytingu, rúmum 38% mála á árinu 2009 og rúmum 48% mála á árinu 2010, á móti rúmum 28% mála á árinu 2011 og tæpum 44% mála á árinu 2012.

Árangur af skatteftirliti verður hins vegar ekki eingöngu mældur í hækkun gjalda heldur einnig í aukinni þekkingu skatt-

aðila á reglukerfinu og bættum skattskilum almennt. Skatteftirlit sem felur í sér heimsókn á starfsstöð skattaðila, athugasemdir og leiðbeiningar er ekki síður mikilvægt en skatteftirlit sem leiðir af sér hreinar gjaldabreytingar. Við vettvangsheimsóknir koma oft í ljós annmarkar á skattskilum sem rekja má til vanþekkingar á gildandi lögum og reglum. Slíka annmarka má auðveldlega leiðrétta með leiðbeiningum um rétt skattskil.

### Fjöldi mála hjá eftirlitseinungum\*

	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi mála frá fyrra ári	549	769	789	617	814
Fjöldi nýrra mála á árinu	1.463	1.327	1.050	1.934	481
Fjöldi mála í vinnslu á árinu alls	2.012	2.096	1.839	2.551	1.295
Fjöldi eftirlitsmála lokið	1.272	1.645	1.184	1.736	706
- þar af með gjaldabreytingu	543	631	570	491	308

\* Eftirlitseiningar skattstjóra og ríkisskattstjóra voru sameinaðar í lok árs 2009. Sameiningin tók gildi 1. janúar 2010.

### Gjaldabreytingar eftirlitseininga\*

	2008	2009	2010	2011	2012
Gjaldabreytingar samtals**	2.734.027.541	2.874.536.891	3.841.939.275	5.969.136.686	7.553.034.141
Opinber gjöld	2.673.200.249	2.760.598.433	3.716.513.269	5.708.760.226	5.676.044.700
Virðisaukaskattur og álag	36.588.605	104.271.125	37.742.694	64.548.635	1.663.598.114
Tryggingagjald og álag á staðgreiðslu	24.238.687	156.105.335	87.683.312	49.389.823	213.391.327

\* Eftirlitseiningar skattstjóra og ríkisskattstjóra voru sameinaðar í lok árs 2009. Sameiningin tók gildi 1. janúar 2010.


\*\* Fjárhæðir gjaldabreytinga eru á verðlagi viðkomandi árs. Um hreinar (nettó) breytingar er að ræða þar sem lækkun gengur á móti hækkun.




# Jákvæðni og traust í garð RSK

Í febrúarmánuði sl. gerði Capacent Gallup rannsókn með það að markmiði að leggja mat á ímynd RSK. Um var að ræða netkönnun hjá 1000 manna úrtaki af öllu landinu, 18 ára og eldri, sem var valið af handahófi úr Viðhorfahópi Capacent Gallup. Svarhlutfall var 62,2%. Hér má sjá helstu niðurstöður könnunarinnar.


Hlutfall sem ber mikið traust til stofnana í febrúar 2012




## Hversu mikið eða lítið traust berð þú til ríkisskattstjóra (RSK)?




### Ertu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart RSK?




### Telur þú að RSK veiti góða eða slæma þjónustu?




### Telur þú að skattundanskot séu mikil eða lítil á Íslandi?




### Hversu vel eða illa telur þú RSK sinna hlutverki sínu við skatteftirlit?



### Vilt þú að skatteftirlit RSK verði aukið eða minnkað?



### Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að RSK auglýsi opinberlega, t.d. í fjölmiðlum, þjónustu sína og skilaboð um bætt skattskil?





# Skattlagning á þóknunum til erlendra aðila



**Lóa Ólafsdóttir**  
er viðskiptafræðingur og hefur starfað við skattframkvæmd frá árinu 2005.

Erlendur aðili sem tekur við þóknun (e. royalty) frá innlendum aðila er með takmarkaða skattskyldu<sup>1)</sup> hér á landi og er staðgreiðsluskyldur<sup>2)</sup> vegna slíkra tekna. Skatthlutfallið vegna ársins 2012 er 20% hjá lögaðilum en 18% auk útsvars hjá einstaklingum, samtals 32,44%<sup>3)</sup>. Greiðandinn, innlendi aðilinn, er skilaskyldur<sup>4)</sup> sem þýðir að skatturinn verður útlagður kostnaður hjá greiðandanum ef honum er ekki haldið eftir af greiðslunni til erlenda aðilans.

## Hvað er þóknun?

Hugtakið „þóknun“ má skilgreina sem greiðslu, endurgjald fyrir afnot af eða rétt til að nýta hvers konar höfundarrétt, einkaleyfi og vörumerki. Undir þetta fellur þóknun sem erlendur rithöfundur fær frá innlendum útgefanda vegna útgáfu bókar, greiðsla til erlends aðila vegna notkunar á skrásettu vörumerki, greiðsla til erlends aðila vegna sýningarréttar á kvikmynd, og greiðsla til erlends arkitekts vegna hönnunar á húsbyggingu o.s.frv.

Eftirfarandi upptalning gefur gleggri mynd af því um hvers konar greiðslur er að ræða en er þó ekki tæmandi:

- **Greiðsla eða endurgjald fyrir afnot eða rétt til nýtingar höfundarréttinda fyrir hvers konar hugverk**, bókmenntir, listir eða listaverk. Til bókmennta og lista telst samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, óháð því á hvern hátt og í hvaða formi verkið birtist.
- **Greiðsla eða endurgjald fyrir teikningar**, mynstur, líkón og önnur þess háttar gögn sem veita fræðslu um málefni eða skýra þau.
- **Greiðsla fyrir rétt til sýninga** á kvikmyndum í kvikmyndahúsum eða sjónvarpi, útsendingu á hljómlist í útvarpi eða á skemmtunum, svo og fjölföldun á myndböndum, geisladiskum og öðrum miðlum.
- **Greiðsla fyrir nýtingu á hvers konar tölvuforritum**, hvort sem er til eigin nota eða fjölföldunar.
- **Greiðsla eða endurgjald fyrir afnot af einkaleyfi/vörumerki** eða önnur slík réttindi til framleiðslu á ákveðinni vöru, eða til þess að selja undir ákveðnu vörumerki eða nota það í viðskiptum, eða nota efnaformúlu eða framleiðsluáferð.
- **Greiðsla vegna notkunar á tölvubókunarkerfum** og fjársýslukerfum sem vistuð eru erlendis.
- **Greiðsla fyrir leigu, afnot eða rétt til að nýta sérþekkingu**. Með „sérþekkingu“ er átt við aðgang að gögnum eða upplýsingum sérfræðilegs eðlis. Almenn er átt við gögn eða upplýsingar sem unnar hafa verið af sérfræðingum eins og verkfræðingum, tækni-fræðingum, arkitektum, lögfræðingum, löggiltum endurskoðendum, tölvunarfræðingum o.s.frv. Ekki skiptir máli hvernig upplýsingarnar eru veittar, hvort þær eru munnlegar, skriflegar eða á tölvutæku formi.
- **Greiðsla fyrir aðgang að erlendum gagnabanka** er skattskyld ef um sérþekkingu er að ræða, t.d. aðgang að upplýsingum eins og veðurspám/veðurkortum. Sama gildir um aðgang eða notkun á vísindalegum gögnum á hvaða formi sem er.
- **Greiðslur til erlendra aðila vegna leigu** á hvers konar lausafé, s.s. vélum, tækjum og hvers konar búnaði, t.d. farartækjum eins og skipum og ökutækjum, gámum til flutninga, tölvum, vinnuvélum og verkfærum.

## Áhrif tvísköttunarsamninga

Tvísköttunarsamningar sem Ísland hefur gert við önnur lönd geta haft áhrif á skatthlutfall hins erlenda aðila til lækkunar eða fullrar undanþágu. Í gildi eru samningar við 37 lönd og eru samningarnir ekki einsleitir. Því þarf ávallt að skoða viðeigandi samning. Í töflu á næstu síðu má sjá skatthlutföll vegna þóknana í gildandi samningum.

Meginmarkmiðið með tvísköttunarsamningi er að koma í veg fyrir tvísköttun, að skipta með sanngjörnum hætti skattlagningarrétti milli viðkomandi samningsríkja, að koma í veg fyrir mismunun og að tryggja jafnrétti og öryggi skattaðila.

Til þess að erlendur aðili geti notið skattalegrar ívilnunar hér á landi á grundvelli tvísköttunarsamnings sem Ísland er aðili að, verður hann að bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu í hinu samningsríkinu á grundvelli heimilisfesti vegna búsetu.

Sótt er um undanþágu til ríkisskattstjóra á eyðublaði RSK 5.42. Skattyfirvöld í heimalandi umsækjanda þurfa að staðfesta heimilisfesti hans og skattskyldu, annað hvort með því að stimpla og undirrita eyðublaðið eða að gefa út vottorð. Hafi umsækjandi sætt afdrætti áður en undanþágan var veitt er hægt að sækja um endurgreiðslu samhliða á eyðublaði RSK 5.43. Eyðublaðið er að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is.

Samþykkt undanþága hefur fimm ára gildistíma að því gefnu að ekki verði breyting á heimilisfesti.

## Uppgjör

Hverjum þeim sem greiðir erlendum aðilum þóknun ber ótilkvöddum að halda eftir staðgreiðslu tekjuskatts<sup>5)</sup>, og eftir atvikum útsvars af greiðslunum, sé ekki til staðar samþykkt undanþága/lækkun. Ávallt ber að skila upplýsingum vegna allra slíkra

greiðslna til ríkisskattstjóra án tillits til þess hvort þær kunni að vera undanþegnar skattlagningu hér á landi samkvæmt tvísköttunarsamningi eður ei. Greiðandi (kaupandi) ber ábyrgð á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars af slíkum greiðslum. Uppgjörstímabil er almanaksmánuður og gjalddagi vegna liðins mánaðar er 1. næsta mánaðar en eindagi 14 dögum síðar.

Skil vegna þóknana tekna urðu rafræn á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, frá 1. janúar 2012. Með rafrænni staðgreiðslu er greiðendum ætlað að skila skilgrein og sundurliðun rafrænt til ríkisskattstjóra. Eftir að rafræn sundurliðun og skilgrein berast ríkisskattstjóra er krafa send til reiknistofu bankanna sé um skuld að ræða. Launagreiðandi getur síðan greitt kröfuna í netbanka. Stofnist ekki krafa í netbanka er greitt samkvæmt OCR rönd á kvittun fyrir sendingunni. Sé skilgrein skilað eftir eindaga má einnig greiða hana í netbanka.

### Tvær leiðir rafrænnar staðgreiðslu

Greiðandi getur valið um tvær leiðir til að skila skilgrein og sundurliðun staðgreiðslu með rafrænum hætti, þ.e. skeytaleiðina eða vefleiðina.

**Skeytaleiðin** er sniðin að þörfum launagreiðenda er nota launakerfi sem geta sent skattyfirvöldum XML-skeyti sem innihalda skilgrein og sundurliðun staðgreiðslu.

**Vefleiðin** hins vegar er ætluð smærri aðilum sem eru með launakerfi sem ekki geta sent skattyfirvöldum XML-skeyti. Á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, er smellt á liðinn „Vefskil“ og valið „Staðgreiðsla vegna takmarkaðrar skattskyldu“ og opnast þá form til útfyllingar. Notaður er sami veflykill og við skil á annarri staðgreiðslu. Þegar skilgrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í netbanka greiðanda eftir því sem við á.

### Að lokum

Leiða má líkur að því að stór hluti þeirra þóknana tekna sem greiddar eru erlendum aðilum sé ekki skattlagður hér á landi á grundvelli gildandi tvísköttunarsamninga. Þegar greidd er þóknun til erlends aðila ber ávallt að skila inn rafrænni skilgrein óháð því hvort hinn erlendi aðili sætir skattlagningu eða ekki. Í töflunni hér til hliðar má sjá þau skatthlutföll sem eru í gildi þegar umsókn um undanþágu hefur verið samþykkt.

## Þóknarir - skatthlutföll skv. ákvæðum tvísköttunarsamninga

Land	Skatthlutfall	Gildistaka
Belgium (BE)	0	2004
Canada (CA)	10	1998
Croatia (HR)	10	2012
China (CN)	10	1998
Czech Republic (CZ)	10	2001
Denmark (DK)	0	1998
Estonia (EE)*	10	1996
Faroe Islands (FO)	0	1998
Finland (FI)	0	1998
France (FR)	0	1003
Germany (DE)	0	1974
Greece (GR)	10	2009
Greenland (GL)	15	2003
Hungary (HU)	10	2007
India (IN)	10	2008
Ireland (IE)	10	2005
Italy (IT)	5	2009
Latvia (LV)*	10	1996
Lithuania (LT)*	10	2000
Luxembourg (LU)	0	2002
Malta (MT)	5	2007
Mexico (MX)	10	2009
Netherlands (NL)	0	1999
Norway (NO)	0	1998
Poland (PL)	10	2000
Portugal (PT)	10	2003
Romania (RO)	5	2009
Russia (RU)	0	2004
Slovakia (SK)	10	2004
South Korea (KR)	10	2009
Spain (ES)	5	2003
Sweden (SE)	0	1998
Switzerland (CH)	0	1990
Ukraine (UA)	10	2009
United Kingdom (GB)	0	1992
United States (US)**	0	2009
Vietnam (VN)	10	2003

\* 5% skattur af þóknun vegna afnota af iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði.

\*\* 5% vegna vörumerkja.

Hafi móttakandi ekki fengið samþykka undanþágu ber ætíð að skattleggja greiðsluna samkvæmt gildandi skatthlutfalli í tekjuskattslögum en skatthlutfall viðkomandi tvísköttunarsamnings er notað þegar undanþága hefur verið samþykkt.

Þegar þóknun hefur verið greidd erlendum aðila ber greiðandanum að skila upplýsingum um það 15. dag næsta mánaðar, óháð því hvort skatti var haldið eftir eður ei. Skilin fara fram í

gegnum þjónustusíðu ríkisskattstjóra. Sótt er um undanþágu á grundvelli tvísköttunarsamnings til ríkisskattstjóra sem og endurgreiðslu hafi hinn erlendi aðili sætt afdrætti áður en undanþágu var aflað.

- 1) 6. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
- 2) A liður 2. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu
- 3) 6. tl. 70. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
- 4) 7. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu
- 5) 20. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu



Sigmundur Stefánsson cand. juris

# Yfirfærsla einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag

## I. Lagaákvæðið og reglugerð

Með 27. gr. laga nr. 133/2001 var nýju ákvæði bætt í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem bar yfirskriftina *Yfirfærsla einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag* og varð 57. gr. C þeirra laga. Ákvæðið er nú óbreytt í 56. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.), og er svohljóðandi:

„Stofni einstaklingur í atvinnurekstri einkahlutafélag sem tekur við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins og hefur með höndum sams konar rekstur eða starfsemi skal sú yfirfærsla ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- Eigandi rekstrarins skal bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. 1. gr.
- Félagið er tekur við rekstrinum skal skráð hér á landi og bera ótakmarkaða skattskyldu, sbr. 2. gr.
- Við yfirfærsluna fær eigandi rekstrarins eingöngu hluti í félaginu sem gagn-gjald fyrir yfirfærðar eignir og skuldir rekstrarins.
- Tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félagsins skal auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum um einkahlutafélög fylgja efnahagsreikningur einstaklingsrekstrarins sem jafnframt skal vera stofnefnahagsreikningur einkahlutafélagsins. Efnahagsreikninginn skal miða við 31. desember og má hann ekki vera eldri en fjögurra mánaða við stofnun einkahlutafélagsins og skal hann endurskoðaður af endurskoðanda og áritaður án fyrirvara. Jafnframt skal endurskoðandi staðfesta að hagr fyrir-tækisins hafi ekki rýmað vegna úttekta eiganda frá þeim tíma sem yfirfærslan skal miðuð við og fram að stofnun

félagsins. Í skattalegu tilliti telst einkahlutafélagið yfirtaka rekstur og efnahag frá dagsetningu efnahagsreiknings. Stofnefnahagsreikningur ásamt yfirlýsingu um yfirfærslu einkarekstrar yfir í einkahlutafélag skal ennfremur fylgja fyrsta skattframtali félagsins.

”

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að færa eigur einstaklings í atvinnurekstri yfir í einkahlutafélag án þess að yfirfærslan hafi í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið sjálft

Við yfirfærsluna skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum rekstrarins, þ.m.t. eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, enda séu skilyrði 8. tölul. 31. gr. uppfyllt. Þó ber sá sem stundaði reksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Stofnverð gagn-gjalds hluta í einkahlutafélaginu, sbr. c-lið 1. mgr., ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í efnahagsreikningi sem stofnefnahagsreikningur miðast við.“

Í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 133/2001 segir svo um ástæður þessarar lagasetningar:

„Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að færa eigur einstaklings í atvinnurekstri yfir í einkahlutafélag án þess að yfirfærslan hafi í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið sjálft. Markmiðið með þessari breytingu er að gera einstaklingum í atvinnurekstri kleift að breyta um rekstrarform án þess að til skattlagningar söluhagnaðar komi. Eingöngu er gert ráð fyrir að hægt sé að breyta einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag en ekki í hlutafélag eða önnur rekstrarform.

Við skattframtali er litið svo á að þegar einstaklingur í atvinnurekstri stofnar einkahlutafélag sem tekur við eða kaupir atvinnurekstur hans fari fram sala eða afhending á þeim eignum sem tengst hafa atvinnurekstrinum. Einkahlutafélagið er meðhöndlað sem sjálfstæður skattaðili og því telst yfirfærsla eigna til félagsins frá einkarekstrinum sala. Uppgjör söluhagnaðar hefur farið eftir ákvæðum 10.-27. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt og er hann skattlagður eins og aðrar atvinnurekstrartekjur.

Á undanförunum árum hefur hlutafélagiformið (einkahlutafélög) rutt sér til rúms hér á landi. Þannig þykir eftirsóknarvert að styðjast við lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög, sem hafa að geyma skýrar reglur um ábyrgð, stofnun og form einkahlutafélaga.

Í gildandi lögum er að finna ákvæði er fjalla um sameiningar og skiptingar félaga (IV. kafli laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt). Samkvæmt umræddum ákvæðum hefur skipting eða sameining hlutafélaga, samvinnufélaga og sameignarfélaga ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann er lætur eignarhlut sinn í hlutafélagi, samvinnufélagi eða sameignarfélagi af hendi enda séu skilyrði umræddra ákvæða uppfyllt að öðru leyti.

Höfundur greinarinnar er Sigmundur Stefánsson sviðsstjóri atvinnurekstrarsviðs RSK. Hann gegndi embætti skattstjóra í Reykjanesumdæmi frá 1986-2009, þar til embættið var lagt niður.



Með vísan til framangreinds þykir eðlilegt að einstaklingum sem stundað hafa rekstur í eigin nafni verði heimilt að umbreyta rekstrarforminu og færa reksturinn yfir í einkahlutafélag án þess að til skattskyldu verði stofnað enda er í raun ekki um yfirfærslu eigna að ræða heldur fyrst og fremst umbreytingu á rekstrarformi. Á hinn bóginn þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt eigi aðilar að njóta þeirrar heimildar sem um ræðir í 1. mgr. Nánar er fjallað um þau skilyrði í athugasemdum með 26. gr. frumvarpsins.<sup>1</sup>

Við yfirfærslu rekstrarins skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum einstaklingsrekstrarins þ.m.t. eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, sbr. 7. tölul. 31. gr.<sup>2</sup> enda um samskonar rekstur eða starfsemi að ræða. Þó ber sá sem stundaði einstaklingsreksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Kaupverð hluta í einkahlutafélaginu ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í einstaklingsrekstrinum við yfirfærsluna.“ (Þskj. 114 á 127. löggjafarþingi 2001-2002).

Í athugasemdum við sjálfa frumvarpsgreinina (27. gr.) segir m.a. að með breytingunni frestist skattlagning þess hagnaðar sem myndast við yfirfærsluna þar til hlutir eiganda einkahlutafélagsins, sem fáist sem gagngjald fyrir rekstur hans, verði seldir. Að öðru leyti er litlu bætt við það sem fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins og lagatextanum.

Með heimild í 119. gr. tsl. var sett reglugerð um þessa yfirfærslu nr. 223/2003. Er hún að mestu endurtekning á texta lagaákvæðisins. Í 7. gr. reglugerðarinnar eru þó tekin af öll tvímæli um að miða megi við tiltekið endurmat við útreikning á því hvort eigið fé einstaklingsrekstrarins nægi fyrir 500.000 króna lágmarkshlutafé sem áskilið er í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, en skiptar skoðanir voru um það hvort slík heimild væri fyrir hendi í nefndri 27. gr. Nánar verður vikið að þessu endurmati í næsta kafla. Þá er

áréttað í 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar að selji einstaklingur hluti sem hann fékk við yfirfærsluna teljist stofnverð þeirra við ákvörðun söluhagnaðar vera jafnt skattalegu bókfærðu eigin fé efnahagsreiknings einstaklingsrekstrarins.

## II. Almennt um lagaákvæðið

Hið nýja lagaákvæði (nú 56. gr. tsl.) byggði á því viðhorfi að réttlátt þótti að þeir sem stunduðu eigin atvinnurekstur gætu nýtt sér kosti einkahlutafélagaformsins og skipt yfir í það rekstrarform án þess að eignatilfærslan leiddi til sérstakrar skattlagningar. Fyrirkomulag yfirfærslunnar er þó nokkuð sérstakt en það kom fyrst fram með breytingartillögum meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar við meðferð frumvarpsins á Alþingi. Í nefndarátliti meirihlutans um þetta fyrirkomulag og aðrar orðalagsbreytingar sem hann lagði til á d-lið 1. mgr. sagði m.a.:

„Meiri hlutinn leggur einnig til breytingar á 27. gr. frumvarpsins, en þær eru gerðar til að auðveldara sé að beita ákvæðum hennar í uppgjöri og bókhaldi þegar eigur einstaklings í atvinnurekstri eru færðar yfir í einkahlutafélag. Þannig telur meiri hlutinn að sú framkvæmd sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að efnahagsreikningur einstaklingsrekstrar liggi fyrir sama dag og hann er miðaður við og jafnframt að einkahlutafélagið sé stofnað sama dag, sé ógerlegt. Því er lagt til að efnahagsreikningur einstaklingsrekstrar verði gerður í árslok og hann verði

jafnframt stofnefnahagsreikningur hins nýja einkahlutafélags. Einkahlutafélagið verður hins vegar ekki stofnað fyrr en þessi efnahagsreikningur liggur fyrir og verður stofnunin að hafa farið fram fjórum mánuðum síðar, eða ekki seinna en 1. maí á næsta ári eftir dagsetningu hans miðað við áramót. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að það afbrigði í skattskilum verði heimilað að einkahlutafélag geti talið til tekna og gjalda í skattframtali sínu tekjur og gjöld einstaklingsrekstrar frá áramótum til stofndags einkahlutafélagsins og tekið tillit til breytinga á efnahagsreikningi sem af því leiðir.“ (Þingskj. 461 á 127. löggjafarþingi 2001-2002).

Í félagarétti er það meginregla að lögpersóna verði ekki til fyrr en við lögformlega stofnun hennar. Fyrir það tímamark öðlist hún hvorki réttindi né sé bær til að taka á sig skyldur. Í skattframtalsskilum hefur verið litið svo á að upphaf skattskyldu hlutafélags miðist við stofnfundardag, sbr. úrskurði ríkisskattanefndar nr. 31/1991 og 35/1991, og þá að því tilskildu að félagið verði skráð innan lögskilins tíma, sbr. fyrir-mæli um skráningarskyldu hlutafélaga í 14. gr. laga nr. 2/1995, og um skráningarskyldu einkahlutafélaga í 9. gr. laga nr. 138/1994. Tilhögun mála samkvæmt d-lið 56. gr. tsl. um uppgjör og framtalsskil (til tekjuskatts) á stofnárinu er nokkuð á skjön við þessa meginreglu. Að öðru leyti gilda meginreglur félagaréttar um stofnun þessara félaga og réttarstöðu. Ákvæði annarra skattalaga en tsl. sættu ekki breytingum vegna þessa fyrirkomulags. Hið nýstofn-

1) Á að vera 27. gr.

2) Vísun til eftirstöðva rekstrartapa í 7. tölul. 31. gr. helgast af því að í frumvarpi að lögum nr. 133/2001 bættist nýr tölulíður framan við þannig að eftir lögfestingu breytinga með frumvarpinu færðist tölulíðurinn um eftirstöðvar rekstrartapa aftur um einn og í þann tölulíð (8.) er réttilega vísað í lagaákvæðinu.



aða félag á t.a.m. ekki rétt á skráningu í virðisaukaskattsskrá frá upphafi stofnars heldur einungis frá stofndegi, sbr. úrskurð yfirkattaneftndar nr. 9/2004. Í þeim úrskurði kemur og fram afstaða hennar til fyrirkomulags virðisaukaskattsskila við þessar aðstæður. Þar segir:

„Kærandi er einkahlutafélag sem stofnað var þann 24. apríl 2002 samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins, sbr. ákvæði II. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Fyrir getur starfsemi félagsins ekki talist hafin í skilningi laga nr. 50/1988, sbr. 1. mgr. 5. gr. þeirra, enda getur óskráð einkahlutafélag að lögum hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 138/1994.“ [...].

„Engar breytingar voru gerðar á ákvæðum laga nr. 50/1988 að því er varðar skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila eða uppsjörs-tímabil, sbr. 5. og 24. gr. laganna, í tengslum við þá breytingu á skattalegri meðferð við yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélög sem ákveðin var með fyrrgreindum lögum nr. 133/2001. Ákvæði 57. gr. C laga nr. 75/1981, sbr. 27. gr. laga nr. 133/2001, varða efni sínu samkvæmt álagningu tekjuskatts og þykir ekki verða leitt af ákvæðinu eða lögskýringargögnum að umræddum breytingum sé ætlað að taka til virðisaukaskattsskila vegna þess tímabils sem kann að líða frá dagsetningu efnahagsreiknings, sbr. d-lið 1. mgr. lagagreinarinnar, til stofndags einkahlutafélags, enda verður ekki séð að nein rökbundin nauðsyn standi til þess. Að þessu virtu og þar sem lög nr. 50/1988 gera sem áður segir ráð fyrir því að skráning í grunnkrá virðisaukaskatts miðist við upphaf eiginlegrar starfsemi skattskylds aðila verður ekki talið að það hafi staðist hjá skattstjóra að leysa úr máli kæranda á þeim grundvelli sem raun ber vitni, þ.e. með tilliti til hinna umdeildu ákvæða 57. gr. C laga nr. 75/1981.“

Framangreint hefur m.a. þá þýðingu að virðisaukaskattsskil í nafni einstaklingsins fyrri hluta árs verða ekki færð yfir á félagið. Hið sama á við um staðgreiðsluskil. Þessi skil fyrir stofnun félagsins hvíla áfram á einstaklingnum og þurfi að breyta þeim, t.a.m. með endurákvörðun eftir stofnun félagsins, verður sú breyting í nafni einstaklingsins og á hans ábyrgð. Sérstaða þessara félaga felst þannig eingöngu í því uppgjöri og framtalsmáta til tekjuskatts á stofnárinu sem 56. gr. tsl. kveður á um.

Yfirfærsla vörubirgða og rekstrarfjármuna til hins nýja félags, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er ekki virðisaukaskattsskyld enda er ekki

litið á yfirfærsluna sem sölu og samkvæmt orðalagi 56. gr. tsl. stofnar hún (yfirfærslan) hvorki skattskyldu fyrir félagið né einstaklinginn. Ekki verður heldur talið að yfirfærslan leiði af sér leiðréttingarskyldu innskatts samkvæmt IV. kafla reglugerðar um innskatt nr. 192/1993. Helgast það af því, sem áður sagði, að yfirfærslan er ekki sala og því orðalagi lagaákvæðisins að félagið taki við öllum skattalegum skyldum og réttindum einstaklingsrekstrarins.

Eins og að framan greinir er mælt fyrir um það í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 223/2003 að selji einstaklingur hluti sem hann fékk við yfirfærsluna, teljist stofnverð þeirra við ákvörðun söluhagnaðar vera jafnt skattalegu bókfærðu eigin fé samkvæmt efnahagsreikningi einstaklings-



## Í skattframkvæmd hefur verið litið svo á að upphaf skattskyldu hlutafélags miðist við stofnfundardag og þá að því tilskildu að félagið verði skráð innan lögskilins tíma

rekstrarins. Styðst þetta við lokamálslið 2. mgr. 56. gr. tsl. Sú viðmiðun getur því verið neikvæð þegar 500.000 króna lágmarks-hlutafé er náð með endurmati samkv. 7. gr. reglugerðarinnar. Endurmatið hefur hins vegar engin áhrif á útreikning hagnaðar eða taps af sölu hlutabréfanna. Hafi eigið fé verið neikvætt um kr. 1.000.000 og hluturinn seldur fyrir kr. 800.000 þá reiknast söluhagnaðurinn kr. 1.800.000. Hefur þessi skilningur verið staðfestur í úrskurði yfirkattaneftndar nr. 60/2009.

Með vísan til 2. mgr. 7. gr. nefndrar reglugerðar og orðalagsins „sbr. þó 7. gr.“ í 2. gr. hennar er litið svo á að taka megi tillit til ákveðins endurmats eigna við útreikning á því hvort eigið fé nægi fyrir lágmarkshlutafé, þ.e. kr. 500.000. Segir í ákvæðinu að endurmatið þurfi að vera fullnægjandi að mati hlutafélagaskrár, sbr. II. kafla laga um einkahlutafélög, og að það sé fært í samræmi við lög um ársreikninga. Í áðurgreindum úrskurði

yfirkattaneftndar nr. 60/2009 er fjallað um þessa endurmatsheimild:

„Samkvæmt skýlausum ákvæðum lokamálsliðar 2. mgr. 56. gr. laga nr. 90/2003 skal stofnverð gagnjalds hluta í einkahlutafélaginu, sbr. c-lið 1. mgr., ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í efnahagsreikningi sem stofnefnahagsreikningur miðast við. Fyrir liggur að bókfært eigin fé í umræddum efnahagsreikningi var neikvætt um 12.314.095 kr. hvað sem líður verðmæti óbókfærðra óefnislegra eigna, í þessu tilviki áunninna veiðiheimilda. Samkvæmt þessu hefur efnahagsreikningur pr. 27. desember 2004, þegar salan fór fram, enga þýðingu, en til þess efnahagsreiknings hefur verið vísað af hálfu umboðsmanns kæranda. Rétt er að taka fram vegna meðferðar áunninna veiðiheimilda í reikningsskilum að reiknings-skilaneftnd Félagss löggiltra endurskoðenda gaf álit hinn 26. ágúst 1991 um bókun kvóta í reikningsskilum. Í 1. tölul. álitsins segir svo: Áunninn kvóta skipa, sem úthlutað er á skip af Sjávarútvegsráðuneytinu, skal ekki eignfæra. Telja verður að álit þetta upplýsi um góða reikningsskilavenju, sbr. þýðingu slíkrar venju í H 1993:2061. Þá skal bent á að samkvæmt 15. gr. þágildandi laga nr. 144/1994, um ársreikninga, sbr. nú 16. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal því aðeins telja óefnisleg réttindi til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Hið sama kemur fram í 26. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald. Vegna stöðu þess einstaklingsrekstrar, sem hér er ræðir, við yfirfærslu hans í einkahlutafélag samkvæmt 56. gr. laga nr. 90/2003 og áskilnaðar 2. mgr. lagagreinarinnar um að eignir og skuldir skyldu yfirfærast á bókfærðu verði, sem í raun var gætt, verður naumast séð að stofnun einkahlutafélagsins hafi staðist við umræddar aðstæður, hvað sem leið hugsanlegu verðmæti óbókfærðra eigna sem gengu til einkahlutafélagsins við yfirtökuna.“

Ekki er fullljóst hvernig með á að fara þegar ríkisskattstjóri, eftir stofnun einkahlutafélagsins, breytir framtalsgerð (endurákvörðun samkv. 5. mgr. 96. gr. tsl.) þess einstaklingsrekstrar sem yfirfærslan hvílir á. Hver er þá réttarstaðan gagnvart þeim afleiddu breytingum sem sú endurákvörðun ætti að hafa á framtalsgerð einkahlutafélagsins og jafnvel á grundvöllinn fyrir stofnun þess? Mætti til að mynda lækka yfirfærslu rekstrartap hjá félaginu í kjölfar endurákvörðunar sem fæli í sér lækun rekstrartaps hjá einstaklingnum? Hvað ef breytingar á framtalsgerð einstaklingsrekstrarins leiddu til þess að eigið fé hans dygði þá ekki fyrir lágmarkshlutafé, kr.

500.000, og mál æxluðust þannig að hlutirnir í félaginu hefðu skipt um eigendur? Meðan ekki nýtur við fordæmis frá yfirskattanefnd eða dómstólum er sú tilgáta sett fram að félagið þurfi að sæta þeim breytingum á framtalsgerð sem leiða af lögmætum breytingum á skattframtali viðkomandi einstaklings. Að öðrum kosti næst ekki fram rétt skattlagning. Ætla verður að einkaréttarlegir samningar (sala hlutabréfanna) girði vart fyrir að skattyfirvöld geti komið við rétttri skattlagningu. Þessi niðurstaða getur hæglega leitt til ágreinings milli kaupanda og seljanda hlutabréfanna en úrlausn slíks ágreinings heyrir undir önnur réttarsvið en skattarétt.

### III. Meginskilyrði lagaákvæðisins

Samkvæmt 56. gr. tsl. eru þrjú megin-skilyrði fyrir lögmæti yfirfærslunnar: Að reksturinn sé einstaklingsrekstur, að yfirfærslan taki til allra eigna og skulda rekstrarins og að félagið sem við tekur hafi með höndum sams konar rekstur eða starfsemi og einstaklingurinn hafði. Auk þess eru tilgreind önnur atriði sem fyrir hendi þurfa að vera en ekki verður um þau fjallað í þessu greinarkorni.

Á þessi megin-skilyrði reyndi t.a.m. í úrskurðum yfirskattanefndar nr. 44/2006 og 41/2008 (og 42/2008 í máli einkahlutafélagsins). Málin tvö eru eins að því leyti að seldar voru eignir í einstaklingsrekstri með hagnaði og óskað eftir frestun skattlagningar hans um tvenn áramót með vísan til 13. gr. tsl. sem nú er 14. gr. Einkahlutafélag var síðan stofnað á forsendum nefndrar 56. gr., að því er ætlað var, og hinn frestaði söluhagnaður tekjufærður hjá því félagi. Verður hér gerð grein fyrir síðarnefnda málinu (úrskurður nr. 41/2008), en það fór bæði fyrir héraðsdóm og Hæstarétt.

Málavextir voru þeir að einstaklingur hafði með höndum útleigu fasteigna sem hann seldi með skattskyldum hagnaði á árinu 2000 og fór fram á frestun söluhagnaðar um tvenn áramót, sbr. 13. gr. tsl. Á árinu 2002 var X ehf. stofnað með yfirtöku einstaklingsrekstrarins frá og með ársbyrjun 2002. Á skattframtali 2003 taldi félagið fram hinn frestaða söluhagnað. Á þetta féllst skattstjóri ekki og vísaði til þess að gjaldandinn hefði selt fasteignirnar á árinu 2000 og ekki haft með höndum neinn atvinnurekstur eftir það. Ekki verði því séð að yfirfærsla á atvinnurekstri í skilningi 56. gr. tsl. hafi átt sér stað á árinu 2002. Taldi skattstjóri engu breyta í því efni þótt ársreikningur vegna erlendar

hlutabréfaeignar og tölvukaupa á árinu 2001 hefði fylgt skattframtali gjaldandans á árinu 2002. Þá yrði frekast ráðið af skýringum í bréfi umboðsmanns gjaldanda, dags. 6. júlí 2006, að ekki hefðu verið uppi ráðagerðir um að endurfjárfesta í fasteignum eða öðrum rekstrarfjármunum eða endurvekja fyrri rekstur. Af þessum sökum bæri að hækka rekstrartekjur í skattframtali hans árið 2003 um vantalinn frestaðan söluhagnað, kr. 72.785.789, og fella niður tekjufærslu þessa hagnaðar í skattframtali X ehf. árið 2003. Í úrskurði yfirskattanefndar segir svo:

”

Þrjú megin-skilyrði fyrir lögmæti yfirfærslunnar: Að reksturinn sé einstaklingsrekstur, að yfirfærslan taki til allra eigna og skulda rekstrarins og að félagið sem við tekur hafi með höndum sams konar rekstur eða starfsemi og einstaklingurinn hafði

„Skattstjóri byggði hina kærðu ákvörðun á því að í tilviki kæranda gæti ekki verið um að ræða yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag í samræmi við ákvæði 56. gr. laga nr. 90/2003 þar sem telja yrði að kærandi hefði hætt fyrri rekstri, þ.e. útleigu atvinnuhúsnæðis, á árinu 2000 með sölu húsnæðisins. Tók skattstjóri m.a. fram að ekki þætti skipta máli þótt kærandi hefði staðið ekki verið um fasteignarekstur að ræða þau ár heldur einungis erlenda hlutabréfaeign og tölvu sem kærandi hefði keypt á árinu 2001. Allt að einu byggði skattstjóri á því að söluhagnaður sá sem um ræðir í málinu teldist til rekstrartekna kæranda, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, gjaldárið 2003. Þá liggur fyrir að skattstjóri hefur ekki hróflað á neinn hátt við skattskilum kæranda árið 2002 vegna atvinnurekstrar á árinu 2001, sbr. m.a. rekstrarskýrslu (RSK 4.11) með framtalinu,

en samkvæmt skýrslunni hafði kærandi þó engar tekjur af atvinnurekstri á því ári og var tilfært tap ársins 125.569 kr. tilkomið vegna tilgreindra rekstrargjalda, þ.e. aðkeyptrar þjónustu 76.824 kr., ýmiss skrifstofukostnaðar 3.990 kr. og fyrningar tölvubúnaðar 44.755 kr., sbr. fyrningarskýrslu (RSK 4.01) sem einnig fylgdi framtalinu. Samkvæmt rekstrarskýrslunni nam hrein eign í árslok 3.762.438 kr. Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að skattstjóri byggi í raun á því að um atvinnurekstrarlok hafi verið að ræða þegar við sölu atvinnuhúsnæðis árið 2000. Verður að telja að skattstjóri reisi breytingu sína á því að þar sem kærandi hafi látið af rekstri fasteigna árið 2000 og ekki haft slíkan rekstur með höndum í árslok 2001, sem var það tímamark sem meint formbreyting rekstrar miðaðist við, hafi ekki verið um að ræða yfirfærslu fyrri rekstrar kæranda í einkahlutafélag í samræmi við ákvæði 57. gr. C laga nr. 75/1981.

Fyrir liggur að kærandi lét af útleigu atvinnuhúsnæðis á árinu 2000 við sölu húsnæðisins þannig að ekki stóðu eftir aðrar eignir í bókum kæranda í árslok 2000 en bankainnstæður og höfðu allar skuldir vegna rekstrarins þá jafnframt verið greiddar. Engin breyting varð á þessu árið 2001, enda aflaði kærandi sér engra fyrmanlegra eigna á því ári að undanskildum fyrrgreindum tölvubúnaði að bókfærðu verði 179.022 kr. í árslok 2001, sbr. fyrningarskýrslu (RSK 4.01) með skattframtali kæranda árið 2002. Að þessu virtu verður að fallast á það með skattstjóra að ekki var í tilviki kæranda um að ræða yfirfærslu þess rekstrar sem kærandi hafði áður haft með höndum í einkahlutafélag með sams konar rekstur, sbr. áskilnað upphafsákvæðis 57. gr. C laga nr. 75/1981. Þykja fram komnar upplýsingar um kaup [X] ehf. á skrifstofuhúsnæði hinn 26. september 2007 og útleigu þess til [D] hf. frá og með 1. október 2007, sbr. ljósrít af kaupsamningi og húsaleigusamningi, dags. 26. september 2007, sem bærust yfirskattanefnd með bréfi umboðsmanns kæranda, dags. 27. september 2007, engu breyta í þessu sambandi, enda liggur fyrir að [X] ehf. hafði engar tekjur af fasteignarekstri árin 2002, 2003, 2004, 2005 og 2006. Samkvæmt framansögðu verður ekki talið að lagaskilyrði fyrir því að [X] ehf. tæki við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum kæranda hafi verið uppfyllt.“

Sem fyrr getur fór málið fyrir bæði íslensku dómstigin. Í niðurstöðu dóms Héraðsdóms Reykjavíkur segir:

„Samkvæmt beinu orðalagi lagagreinarinnar, um að heimilt sé að yfirfæra skattaréttarlegar



skyldur og réttindi einstaklings í atvinnurekstri til einkahlutafélags, sem stofnað er um reksturinn, er skilyrði yfirfærslunnar að um atvinnurekstur sé að ræða. Fram hefur komið af hálfu stefnenda að stefnandi [E] hafi ekki hætt rekstri þegar hún seldi fasteignina, sem tilheyrði einkarekstrinum, á árinu 2000. Óumdeilt er þó að fasteignin var á þeim tíma eina eignin í atvinnurekstri hennar og húsaleiga af henni einu tekjurnar, eins og fram kemur í rekstrarreikningi ársins 2000. Af hálfu stefnenda er vísað til þess að á þeim tíma hafi þótt rétt að fjárfesta í hlutabréfum, sem sé annað form fjárfestinga, og hafi reksturinn falist í umsýslu þeirra. Stefnendur hafa þó hvorki sýnt fram á að í slíkri umsýslu felist atvinnurekstur né að um sambærilegan rekstur hafi þar verið að ræða og stefnandi [E] hafði með höndum er hún leigði út atvinnuhúsnæði áður en hún seldi það á árinu 2000. Þá verður ekki ráðið af stofnefnahagsreikningi stefnanda [X] ehf. frá 1. janúar 2002, sem vísað er til af hálfu stefnenda, eða öðrum gögnum málsins að félagið hafi haft atvinnurekstur með höndum sem það hafi yfirtekið af stefnanda [E] á því ári.

Þegar þetta er virt ásamt öðrum sjónarmiðum og röksemdum stefnenda, sem rakin eru hér að framan fyrir því að á þeim tíma sem stefnandi [X] ehf. var stofnað hafi stefnandi [E] haft með höndum atvinnurekstur, verður að líta svo á að stefnendur hafi ekki sýnt fram á að um atvinnurekstur hennar hafi verið að ræða í skilningi lagagreinarinnar sem hafi verið yfirfærður til stefnanda [X] ehf.“

Rökstuðningur Hæstaréttar (25. nóvember 2010 í máli nr. 223/2010) er á svipuðum nótum en í niðurlagi dómsins segir:

„Af því, sem að framan greinir, verður að leggja til grundvallar að frá miðju ári 2000 til loka árs 2001 hafi áfrýjandinn [E] engan rekstur haft með höndum, enda verður ekki séð að það eitt að eiga félagið [X] Holding SA geti hafa talist atvinnurekstur í skilningi laga nr. 75/1981. Sama gegnir um áfrýjandann [X] ehf. frá þeim tíma að því leyti, sem hér skiptir máli. Þegar af þessari ástæðu var ekki fullnægt frumskilyrði 1. mgr. 57. gr. c. laga nr. 75/1981 til þess að skattleggja fyrrgreindan söluhagnað sem tekjur áfrýjandans [X] ehf., heldur bar með réttu að fara með hann sem tekjur áfrýjandans [E]. Niðurstaða hins áfrýjaða dóms verður því staðfest.“

Í öðru máli sem lauk með úrskurði yfirskattaneðndar nr. 155/2011 var heldur ekki talið að uppfyllt væri skilyrðið um

yfirfærslu allra eigna rekstrarins. Með hliðsjón af atvikum málsins leit skattstjóri framhjá yfirfærslunni og skattlagði hagnað af eignasölu hjá einstaklingnum en ekki einkahlutafélaginu (sem taldi sig seljanda) og vísaði í því sambandi til grunnreglu 1. mgr. 57. gr. tsl. Yfirskattaneðnd tók ekki afstöðu til þess hvort beita mætti þeirri grunnreglu, en taldi einsýnt að greint skilyrði væri ekki uppfyllt, sbr. eftirfarandi umfjöllun:

„Eins og fram er komið byggði skattstjóri þá ákvörðun sína um að líta fram hjá yfirfærslu [S] úr einstaklingsrekstri [G] í [G] ehf. og líta svo á að [G] hefði selt bátinn úr einstaklingsrekstrinum beint til [Ú] ehf. meðal annars og ekki síst á því að [G] persónulega hefði borist kauptilboð [Ú] ehf. í bátinn hinn 29. janúar 2003 eða tveimur dögum áður en [G] ehf. var formlega stofnað. [...] Þá hefur [G] undirritað tilboðið sem tilboðshafi. Í kauptilboðinu hefur verið strikað yfir orðin báturinn afhendist með því haffærnesskírteini sem skal vera fullgilt og kvaðalaust og hefur [G] handskrifað upphafsstaft sína við þessa útstrikun að því er ráða má. Fyrir neðan skilmála tilboðsins hefur svo verið handskrifað seljandi stofnar einkahlutafélag um bátinn vegna sölu, grásleppuleyfi fylgir ekki með. Við þetta hafa verið handskrifaðir stafirnir GÁ. Verður ekki annað ráðið en að þessar áritanir staft frá [G].“

Samkvæmt þeim stofnskjölum [G] ehf., sem hafa verið rakin hér að framan, þar á meðal kaupsamningi og afsali, dags. 31. janúar 2003, þar sem [G] selur [G] ehf. [S], ásamt veiðileyfi í sóknardaga-kerfinu, þykir ljóst að einungis var um það að ræða að [G] ráðstafaði bátnum ásamt veiðiréttindum út úr einstaklingsrekstri sínum til einkahlutafélagsins við stofnun þess en ekki öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins, sbr. efnahagsreikning einstaklingsrekstrar [G] pr. 31. desember 2002 sem rakin er hér að framan. Skattframtal [G] ehf. árið 2004 staðfestir ennfremur þetta, en ekki verður séð að gögn þau, sem um getur í d-lið 1. mgr. 56. gr. laga nr. 90/2003, liggi fyrir. Þá keypti G annan bát, [T], í stað [S], og hélt rekstrinum áfram um nokkurt skeið. Styður það enn frekar að [G] hafi einungis skipt út bát sínum fyrir annan með greindum ráðstöfunum. Eins og fram er komið er áskilið samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laga nr. 90/2003 að einkahlutafélag það, sem stofnað er í sambandi við yfirfærslu einstaklingsrekstrar í slíkt félag, taki

við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins. Svo var ekki í því tilviki, sem hér um ræðir, og þegar af þeirri ástæðu voru ekki uppfyllt skilyrði 56. gr. laga nr. 90/2003. Með þessu hefur ekki verið skorið úr um það hvort horfa beri fram hjá ráðstöfun bátsins til [G] ehf. og líta svo á að [G] hafi beint og milliliðalaust selt bátinn ásamt veiðiréttindum [Ú] ehf. hinn 25. febrúar 2003 og þá fyrir 14.500.000 kr., eins og skattstjóri hefur talið, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, en þann dag seldi [G] útgerðarfélagi þessu allt hlutafé sitt í [G] ehf. fyrir greint verð, eins og fram er komið. Samkvæmt kaupsamningnum um sölu hlutafjárins var eina eign [G] ehf. [S] ásamt veiðileyfi.“

#### IV.

### Hætta á skattasniðgöngu

Þegar einstaklingur hyggst selja atvinnurekstur sinn er sú hætta fyrir hendi að hann stofni fyrst einkahlutafélag á grundvelli 56. gr. tsl. og selji fljótlega hlutabréfin í félaginu, þar sem af söluhagnaði hlutabréfa þarf einungis að greiða fjármagnstekjuskatt. Hagnaður af sölu einstaklingsrekstrar skattleggst hins vegar í hinum almennu skattþrepum tekjuskatts auk útsvars (álagningar). Á skattyfirvöldum hvílir að sýna fram á að stofnun einkahlutafélags hafi eingöngu verið í þessu skyni. Á það reyndi í málum þar sem sami aðili keypti hlutabréf á sama tíma af þremur einstaklingum sem allir höfðu breytt einstaklingsrekstri sínum í einkahlutafélag á sama tíma og ekki liðu nema 40 dagar frá stofnun einkahlutafélaganna fram að sölu hlutabréfanna. Við skattlagningu hagnaðar sem af hlaust leit skattstjóri framhjá stofnun einkahlutafélaganna og skattlagði hagnaðinn hjá einstaklingunum sem sölu eigna úr einstaklingsrekstri. Voru forsendur skattstjóra þær að stofnun félaganna hafi eingöngu verið af skattalegum ástæðum og engar rekstrarlegar forsendur hafi búið þarna að baki. Tilgangur þessara ráðstafana hafi verið sá einn að komast hjá skattlagningu samkvæmt þeim reglum sem giltu um hagnað af sölu einstaklingsrekstrar, og því yrði að líta framhjá yfirfærslu rekstrarins í skattalegu tilliti, sbr. grunnreglu 1. mgr. 57. gr. tsl. sem feli í sér almenna skattasniðgöngureglu. Í því sambandi benti skattstjóri á hinn skamma tíma sem leið frá stofnun einkahlutafélaganna fram að sölu hlutanna, að engar rekstraráætlanir<sup>3</sup> hafi legið fyrir vegna yfirfærslu rekstrar-

3) Engin lagaskylda er þó til að gera slíkar rekstraráætlanir.

ins í einkahlutafélög og að ekki yki það trúverðuleika þess að ætlunin hafi verið að halda rekstrinum áfram í félagunum, þegar þrír einstaklingar, sem allir hefðu stundað sams konar rekstur, hefðu á sama degi stofnað einkahlutafélög um reksturinn, selt hlutabréfin í þeim á sama tíma og til sama kaupanda. Þá er þess að geta að allir þrír stofnuðu hver sitt einkahlutafélagið í desember 2005 sem yfirfæra átti einstaklingsreksturinn í, en að þeirra sögn varð ekki úr yfirfærslu þar sem stofnun félaganna „hafi ekki verið með þeim hætti sem áskilið sé í 56. gr. laga nr. 90/2003.“

Málin sættu öll kærur til yfirskattanefndar sem lauk þeim með úrskurðum nr. 201-203/2010 þar sem niðurstöðu skattstjóra var hnekk. Sams konar niðurstöðu er að finna í úrskurði yfirskattanefndar nr. 156/2010. Rökstuðningur yfirskattanefndar í fyrrnefndum þremur úrskurðum er samhljóða. Í þeim segir að 56. gr. tsl. beri að skýra í samræmi við það markmið löggjafans að gera einstaklingum í atvinnurekstri kleift að breyta um rekstrarform án þess að til skattlagningar söluhagnaðar komi. Þá segir í forsendum yfirskattanefndar (úrskurður nr. 203/2010):

„Kærandi, [G], mun hafa stundað smábátatútingu um árabíl. Á árinu 2006 stofnaði kærandi einkahlutafélagið [S] ehf., nánar tiltekið hinn 20. apríl 2006, og var rekstur kæranda færður yfir í félagið frá og með 1. janúar 2006, sbr. ákvæði d-liðar 1. mgr. 56. gr. laga nr. 90/2003 og fyrirbyggjandi stofnefnahagsreikning [S] ehf. pr. 1. janúar 2006. Með kaupsamningi, dags. 1. júní 2006, seldi kærandi [Ö] ehf. alla hluti sína í [S] ehf. að nafnverði 500.000 kr. fyrir 40.000.000 kr., en kaupsamningurinn er meðal gagna málsins. Í honum kemur fram að eignir félagsins voru krókaafhlutdeild ásamt krókaafلامarki í tilgreindum fisktegundum, svo sem nánar er sundurliðað í samningnum, og báturinn [M]. Í samningnum kemur jafnframt fram að samkomulag sé með aðilum um að kaupandi, [Ö] ehf., kaupir [M] út úr félaginu á bókfærðu verði þar til búið er að flytja krókaafhlutdeildina og krókaafلامarkið og selji síðan [kæranda] bátinn til baka á sama verði, enda fylgir hann ekki með félaginu, sbr. samþykkt kauptilboð dags. 24.05.2005, eins og þar segir. Þá kemur fram að fasteign [S] ehf. að [L...] ] fylgdi ekki með í kaupunum.

Með bréfi sínu til kæranda, [G], dags. 9. júní 2008, spurðist skattstjóri fyrir um tilgang kæranda með stofnun [S] ehf. á árinu 2006 og sölu félagsins á sama ári og gat þess sérstaklega að skammur tími hefði liðið frá stofnun félagsins þar til það var selt eða um einm og

hálfur mánuður. Í svarbréfi umboðsmanns kæranda, dags. 1. júlí 2008, kom fram að tilgangur með stofnun einkahlutafélagsins hefði verið yfirfærsla á rekstri kæranda í félagið vegna hagstæðara skattaumhverfis einkahlutafélaga. Var tekið fram að ástæða fyrir sölu alls hlutafjár [S] ehf. í kjölfar stofnunar félagsins hefði verið sú að kæranda hefði borist hagstætt tilboð í reksturinn, en bátur félagsins hefði verið gerður út til veiða ef ekki hefði komið til sölu hlutafjárins [sic]. Þessar skýringar hefur kærandi, [G], áréttað á seinni stigum málsins, sbr. kærur umboðsmanns kæranda til yfirskattanefndar, þar sem fram kemur m.a. að ákvörðun um yfirfærslu rekstrar kæranda í einkahlutafélag hafi í raun verið tekin á árinu 2005, en framkvæmd yfir-

”

Er ekki rétt að halda í lagaákvæði sem ekki er lengur brýn þörf fyrir, sérstaklega þegar haft er í huga að ákvæðið gefur færi á að komast undan rétttri skattlagningu?

færslunnar dregist af þargreindum ástæðum. Við yfirfærslu rekstrarins hefði kærandi engin áform haft um rekstrarlok með sölu á hlutum sínum í félaginu.

Að virtum framangreindum skýringum kæranda á tildrögum að sölu hlutafjárins í [S] ehf. á árinu 2006 verður ekki talið að skattstjóri hafi sýnt fram á það að stofnun einkahlutafélagsins í apríl 2006 hafi verið liður í undirbúningi að rekstrarlokum kæranda með sölu hlutafjárins. Þótt skammur tími hafi liðið frá stofnun félagsins til sölu þess verður ekki dregin sú ályktun af þeirri staðreynd einni saman, án þess að fleira komi til, að ákvörðun kæranda um lok rekstrar og sölu hlutafjárins hafi legið fyrir við stofnun [S] ehf. í apríl 2006. Önnur atriði, sem skattstjóri hefur vísað til í þessu sambandi, svo sem umfang rekstrar [S] ehf. á árinu 2006 og vöntun á rekstraráætlun vegna yfirfærslu einstaklingsrekstrar kæranda til félagsins á því ári, þykja hafa takmarkaða þýðingu í þessu sambandi, m.a. í ljósi þess sem fyrir liggur um

flutning á aflahlutdeild [M] yfir á annan bát í eigu kaupanda, [Ö] ehf., í kjölfar sölunnar.“ Eðlilega vakna þær grunsemdir – eins og reyndin var hjá skattstjóra í þessum málum – þegar þrír aðilar fylgjast að með þeim hætti sem hér var lýst, að í raun hafi kaupandi strax verið kominn að rekstrinum þegar hafist var handa við undirbúning á yfirfærslu hans í einkahlutafélag, en meginverðmæti hins selda fólst í aflahlutdeild. Yfirskattanefnd taldi hins vegar að skattstjóra hefði ekki tekist að sýna fram á að þannig væri í pottinn búið. Hún tók samt fram að þótt þess sé ekki krafist í lagaákvæðinu að hinn yfirfærði rekstur verði að vara um tiltekinn tíma í höndum einkahlutafélagsins þá

„verð[í] allt að einu að telja að ef slík yfirfærsla rekstrar er beinlínis liður í rekstrarlokum viðkomandi einstaklings og sölu þess rekstrar sem um ræðir til annars aðila séu skilyrði 1. mgr. 56. gr. laga nr. 90/2003 ekki uppfyllt, enda er þá ekki um að ræða neinn atvinnurekstur á vegum hins nýstofnaða félags.“

Taldi hún þessa túlkun frekast í samræmi við beitingu ákvæðisins í úrskurða- og dómaframkvæmd og nefndi í því sambandi úrskurð yfirskattanefndar nr. 44/2006 og áður nefndan hæstaréttardóm frá 25. nóvember 2010 í máli nr. 223/2010, en tók þó fram að

„atvik í málum þessum hafi ekki að öllu leyti verið af þeim toga sem hér um ræðir.“

Þegar litið er til meginástæðu þeirrar lagasetningar sem hér er um fjallað, sem og úrskurðarframkvæmdar þegar á hana hefur reynt, þykir varhugavert að láta margnefnda lagagrein standa áfram óbreytta og spyrja má hvort ekki sé rétt að fella hana úr tekjuskattslögunum. Í fyrsta lagi hefur markmiði lagaákvæðisins, að gefa einstaklingum í atvinnurekstri kost á að skipta um rekstrarform, þegar verið náð. Þeir sem vildu nýta þennan möguleika í þeim tilgangi sem að var stefnt með lögunum, ættu nú þegar að hafa gert það. Í annan stað er ekki rétt að halda í lagaákvæði sem ekki er lengur brýn þörf fyrir, sérstaklega þegar haft er í huga að ákvæðið gefur færi á að komast undan rétttri skattlagningu (skattasniðganga). Afnáam ákvæðisins úr lögum styðst því við jafnræðis- og siðferðisrök en með því er átt við að allir sem selja einstaklingsrekstur eigi að sæta skattlagningu á sama lagagrundvelli.





# Færeyingar og Íslendingar – samstarf í skattamálum –

Það sýndi sig skömmu eftir bankahrunið hér á Íslandi hverjir voru vinir þjóðarinnar í raun. Ráðamenn í Færeyjum brugðust skjótt við og veittu Íslandi skilyrðislaust 300 milljóna króna gjaldeyrslán á meðan aðrar nágrannarþjóðir okkar settu alls kyns skilyrði fyrir lánveitingum, m.a. að ganga þyrfti frá samningum vegna Icesave við Breta og Hollendinga.





Bjarni Askham Bjarnason, Eyðun Mørkøre og Petur Alberg Lamhauge ásamt Guðrúnu J. Jónsdóttur og Skúla Eggerti Þórðarsyni.

---

## Veistu ef þú vin átt þann er þú vel trúir og vilt þú af honum gott geta geði skaltu við þann blanda og gjöfum skipta fara að finna oft

*Úr Hávamálum*

---

Í desember 2012 endurgreiddi Ísland lánið og til að sýna þakklæti sitt í verki samþykkti ríkisstjórn Íslands að standa fyrir ráðstefnu í byrjun árs 2013 um samstarfsmöguleika Íslands og Færeyja í atvinnu- og nýsköpunarmálum. Á ráðstefnunni sem haldin var í byrjun mars sl. hittust m.a. embættismenn úr íslenska fjármála- og efnahagsráðuneytinu og kollegar þeirra í Færeyjum. Í kjölfarið var færeyskum embættismönnum boðið að koma til Íslands í heimsókn.

Í byrjun apríl komu svo hingað til lands Bjarni Askham Bjarnason, ráðuneytisstjóri færeyska fjármálaráðuneytisins, Eyðun

Mørkøre, toll- og skattstjóri, Leif Abrahamson, regnskabsstjóri og Petur Alberg Lamhauge, ráðgjafi. Áttu þeir fundi með embættismönnum í fjármála- og efnahagsráðuneytinu en heimsóttu einnig nokkrar stofnanir, þ.m.t. ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri kynnti færeyskum starfsbræðrum helstu atriði í íslenskri skattalöggjöf og þær miklu og mörgu skattalagabreytingar sem samþykktar hafa verið frá haustmánuðum 2008. Þá var skipulag stjórnsýslu skattamála kynnt og farið yfir sameiningu skattstjóraembættanna og ríkisskattstjóra sem kom til framkvæmda 1. janúar 2010 og þau verkefni sem fylgdu sameiningunni. Jafnframt kynnti ríkisskattstjóri þann árangur sem náðst hefur í starfsemi stofnunarinnar með auknum afköstum, styttri afgreiðslutíma og nákvæmari yfirferð framtala þrátt fyrir kröfur um aukinn niðurskurð og aðhald í fjárveitingum. Þá var farið yfir þær tæknilegu lausnir sem ríkisskattstjóri notar í starfsemi sinni og

kynntir vefir embættisins. Fundinn sátu þau Skúla Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri, Ingvar J. Rögnvaldsson, vararíkisskattstjóri, Guðrún J. Jónsdóttir, sviðsstjóri alþjóðasamskipta, Páll Kolbeins, sérfræðingur á fjármálasviði, Jón Guðmundsson, skrifstofustjóri á fagsviði og Aðalsteinn Hákonarson, sviðsstjóri eftirlitssviðs.

Gestir okkar voru ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fengu og allir voru sammála um að aukið samstarf á sviði skattamála væri af hinu góða. Ljóst er að litlar þjóðir eins og Ísland og Færeyjar hafa mikið gagn af samvinnu enda er alltaf hægt að læra af öðrum hvort sem dreginn er lærdómur af því sem gengið hefur vel eður ei. Kváðust starfsbræður okkar myndu horfa til þeirrar reynslu sem Íslendingar hafa náð í rafrænni þjónustu, einföldun framtalsskila og árangri í skatteftirliti.

Ákveðið var að stefna að formlegra samstarfi Íslendinga og Færeyinga í skattamálum.

# Kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja

**Pann 1. september næstkomandi mun taka gildi ákvæði laga um einkahlutafélög og hlutafélög er fjallar um kynjahlutföll í stjórnnum félaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Mikilvægt er að félög geri sér grein fyrir þessu enda er tímabil aðalfunda hafið. Einnig er eðlilegt að félög viti hvernig fyrirtækjaskrá muni bregðast við þegar lagaákvæðin verða virk.**

## Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm

er lögfræðingur sem hefur starfað í fyrirtækja- og hlutafélagaskrá frá 2010.



Í þessari grein verður annars vegar farið yfir lagaákvæðin sem fjalla um kynjakvóta í stjórnnum félaga ásamt þeim skyldum um upplýsingagjöf sem lagðar eru á félög, og hins vegar sagt frá því hvernig fyrirtækjaskrá muni vinna eftir þessum ákvæðum frá og með 1. september nk.

Vert er að taka fram að þessi umfjöllun tekur mið af lögum um hlutafélög en ákvæðin um kynjakvóta eru nánast samhljóða í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Sé munur á ákvæðum þessara laga þá verður það tekið sérstaklega fram.

### Hvaða félög þurfa að gæta að kynjahlutföllum í stjórnnum?

Það er í 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 sem fjallað er um kynjakvóta í félögum og er það ákvæði nánast samhljóða 39. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Eini munurinn sem kemur fram er sú almenna regla að í hlutafélögum verða að vera a.m.k. þrjú stjórnarmenn en í einkahlutafélögum er heimilt að vera með einn til tvo stjórnarmenn. Umráedd lagagrein byrjar á eftirfarandi hátt:

*„Í stjórnnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en*

*þrjú í slíkum félögum skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í slíkum félögum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.“<sup>1</sup>*

Þetta þýðir að öll félög með 50 starfsmenn eða fleiri að jafnaði þurfa að fylgja lögum um kynjahlutföll í stjórnnum félaga. Sé félag með færri en 50 starfsmenn að jafnaði þarf ekki að huga að kynjahlutföllum í stjórn. Hér vaknar sú spurning hvað „að jafnaði“ þýðir. Því miður er ekki að finna nánari skýringu á þessu í lögskýringagögnum, en í íslenskri orðabók segir að jafnaður þýði „jöfnuður, að jafnaði, oftast nær, venjulega“, og í samheitaorðabók segir „að jafnaði, að meðaltali, oftast nær, venjulega(st)“. Má því segja að þau félög sem eru að meðaltali með 50 starfsmenn eða fleiri á ársgrundvelli verði að uppfylla skilyrði laga um hlutföll kynja í stjórnnum félaga.

### Hvernig á að tryggja jafnt hlutfall kynja í stjórnnum félaga er falla undir lögin?

Síðar í sömu lagagrein segir:

*„Náist ekki víðhlítandi niðurstaða má samþykka nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar en ákvæði um þetta efni skal taka upp í samþykktir félagsins.“*

Þetta þýðir að að félög eiga að taka upp í samþykktum sínum ákvæði um hvernig eigi að bregðast við ef stjórn er kosin sem uppfyllir ekki skilyrði laga um kynjahlutföll í stjórnnum. Því getur hvert og eitt félag tekið upp sína útfærslu á því hvernig er best að tryggja að við kosningu stjórnar séu skýrar leikreglur um hvernig eigi að bregðast við ef niðurstaðan felur ekki í sér rétta kynjasamsetningu stjórnar. Fyrirtækjaskrá mun því ekki gefa út neinar leiðbeinandi reglur um hvernig slík ákvæði skuli vera orðuð, enda er það í höndum hluthafafundar að taka upp ákvæði er hentar því félagi er þetta varðar. Sem dæmi má nefna er hægt að setja ákvæði í samþykktir sem segir að ef stjórn er kosin meirihlutakosningu

<sup>1</sup> Í 39. gr. ehfl. segir: „Í stjórn einkahlutafélags skulu eiga sæti fæst þrjú menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum manni skal valinn a.m.k. einn varamaður. Þegar stjórnarmenn eru tveir eða þrjú í félagi þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrjú í slíkum félögum skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%.“

milli einstaklinga þá skal sá aðili er fæst atkvæði hefur, en er af því kyni sem ofaukið er í stjórn, víkja sæti fyrir þeim aðila af gagnstæðu kyni er flest atkvæði hefur en náði ekki kosningu í stjórn. Sé kosið milli lista, hvort sem það er meirihlutakosning eða hlutfallskosning, væri ef til vill hægt að setja inn ákvæði um að listar skuli vera fléttulistar, þ.e.a.s. listinn skuli vera þannig upp settur að kynjum sé fléttað niður listann. Einnig er hægt að fara þá leið sem vinsæl er í Noregi að félög skipi uppstillingarnefnd er leggur fram stjórnartillögu á hluthafafundi. Hvernig sem fer, þá er það á ábyrgð hluthafafunda að breyta samþykktum svo þar komi fram hvernig eigi að bregðast við ef niðurstaða kosninga stjórnar er ekki í samræmi við lög.

## Hvaða upplýsingum skal skila inn til fyrirtækjaskrár?

Í sama lagaákvæði segir einnig,

*„Í tilkynningu um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.“*

Þetta ákvæði felur í sér að þegar félög tilkynna stjórnir til fyrirtækjaskrár þá þarf að taka fram hvort í félaginu séu 0-24 starfsmenn, 25-49 starfsmenn eða 50 starfsmenn eða fleiri. Séu starfsmenn 25 til 50 þarf að sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins. Séu starfsmenn 50 eða fleiri að jafnaði þarf að veita upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félags, ásamt því að tryggja að í stjórnnum félagsins sé farið eftir ákvæðum laga um kynjahlutföll.

Stefnt er að því að gefa út nýtt eyðublað um tilkynningu á breytingu á stjórn svo félög geti á einfaldan hátt veitt þær upplýsingar er lög krefjast, og verður það tilbúið fyrir 1. september þegar umrædd upplýsingaskylda félaga verður virk.

## Hvað með framkvæmdastjóra?

Athygli er vakin á því að samkvæmt 65. gr. hfl. skal gætt að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og veita skal hlutafélagaskrá upplýsingar í tilkynningum til skráarinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra. Samþæring ákvæði er í 41. gr. ehfl. Hér er ekki lögð skylda á félög að hafa jafnt kynja-

hlutfall framkvæmdastjóra heldur aðeins farið þess á leit við félög að gæta að kynjahlutföllum við ráðningu. Fyrirtækjaskrá mun breyta eyðublaði um tilkynningu á breytingu á framkvæmdastjórn á þann hátt að auðvelt sé að upplýsa um kynjahlutföll framkvæmdastjóra séu fleiri en einn framkvæmdastjóri starfandi hjá félaginu.

## Hvað gerist 1. september 2013?

Hinn 1. september 2013 eiga félög með 50 starfsmenn eða fleiri að vera með sem jafnast kynjahlutfall í stjórnnum sínum. Það þýðir að frá og með 1. september 2013 mun fyrirtækjaskrá krefjast þess að með tilkynningum um breytingu á stjórnnum muni fylgja með upplýsingar um starfsmannafjölda félagsins. Sé starfsmannafjöldinn að jafnaði yfir 50

”

Þetta þýðir að öll félög með 50 starfsmenn eða fleiri að jafnaði þurfa að fylgja lögum um kynjahlutföll í stjórnnum félaga

starfsmenn verður stjórn ekki skráð nema kynjahlutföll stjórnar séu í samræmi við skilyrði laga. Er það í samræmi við almenn vinnubrögð fyrirtækjaskrár en í dag er hafnað skráningu stjórna ef þær uppfylla ekki skilyrði laga, svo sem ef fjöldi stjórnarmanna er ekki í samræmi við lög og samþykktir félagsins eða ef stjórnarmenn uppfylla ekki hæfisskilyrði laga.

## Hvað gerist ef brotið er gegn lögnum?

„Refsingar o.fl.“ er heitið á XVIII. kafla laga um einkahlutafélög og hlutafélög, og er þar fjallað um hvernig bregðast eigi við ef stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, skoðunarmenn, skilaneftarmenn, útibústjórar erlendra félaga eða aðrir vanrækja skyldur sínar samkvæmt lögnum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafunda. Þar segir að hlutafélagaskrá geti boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að

inna skylduverk af hendi. Er í kaflanum síðar nánari umfjöllun um refsingar o.fl. Rétt þykir að taka fram að fyrirtækjaskrá hefur aldrei beitt ákvæðum þessara kafla þar sem ráðherra hefur ekki sett reglugerð með nánari ákvæði um framkvæmd kafla laganna um refsingar o.fl. Því verður ekki séð að fyrirtækjaskrá sé í aðstöðu til að bregðast við gagnvart þeim félögum er ekki skipa í stjórnir í samræmi við ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnnum. Það eina sem fyrirtækjaskrá getur gert er að synja skráningu á stjórnnum er ekki uppfylla skilyrði laga. Rétt þykir að taka fram að samkvæmt lögum ber félögum að tilkynna um breytingar á stjórnnum innan mánaðar frá því að breyting átti sér stað.

## Hvað gerist næst?

Líkt og komið hefur fram hér að ofan þá mun fyrirtækjaskrá breyta eyðublaðum um tilkynningu um breytingu á stjórn og framkvæmdastjórn svo félög eigi auðveldara með að veita allar þær upplýsingar er löggjafinn óskar eftir. Fyrirtækjaskrá mun hafna skráningu ólöglegra stjórna en ekki verður séð að hægt sé að beita þau félög neinum refsingum, er ekki fara eftir ákvæðum laga.

Fyrirtækjaskrá hefur komið þeim ábendingum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis að æskilegt sé að skýra og bæta lagaákvæðin um kynjakvóta til að einfalda skráningu utanumhald og framkvæmd laganna, en einnig að auðvelda félögum að veita þær upplýsingar er löggjafinn óskar eftir. Fyrirtækjaskrá hefur meðal annars lagt til að skilgreiningin „50 starfsmenn að jafnaði“ sé gerð skýrari þar sem erfitt getur verið fyrir bæði félög og fyrirtækjaskrá að vita hvað sé nákvæmlega átt við með þessu. Er verið að tala um ársverk eða fjölda starfsmanna óháð starfshlutfalli? Einnig hefur verið óskað eftir því að þær tölulegu upplýsingar sem óskað er eftir, svo sem varðandi fjölda starfsmanna og kynjahlutföll starfsmanna og stjórnenda, séu settar fram í ársreikningi félags en ekki í tilkynningum til fyrirtækjaskrár. Ekki kjósa öll félög sér nýja stjórn á hverju ári og því koma þær tilkynningar mjög óreglulega inn. Öll félög skila inn ársreikningi árlega og er sá reikningur lagður fram á aðalfundi til staðfestingar. Á sama aðalfundi er einnig kosið í stjórn félaga. Er því vel við hæfi að slíkar upplýsingar komi fram í ársreikningi og því öllum ljóst við kosningu stjórnar hvort félagið falli undir löggin eða ekki. Vonandi mun ráðuneytið halda áfram þeirri vinnu að betrumbæta ákvæðin um kynjakvóta öllum til heilla.



# Niðurskurður fjárveitinga RSK

## 2010 - 2013



**Ásgeir Heimir Guðmundsson**  
er viðskiptafræðingur. Hann hefur starfað hjá ríkisskattstjóra  
frá árinu 1989 og er nú sviðsstjóri fjármálasviðs.



Ríkisskattstjóri hefur ekki farið varhluta af þeim niðurskurði sem átt hefur sér stað síðustu ár í kjölfar bankahrunsins. Með lögum sem samþykkt voru á haustþingi 2009 voru embætti ríkisskattstjóra og ný skattstjóra sameinuð í eitt embætti og tók sameiningin gildi 1. janúar 2010. Fjárheimild nýs embættis ríkisskattstjóra var 2.446,3 m.kr. vegna ársins 2010, sem var 137,7 m.kr. lækkun á milli ára. Eins og fram kemur í töflunni hefur verið samfelldur niðurskurður frá árinu 2010, þó sýnu mestur fyrstu tvö árin, eða um 280 m.kr. Heildarniðurskurður árin 2010 - 2013 er tæpar 394,5 m.kr.

Á móti kemur að ríkisskattstjóri hefur á umræddu tímabili fengið tímabundnar fjárveitingar.

Í fyrsta lagi til þess að mæta því gríðarlega aukna umfangi sem varð í kjölfar bankahrunsins og til eflingar skatteftirlits. Samtals námu þessar fjárveitingar 126,1 m.kr. og voru upphaflega til tveggja ára. Stærsti hluti fjárveitingarinnar, eða 103,7 m.kr., var síðan framlengdur til tveggja ára, sem þýðir að helmingur þeirra fjárveitingar fellur niður 2014 og hinn helmingurinn 2015.

Í öðru lagi fékk ríkisskattstjóri tímabundnar fjárveitingar til þess að gera breytingar á tölvukerfum sínum vegna ýmissa skattkerfisbreytinga. Á árunum 2010-2012 námu þessar fjárhæðir 115,2 m.kr.

Í þriðja lagi fékk ríkisskattstjóri 90 m.kr. tíma- bundna fjárveitingu á árinu 2013, til eins árs, til

endurbóta á virðisaukaskattskerfinu til þess að mæta kröfum ESB.

Í fjórða og síðasta lagi fékk ríkisskattstjóri síðan 51,2 m.kr. tímabundnar fjárveitingar á árunum 2010 - 2011 til verkefna sem nauðsynlegt var að ráðast í, s.s. kynningarkostnað vegna breytinga á skattalögum, leiðbeiningagerð, vegna innleiðingar á gjaldtöku fyrir farþegagjald, gistináttgjald o.fl.

Eins og nafnið bendir til þá er hér eingöngu um tímabundnar fjárveitingar að ræða sem falla alfarið niður árið 2015. Þá verður niðurskurðurinn að fullu kominn fram.

Augljóslega hefur niðurskurður fjárveitinga kallað á hagræðingu á öllum sviðum. Búið er að skera jafnt og þétt niður í almennum rekstri. Launakostnaður er eðlilega lang stærsti kostnaðarliðurinn, eða um 70% af heildarkostnaði, og því nauðsynlegt að lækka hann. Starfsmönnum hefur því farið fækkandi síðustu ár og mun þeim fækka enn frekar a.m.k. næstu tvö árin. Þess er þó sérstaklega gætt að viðhalda stöðugildum í eftirliti, en skorið er niður á öllum öðrum sviðum.

Segja má að sameining embætta ríkisskattstjóra og skattstjóra hafi komið á góðum tíma. Hún hefur leitt til aukinnar hagræðingar en á sama tíma til meiri og betri þjónustu, samræmdari vinnubragða og öflugra eftirlits. Það má þó ljóst vera að ef halda á uppi góðri þjónustu og öflugri eftirliti verður vart lengra gengið í niðurskurði en orðið er.

Ár	Niðurskurður	Tímabundnar fjárveitingar fengnar	Tímabundnar fjárveitingar felldar niður	Staða tímabundinna fjárveitinga
2010	-137,7	83,7	-	83,7
2011	-141,9	171,1	83,7	171,1
2012	-71,0	18,0	45,0	144,1
2013	-43,9	109,7	60,1	193,7
2014			141,9	51,8
2015			51,8	-
Samtals:	-394,5	382,5	382,5	-

# Upplýsingaskipti á milli ríkja efla skilvirkni skatteftirlits

Það hefur sjálfsgagt ekki farið fram hjá mörgum að fjármálaráðherra Lúxemborgar tilkynnti nýlega að Lúxemborg væri tilbúið að aflétta bankaleynd – að einhverju marki alla vega. Í fréttatilkynningu frá ráðherranum þann 10. apríl sl. kom fram að þar yrði horfið frá 35% afdráttarskatti sem nú er lagður á vaxtatekjur í samræmi við svokallaða Sparnaðartilskipun Evrópusambandsins. Í staðinn myndi Lúxemborg senda upplýsingar um vaxtatekjur til viðeiganda skattfirvalda. Þessi yfirlýsing kemur í kjölfar mikillar alþjóðlegrar fjölmiðlaumfjöllunar um lágs-kattaríki og skattaparadísir.



**Guðrún Jenný Jónsdóttir** er lögfræðingur og hefur unnið við skattframkvæmd í 13 ár. Hún hefur starfað hjá ríkisskattstjóra um árabíl en starfaði áður á skattstofu Reykjanesumdæmis. Hún er nú sviðsstjóri alþjóðasamskipta.

Frá árinu 2008 má segja að ákveðin straumhvörf hafi orðið í umræðu um lágs-kattaríki og þá leynd sem slík ríki við-hafa. Í kjölfar efnahagskreppunnar var G20 ríkjum ljóst að afla þyrfti aukinna tekna til að standa straum af þeim áföllum sem á flestum ríkjum dundu vegna fjárhagsvandráða fjármálastofnana. Þá var ráðamönnum einnig ljóst að standa þyrfti betur vörð um skattstofna og þær tekjur sem af þeim koma. Athygli var þá beint að þeim leiðum og aðferðum sem notaðar eru til að fela tekjur og eignir í lágs-kattaríkjum sem ekki veita neinar upplýsingar til erlendra skattfirvalda þar um. Í kjölfarið komst skriður á gerð svokallaðra upplýsingaskiptasamninga (e. Tax Information Exchange Agreement – TIEA).

## Upphafið

Á árinu 2006 hófst norrænt samstarf á þessu sviði þegar Norræna ráðherranefndin ákvað að Norðurlöndin ættu að standa saman að því að semja við lágs-kattaríki um skipti á skattupplýsingum. Í dag hafa verið undirritaðir samningar við yfir 40 ríki. Norðurlöndin hafa með þessari samvinnu skipað sér á bekk með þeim ríkjum sem náð hafa samningum við hvað flest lágs-kattaríki.


En það er ekki nóg að hafa skrifað undir svona samning ef hvorki er vilji né geta til að standa við það sem um er samið. OECD hafði frumkvæði að því að kalla til samráðs og samvinnu ríki utan OECD um framkvæmd upplýsingaskipta, og í sameiningu var ráðist í gerð ákveðinna lágmarksskilyrða sem þarf að uppfylla svo unnt sé að segja að ríki teljist ekki lengur skattleyndarríki. Þessum skilyrðum má skipta í þrjá flokka:

Í fyrsta lagi þarf að vera fyrir hendi lagaleg heimild til að skiptast á upplýsingum.

Í öðru lagi þurfa að vera til upplýsingar um t.a.m. rétta eigendur (e. beneficial owner) og fjárhagsmálefni svo sem bankareikninga og bókhald.

Í þriðja lagi þurfa yfirvöld að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem eru tiltækar.





## GFTE

Settur var á fót sérstakur vettvangur sem kallast *Global Forum on Transparency and Exchange of Information for Tax Purposes*. Á þessum vettvangi stendur yfir vinna við að skoða og leggja mat á hversu vel ríki standa sig. Skoðunin er svokölluð jafningjaskoðun (e. Peer Review) þar sem unnið er eftir fyrirfram ákveðnum stöðlum, og kannað hvort allir þeir þættir sem þurfa að vera til staðar séu það. Jafnframt er svo kannað hvernig raunveruleg framkvæmd á upplýsingaskiptum er hjá því ríki sem til skoðunar er.

Ferlinu er skipt í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er lagt mat á neðangreind atriði:

- Eru nauðsynlegar upplýsingar og gögn fyrirbyggjandi í ríkinu um t.d.:
  - eignarhald á lögaðilum?
  - bókhald og bókhaldsgögn lögaðila?
- Er skylda á fjármálastofnunum að geyma gögn sem varða viðskiptavini, s.s. hreyfingayfirlit?
- Hvernig er aðgangi skattýfirvalda (eða annarra yfirvalda) að bankaupplýsingum, eigendaupplýsingum o.fl. háttað?

Í síðari hlutanum er svo m.a. skoðað og metið:

- Hvernig uppbygging er á þeirri stjórnsýslueiningu sem er ábyrg fyrir upplýsingaskiptum.
- Hvernig verkferlar fyrir upplýsingaskipti eru.
- Hvernig þagnarskyldu stjórnvalda er háttað.
- Hver raunveruleg reynsla er af upplýsingaskiptum með tilliti til svarhlutfalls, gæða og þess tíma sem tekur að fá umbeðnar upplýsingar.

Í dag eru þau ríki sem hafa samþykkt að taka þátt í þessari vinnu orðin 120 talsins. Þegar þessi ríki eru skoðuð er ljóst að í mörgum þeirra er löng og rík hefð fyrir því að skiptast á upplýsingum við önnur ríki. Önnur ríki hafa verið og eru enn hulin leyndarhjúp og eru að stíga sín fyrstu skref á þessu sviði. Ríkin eiga það þó öll sameiginlegt að hafa samþykkt þá lágmarksstaðla sem OECD hefur samið um varðandi upplýsingaskipti á sviði skattamála. Ákveðið var að skipta ríkjum upp í hópa þannig að sum ríkin fengju eingöngu skoðun vegna

fyrri hlutans sem rakin var hér að framan, og ef allt væri í lagi þá myndu þau „færast“ yfir á seinni hlutann. Fyrsti og annar hluti voru svo aftur skoðaðir saman hjá tilteknum ríkjum.

Ríkið sem verið er að skoða fær sendan spurningalista þar sem spurt er mjög ítarlega út í þau atriði sem skipta máli fyrir þessa skoðun. Þá eru sendir út spurningalistar til annarra ríkja sem hafa verið að skiptast á upplýsingum við það ríki sem til skoðunar er. Þar er beðið um upplýsingar um hvernig upplýsingaskiptin hafi gengið. Hefur beiðnum verið svarað? Hafa umbeðnar upplýsingar borist? Hversu langan tíma tekur að fá umbeðnar upplýsingar? Þetta er á meðal þeirra spurninga sem finna þarf svör við svo hægt sé að taka afstöðu til þess hvort að ríkið taki skyldur sínar á þessu sviði alvarlega.

Þegar búið er að kanna frammistöðu ríkjanna fá þau einkunn eftir því.

## Ísland

Ísland tekur þátt í þessari vinnu og síðastliðið sumar kom sendinefnd í heimsókn þar sem fulltrúar frá Chile og Bretlandi ásamt fulltrúum frá OECD fóru yfir þau

svör sem höfðu verið send frá Íslandi, og þær upplýsingar sem aðrar þjóðir höfðu gefið um reynsluna af upplýsingaskiptum við Ísland.

Af hálfu Íslands voru það fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti), skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra sem báru hitann og þungann af því að svara spurningum sem beindust að Íslandi. Leitað var til Fjármálaeftirlitsins, Sérstaks saksóknara, efnahagsráðuneytisins (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti), Félags löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélags Íslands, Seðlabanka Íslands, Sýslumannsins í Reykjavík, Verðbréfaskráningar Íslands, Þjóðskrár og Ríkislögreglustjóra um spurningar sem snertu verksvið þessara aðila.

Eftir heimsóknina skrifaði sendinefndin skýrslu um niðurstöður sínar sem fjármálaráðuneytið fékk til umsagnar. Lokaskýrsla var svo tilbúin til framlagningar á stórum fundi sem haldinn var í Malasíu í lok febrúar sl. Á þeim fundi var skýrslan borin upp til samþykktar og hún samþykkt án athugasemda.

Í skýrslu Íslands, sem er vegna beggja hlutanna, kemur fram að Ísland hafi staðið við alþjóðlegar skuldbindingar á sviði upplýsingaskipta og innleitt þá staðla sem eru viðurkenndir á þessu sviði með fullnægjandi hætti. Þá tryggir íslensk lög að upplýsingar um eigendur, bókhald og fjárhagsupplýsingar séu til staðar og aðgengileg skattyfirvöldum. Ennfremur kemur fram að þær upplýsingar sem íslensk skattyfirvöld afli vegna framtalsgerðar séu það nákvæmar og ítarlegar að yfirleitt þurfi ekki að kalla eftir viðbótar-

upplýsingum utan frá til að svara þeim upplýsingabeidnum sem berast. Að lokum kom fram að íslensk stjórnvöld svari beiðnum um upplýsingar mjög fljótt og með miklum ágætum.

Í skýrslunni er að finna tvær minniháttar ábendingar til íslenskra stjórnvalda. Í fyrsta lagi var hvatt til þess að Fjármálaeftirlitið haldi áfram því vettvangseftirliti sem væri nýhafið hjá þeirri stofnun. Í öðru lagi var Ísland hvatt til þess að halda áfram á sömu braut og fjölga þeim ríkjum sem unnt væri að skiptast á upplýsingum við með gerð tvísköttunarsamninga eða upplýsingaskiptasamninga.

### Framtíðin

Margir hafa gagnrýnt upplýsingaskiptasamninga og telja að þeir séu gagnlausir í baráttunni gegn lágs kattari kjum, og þar á meðal er *Tax Justice Network* (taxjustice.net) sem er félagsskapur sem m.a. hefur barist fyrir vitundarvakningu um skaðsemi lágs kattari kja.

Í Tíund hafa birst fundafrásagnir, m.a. af fundum samnorræns vinnuhóps um framkvæmd upplýsingaskiptasamninga. Í þessum vinnuhópi sitja fulltrúar frá skattyfirvöldum Norðurlandanna. Eins og komið var að hér að framan þá hafa Norðurlöndin haft með sér samstarf síðan 2006 um gerð upplýsingaskiptasamninga. Vinnuhópurinn heldur í raun áfram þar sem samningavinnu sleppir þannig að á þessum vettvangi skýra fulltrúarnir frá þeirri reynslu sem skattyfirvöld í hverju landi hafa af beiðingu upplýsingaskiptasamninga, hvaða ljón eru í veginum og hvar hlutirnir

gangi smurt. Hér er safnað saman upplýsingum um raunverulegan árangur af þeim samningum sem gerðir hafa verið um upplýsingaskipti. Það er skemmst frá því að segja að árangur Svía er eftirtektarverður. Allt frá árinu 1998 hafa þeir verið með sérstakt eftirlit vegna viðskipta við lágs kattari ki. Fjöldi sænskra skattgreiðenda hefur gefið sig fram og nýtt sér svokallaðar *Voluntary Disclosure* reglur sem mæla fyrir um skattalega meðferð þeirra skattaðila sem sjálfviljugir gefa sig fram með tekjur eða eignir sem ekki hafa sætt skattlagningu í Svíþjóð. Sænsk skattyfirvöld merkja greinilega aukningu í þessum málum, ekki hvað síst eftir því sem upplýsingaskiptasamningum fjölga.

Árangur íslenskra skattyfirvalda er ef til vill ekki orðinn eins áþreifanlegur og þeirra sænsku og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Nægir að nefna að hér á landi eru ekki í gildi sérstakar reglur sem heimila að fallið sé frá refsingu þegar skattaðili gefur sig sjálfviljugur fram með óframtaldar tekjur eða eignir. Engu að síður er vert að nefna að bæði ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ríkisins hafa verið með og eru með til eftirlits og rannsóknar mál þar sem grunur leikur á að tekjur og eignir hafi verið fluttar í lágs kattari ki til að komast hjá íslenskum skatti. Upplýsingaskiptasamningar eru eins og áður sagði verkfæri sem unnt er að beita í þeim tilgangi að afla upplýsinga, eða eftir atvikum sannreyna þær. Þeim málum fer fjölgandi þar sem íslensk skattyfirvöld hafa aflað mikilvægra upplýsinga frá lágs kattari kjum og þar sem slíkar upplýsingar hafa skipt máli fyrir endurákvörðun skatta hér á landi.

Greinarhöfundur er bjartsýnn á að þó svo að upplýsingaskiptasamningar og bætt upplýsingaskipti um skattamál á milli ríkja leysi ekki allan vandann þegar kemur að lágs kattari kjum, þá er því ekki að neita að samningarnir eru mikilvægt verkfæri í baráttunni gegn skattundanskotum og þeirri leynd sem fylgt hefur lágs kattari kjum. Þá mun starf *Global Forum*, sem fjallað hefur verið um hér að framan, eflaust skapa þrýsting á þau ríki sem heykjast við og draga lappirnar í því að koma skikkan á upplýsingavarðveislu og möguleika á að skiptast á upplýsingum.



# Samkeppnismál í forgrunni



Í höfuðstöðvum ríkisskattstjóra er sá háttur hafður á að af og til eru fyrirlesarar fengnir til að halda örkyrningar af ýmsu tagi. Slíkum fundum er einnig miðlað til annarra starfsstöðva RSK með fjarfundakerfi.

Nýlega kom Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins í heimsókn til ríkisskattstjóra og flutti áhugaverða kynningu um starfsemi stofnunarinnar sem hann stýrir og meðferð samkeppnismála almennt. Páll Gunnar kynnti skipulag á eftirliti með samkeppni, mál-skotsheimildir og almenna starfshætti við þær aðstæður þegar grunur er um brot á samkeppnislögum.

Í máli Páls Gunnars kom fram að kjarnaverkefni Samkeppniseftirlitsins væru einkum markaðsmis-

notkun og ólögmaett samráð sem hvoru tveggja væri frá sjónarhóli neytenda og stöðu þeirra þýðingarmikið að sporna gegn. Ennfremur var áhugavert að fylgjast með hversu mikil fjölgun hefur orðið á málum tengdum samkeppniseftirliti á síðustu árum. Ekki var síður áhugavert að sjá upplýsingar um sektargreiðslur og hvernig úrlausnir dómstóla og áfrýjunarnefnda hafa skipast. Erindi Páls var mjög áhugavert og upplýsandi fyrir fundarmenn.

## Breytingar í stjórnendahópi eftirlitssviðs

Vegna tímabundins leyfis Aðalsteins Hákonarsonar sviðsstjóra eftirlitssviðs hafa verið gerðar breytingar á forystusveit skatteftirlits RSK.



Ragnhildur D. Þórhallsdóttir og Sigurður Jensson.

Sigurður Jensson gegnir starfi sviðsstjóra eftirlitssviðs á meðan Aðalsteinn er í leyfi, en hann leiddi áður vettvangsteymi sviðsins. Sigurður er viðskiptafræðingur og hefur starfað hjá RSK frá árinu 2010. Áður hafði hann starfað í sjö ár hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins auk starfa við fjármálastjórnun og bókhald.

Ragnhildur D. Þórhallsdóttir er mannfræðingur. Hún hefur starfað í skattkerfinu frá árinu 1998, fyrst við

atvinnurekstur á skattstofu Reykjaness, síðan í virðisauka-skatti hjá skattstjóranum í Reykjavík en eftir sameiningu við RSK hóf hún störf í vettvangsteymi eftirlitssviðs. Ragnhildur leysir Sigurð Jensson af sem hópstjóri vettvangsteymis meðan hann gegnir starfi sviðsstjóra. Aðrir stjórnendur eftirlitssviðs eru hópstjórnarnir Alda Jónsdóttir og Hilmar K. Hilmarsson í endurskoðunarteymi og Guðni Björnsson í greiningarteymi.

# Tekjudreifing og skattbyrði



**Páll Kolbeins** er rekstrarhagfræðingur og hefur starfað hjá ríkisskattstjóra frá árinu 1999. Páll hefur séð um birtingu og vinnslu skattatölfræði á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga til birtingar í Tíund síðustu ár.

Um langa hríð hækkuðu tekjur landsmanna nær óslitið frá ári til árs og eignir hækkuðu í verði. Stór hluti tekjuaukans á hverju ári var vegna aukinna fjármagnstekna, en stór hluti fjármagnstekna var aflafé lítils hluta landsmanna. Tekjumunur jókst. Þrátt fyrir að jaðarskattar lækkuðu og stighækkun í skattkerfinu minnkaði á þessu tímabili hækkaði meðalskattur framan af þegar tekjur jukust. Fleiri greiddu skatt. Frá árinu 2007 hafa tekjur hins vegar lækkað. Eftir að þáttaskil urðu í efnahagslífi þjóðarinnar hafa tekjur dregist saman. Fleiri greiddu minni skatta árið 2011. Skattar af sambærilegum tekjum hækkuðu hins vegar nokkuð á milli árunna 2007 og 2011, sérstaklega á þá tekjuhæstu í þjóðfélaginu.

## Uppgangur og eftirköst

Um miðjan tíunda áratuginn hófst mikið hagsældarskeið í landinu. Þó að stundum hafi slegið í bakseglin hafa lífskjör farið batnandi. Árið 1992 voru tekjur einstaklinga í landinu tæpir 554 milljarðar á verðlagi í lok árs 2011. Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar tóku tekjur að vaxa hratt. Þær uxu óslitið með auknum hraða fram til ársins 2007, voru þá tæpir 1.435 milljarðar og höfðu hækkað um rúman 881 milljarð, eða 159,2% á tímabilinu. Framteljendum á skattgrunnskrá hafði þá fjölgað um 66.154, úr 198.612 í 264.766, eða um þriðjung. Rauntekjur jukust því mun hraðar en íbúafjöldi í landinu.

Tekjuþróun frá því um miðjan tíunda áratuginn hefur verið sérlega áhugaverð. Tekjuskatts- og útsvarsstofn óx mikið á þessum tíma en fjármagnstekjur og vægi þeirra jókst þó áberandi meira en aðrar tekjur. Ýmsar ástæður voru fyrir mikilli aukningu fjármagnstekna á þessum tíma. Komið var á fót virkum hlutabréfamarkaði sem gerði einstaklingum kleift að fjárfesta í hlutabréfum, en um miðjan níunda áratuginn var landsmönnum gert kleift að draga frá tekjuskattsstofni framlag í rekstur, eins og hlutabréfafrádrátturinn var kallaður þá. Árið 1997 var tekinn upp fjármagnstekjuskattur, sem var 10% skattur á vexti, arð, söluhagnað og leigutekjur. Tekjuskattur lögaðila var lækkaður í nokkrum skrefum, úr 45% í álagningu

1992 í 33% í álagningu 1994, 30% við álagningu 1999 og loks í 18% árið 2003. Einkahlutafélög komu til sögunnar árið 1995 sem gerðu einyrkjum auðveldara að stofna félög um atvinnurekstur og árið 2002 var lögum breytt þannig að auðveldara varð fyrir einstaklinga að flytja rekstur sem áður hafði verið á kennitölu eiganda yfir í hlutafélög án þess að þurfa að greiða söluhagnað við yfirfærsluna.

Bankar voru einkavæddir og alþjóðleg fjármála- og fjárfestingastarfsemi varð umsvifamikil í þjóðfélaginu. Erlent lánsfé streymdi til landsins. Eignarhaldsfélögum sem stofnuð voru um eignarhald á hlutabréfum eða öðrum eignum fjölgaði mikið í byrjun fyrsta áratugar aldarinnar. Mörg þessara félaga stunduðu fjárfestingar á alþjóðavettvangi þar sem höndlað var með hærri fjárhæðir en höfðu þekkt í viðskiptum hérlendis.

Í kjölfar þessara breytinga hækkuðu fjármagnstekjur mikið frá ári til árs. Þegar fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997 voru fjármagnstekjur rétt tæpir 30 milljarðar á verðlagi í árslok 2011. Árið 2007 voru fjármagnstekjur rúmum 335 milljarðar, og höfðu þá meira en elleufaldast frá því fjármagnstekjuskattur var tekinn upp. Sérstaklega hækkaði arður sem greiddur var af hagnaði félaga og söluhagnaður sem hækkaði í takt við aukin umsvif fjármálastarfsemi og hækkandi eignaverð.



Fjármagnstekjur voru 2,5% prósent framtalinna tekna einstaklinga árið 1992. Hlutur þeirra í heildartekjum tók að aukast eftir að fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp. Þær voru 2,6% heildartekna árið 1996, 4,5% árið 1997, 11,6% árið 2004 og 23,4% árið 2007.


Þrátt fyrir að laun, hlunnindi, lífeyrir, tryggingagreiðslur og aðrar greiðslur sem mynda tekjuskattsstofn hafi hækkað ár frá ári hækkuðu fjármagnstekjur þó mun meira. Á milli árunna 2004 og 2005 hækkuðu fjármagnstekjur um 65,6 milljarða, á sama tíma og laun og aðrar greiðslur sem mynda tekjuskattsstofn hækkuðu um 56,4 milljarða. Fjármagnstekjur hækkuðu um 45,6 milljarða á milli árunna 2005 og 2006, og 103,8 milljarða á milli árunna 2006 og 2007. Á sama tíma hækkuðu laun og hlunnindi um 52,3 milljarða og 76,9 milljarða á verðlagi 2011.

Árið 2011 voru heildartekjur einstaklinga tæpir 1.003 milljarðar og höfðu þá lækkað um rúma 432 milljarða að raunvirði, eða 30,1% frá árinu 2007. Mikil lækun fjármagnstekna vekur sérstaka athygli, en fjármagnstekjur, sem voru 335,5 milljarðar árið 2007, voru um 59,2 milljarðar árið 2011 og hafa ekki verið jafn lágar síðan árið 1993. Fjármagnstekjur voru 5,9% tekna einstaklinga árið 2011.

## Dregur í sundur með landsmönnum

Á uppgangstímanum voru sköpuð skilyrði og hvati fyrir atvinnurekstur og fjárfestingu á alþjóðavísu. Á köflum var uppskeran ríkulegri en menn áttu að venjast. Tekjuaukningin í þjóðfélaginu var almenn en þó dró í sundur með þeim tekjuhæstu og hinum almenna launamanni þegar hagnaður blómlegra fyrirtækja var greiddur út til eigenda. Rótgróin fjölskyldufyrirtæki gengu kaupum og sölum meðal eignarhaldsfélaga sem einnig gengu kaupum og sölum. Stór hluti fjármagnstekna á hverju ári var því aflafé tiltölulega lítills hópss manna og kvenna. Þá höfðu margir viðurværi sitt af ýmiss konar fjármálaumsýslu, en laun og aðrar þóknarir í þeirri atvinnugrein voru almennt rausnarlegri en þekktist annars staðar.

Tekjumunur í þjóðfélaginu jókst. Ef fjölskyldur í landinu eru flokkaðar eftir heildartekjum sést að fjórðungur fjölskyldna var með minna en 694.451 kr. í tekjur árið 1992. Síðan þá hefur verðlag hækkað um rúm 138%, eða með öðrum orðum 2,38 faldast. Þessar tekjur jafngilda því 1.652.639 kr. á verðlagi í lok desember árið 2011. Árið 2007 var fjórðungur fjöl-



skyldna með minna en 2.534.564 kr. í tekjur á ári, og því höfðu neðri fjórðungsmörk hækkað um 53,4% að raungildi á tímabilinu. Árið 2007 var helmingur fjölskyldna í landinu með minna en 4.807.920 kr., 75% fjölskyldna voru með minna en 8.981.082 kr. í tekjur, 90% fjölskyldna voru með minna en 14.334.658 kr. í tekjur, 95% fjölskyldna voru með minna en 18.901.397 kr. í tekjur, og 99% fjölskyldna voru með minna en 43.325.410

kr. í tekjur. Tekjumörkin höfðu þá hækkað um 59%, 63,8%, 75,0%, 88,6% og 188,4% frá árinu 1992. Hundraðshluti fjölskyldna samanstóð þá af 1.793 fjölskyldum, ýmist einhleypingum eða hjónum.

## Ástæður tekjumunar

Það er mikilvægt að hafa í huga að þegar fjallað er um fjölskyldur hér er ekki átt við fjölskyldur í hefðbundnum skilningi heldur alla sjálfstæða skattaaðila sem skila

eignasíðu með skattframtali sínu, 16 ára og eldri, einhleypinga annars vegar og hjón og samskattað sambúðarfólk hins vegar. Samanlagðar tekjur hjóna eru því taldar sem tekjur einnar fjölskyldu á meðan tekjur fjárráða ungmenna sem kunna að vera á framfæri þeirra eru taldar sem tekjur annarrar fjölskyldu.

Þá er ekki síður mikilvægt að hafa í huga að hér er ekki verið að fjalla um

þróun launa ákveðinna einstaklinga heldur heildartekjur eins og þær skiptast eftir skilgreindum hópum á hverjum tíma. Tekjur fólks breytast frá einu ári til þess næsta eftir því hvernig árar hjá viðkomandi og frá einu æviskeiði til þess næsta. Þá hækka tekjur eða lækka eftir því hvernig árar í landinu og eftir því hvernig mönnum semst um kaup og kjör.

Fólk á hverju æviskeiði aflar mishárra tekna. Ungmenni sem eru á framfæri foreldra sinna afla jafnan lítilla eða engra tekna, og því hlýtur tekjumunur að aukast þegar tekjur þeirra sem þó hafa tekjur aukast. Lengri tíma er nú varið í uppvöxt og allt atlæti ungvíðisins. Sífellt fleiri verja stórum hluta starfsævinnar í að mennta sig og undirbúa fyrir lífið. Lengra nám leiðir til aukinnar tekjudreifingar á hverjum tíma þegar fleiri fresta því að taka þátt í atvinnulífnum og afla tekna. Munur á tekjum einstaklinga yfir starfsævina þarf hins vegar ekki að hafa aukist. Jafnvel þó svo að allir öfluðu sömu tekna yfir ævina myndi tekjudreifingin á hverju ári vera misjöfn.

Þjóðfélagsbreytingar hafa áhrif á tekjudreifinguna. Einhleypingum og einstæðum foreldrum fjölga. Meira er nú um að ein fyrirvinna sé í hverri fjölskyldu. Tekjulágum fjölskyldum fjölga því saman borið við fjölskyldur þar sem hjón leggjast á eitt að vinna fyrir heimilinu. Heimilis-tekjur þar sem tveir tekjuháir einstaklingar leggjast á eitt eru augljóslega hærra en þar sem aðeins er ein fyrirvinna.


Þá má nefna að álþjóðlegum vinnu- markaði kemur fólk oft til tímabundinna starfa. Annars vegar er oft um einhleypinga að ræða og hins vegar afla þeir tekna hluta úr ári og raða sér í neðstu tekjuþreppin sem getur aukið tekjudreifinguna.

Þá er einnig vert að hafa í huga að ekki er allt talið til tekna, og ekki er greitt fullt verð fyrir allt sem menn njóta í lífinu. Þetta á t.a.m. við um eignaukningu í íbúðarhúsnæði til eigin nota en hækkingu á verðmæti fasteigna getur skapað eiganda mun meiri tekjur en flestir ná að öngla saman í gegnum ævina með því að strita myrkranna á milli.


Þeir sem njóta opinberrar þjónustu, sem ekki er greidd að fullu af þeim sem hennar njóta, telja slíkan ábata ekki til tekna. Þetta á jafnt við um menntun barna og fullorðinna sem og heilbrigðis- og félagsþjónustu sem veitt er af ríkinu, ýmist ókeypis eða gegn vægu gjaldi. Þessi þjónusta er oft það dýr að flestum vinnandi mönnum væri ofviða að greiða hana fullu verði. Ekki er óalgennt að það sé einmitt tekjulægsta fólkið sem nýtur opinberrar þjónustu sem er ekki talin fólki til tekna.

Því er rétt að hafa í huga að tekjur eru ekki algildur mælikvarði á lífskjör. Nú á tímum nýtur fólk ávaxta tækninýjunga sem voru ýmist pípuðraumar eða á þróunarstigi árið 1992. Nægir þar að nefna byltingu í upplýsingatækni og fjarskiptum

## Tekjumörk heildartekna



## Hlutfurð hvers tekjuhóps í fjármagnstekjum



Á góðæristímanum hækkaði raungildi tekna almennt. Tekjur tekjuhæstu hópa fjölskyldna jukust þó sýnu meira en annara framteljenda. Sérstaklega dró í sundur með þeim tekjuhæstu. Hlutfurð fjármagnstekna í tekjum landsmanna fór vaxandi en bróðurpartur fjármagnstekna var aflafé hundraðshluta fjölskyldna í landinu sem þénaði 68,9% fjármagnstekna árið 2007. Síðan þá hafa fjármagnstekjur lækkað mikið og tekjumunur minnkað.

sem hefur breytt lífsskilyrðum allflestra. Það er því ákveðnum erfiðleikum bundið að bera saman tekjur sem mælikvarða á lífsgæði mismunandi þjóðfélaga á mismunandi tímum.

Engu að síður ætti að vera óhætt að draga þá ályktun af þróun tekjumarkaðs hlutfallshópanna að tekjur hafi almennt aukist umtalsvert frá árinu 1992 til 2007, og ekki síst tekjur ákveðins hóps sem aflaði mun hærra tekna en allur almenningur í landinu. Það er sérstaklega áhugavert að sjá hvernig dró í sundur með tekjuhæstu fjölskyldunum, þeim sem töldust til þeirrar tíundar sem taldi fram hæstu tekjurnar og þess eina prósentis þessarar tíundar sem aflaði hæstra tekna.

## Tekjur og tekjudreifing

Lengi hafa verið skiptar skoðanir um tekjur og tekjudreifingu. Í umræðunni blandast saman efnislegur veruleiki og heimspekilegar vangaveltur um frelsi, jöfnuð og réttlæti. Sumir vilja meina að aukin dreifing tekna í þjóðfélaginu þýði aukið frávík frá hinni fullkomnu tekjudreifingu sem er að þeirra mati næsta jöfn tekjudreifing. Er því haldið fram að aukinn jöfnuður leiði af sér meiri almenna hagsæld. Aðrir vilja hins vegar meina að fólk eigi að fá að njóta árangurs erfiðis síns. Framavon og sókn til metorða hvetji menn til góðra verka sem séu forsenda efnahagslegra framfara og samfélaginu öllu til hagsbóta.

Þá eru menn heldur ekki á einu máli um það hvort upplýsingar um slíka dreifingu, eða tölulegar upplýsingar um mannlegt atferli, sem síðan verða forsenda afskipta stjórnámalanna, hafi, eða eigi að hafa, nokkru þýðingu yfirleitt.

Upplýsingarnar sem hér eru birtar byggja á framtöldum tekjum skv. skattframtali, en engar upplýsingar eru í skattframtölum um þá vinnu sem liggur að baki tekjunum. Þá liggja hæfileikar og áhugi fólks á mismunandi sviðum. Sumir eru gæddir sérstökum hæfileikum sem menn eru tilbúnir að greiða hátt verð fyrir vegna þess að miklir hagsmunir eru í húfi og því mikilvægt að störf séu leyst hnökralaust af hendi. Þá krefjast sum störf mikillar menntunar eða dýrmætrar reynslu og sérhæfingar sem kallar á langan tíma, fórnir og kostnað að afla sér. Þeir sem hafa langa reynslu og mikilsmetna sérfræðipækkingu fá iðulega greitt herra kaup, enda er mikil þörf fyrir þetta fólk og eftirspurn eftir starfskröftum þeirra. Þá eru störf sem fáir eru tilbúnir að leggja

fyrir sig. Þessi störf eru oft unnin við erfiðar eða jafnvel hættulegar aðstæður. Oft endast menn ekki lengi í slíkum störfum og starfsævin því styttri en gengur og gerist. Upplýsingar á skattframtölum gefa ákveðna mynd af því hvernig fólki hefur farnast á einu tilteknu ári. Þær sýna hins vegar ekki hvernig viðkomandi farnast á starfsævinni.

Ein meginástæða þess að tekjumunur jókst á árunum fyrir hrun er sú að tekjur af eignum jukust þegar fyrirtæki fóru að skila auknum hagnaði. Atvinnurekstur er yfirleitt áhættusamur. Þar skiptast á skin og skúrir. Mörg fyrirtæki eru rekin með tapi á hverju ári. Nokkur ná að blómstra og skila eigendum ásætlanlegum hagnaði, önnur fyrirtæki mala gull.

”

Meira er nú um að ein fyrirvinna sé í hverri fjölskyldu. Tekjulágum fjölskyldum fjölgar því saman borið við fjölskyldur þar sem tveir vinna fyrir heimilinu

Þó að ríflega 37 þúsund fyrirtæki séu skráð í landinu, og um 40 þúsund heimili telji fram hlutabréf á skattframtali, eru tekjur af eignum mjög mismiklar. Flestir landsmenn hafa lífsviðurværi sitt af launaðri vinnu fyrir atvinnurekendur. Óhætt er að fullyrða að eignarhald á atvinnutækjum er í höndum til þess að gera lítills hluta landsmanna. Í þessu tilliti er rétt að hafa í huga að viðbótarauðlegðarskattur, sem lagður er á eigið fé fyrirtækja, var lagður á 5.212 einstaklinga árið 2012. Það er reyndar ekki loku fyrir það skotið að fleiri muni þurfa að greiða viðbótarauðlegðarskatt þegar lengra líður frá álagningu og ríkisskattstjóri hefur yfirfarið skattframtöl rekstraraðila. Allt að einu þá er dreifing eignarhalds á rekstrareignum ástæðan fyrir því að tiltölulega fáar fjölskyldur afla stórs hluta fjármagnstekna.

## Krónur og aurar

Í byrjun síðustu aldar tók það velriðandi mann tvo til þrjá daga að komast frá Reykjavík til Hvolsvallar. Í dag kæmist sami maður sennilega til Nýja Sjálands og til baka á þeim tíma sem það tók aldamótamenn að ríða þá hundrað kílómetra sem tekur nú u.þ.b. eina klukkustund að aka. Það má þannig segja að í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar sé Nýja Sjáland nær höfuðborgaríbúum en Hvolsvöllur var um aldamótin níttjánhundrað, og að ef farið væri að ítrustu kröfum áhugafólks um umferðaröryggi, og hámarks hraði á vegum lækkaður úr 90 kílómetrum á klukkustund niður í 70 myndi Hvolsvöllur fjarlægjast höfuðborgina í tíma. Það er þannig ekki aðeins vegalengdin sem skiptir máli heldur einnig hversu langan tíma tekur að ferðast þessa vegalengd.

Það er eins með tekjurnar. Virði tekna tekur ekki aðeins mið af því sem fæst fyrir þær heldur einnig af því hvort tekjurnar eru háar eða lágar með hliðsjón af því sem gengur og gerist í samfélaginu. Það er afstætt.

Í stríðsbyrjun 1914 var dagvinnukaup verkakarla í Reykjavík 35 aurar á tímum. Maður sem var með tvöfalt eða jafnvel þrefalt tímakaup miðað við það sem tíðkaðist árið 1914 hefði getað prísað sig sælan. Hugsanlega hefði hann getað samið við vinnuveitandann um að halda sínum 70 aurum út starfsævina, enda hafði verðlag verið til þess að gera stöðugt í nær heilan áratug. Það er hins vegar ekki ólíklegt að tvær grímur hefðu verið farnar að renna á manninn fjórum árum síðar, eða í stríðslok 1918, þegar meðaltímakaup verkafólks var komið í 75 aura. Maðurinn sem hafði verið á tvöföldu kaupum á við meðalmanninn var nú orðinn rétt tæpur meðalmaður.

Meðaltímakaup verkamanna hélt áfram að hækka og árið 1937 var það komið í 1,40 kr. Meðaltímakaup var þá tvöfalt herra en þeir 70 aurar sem samið hafði verið um. Sjötíuauramaðurinn var nú rétt hálfdrættlingur á við meðalmann. Þá hafði kaupmáttur tímakaupsins rétt rúmlega tvöfaldast. Maðurinn með 70 aurana hefði því getað veitt sér helminginn af því sem aðrir verkamenn í Reykjavík gátu veitt sér og sínum, og bjó því við helmingi lakari lífskjör en aðrir. Nú bjó meðalmaðurinn við svipuð kjör og sá sem hafði verið með tvöfalt tímakaup í upphafi heimsstríðsins árið 1914. Sá sem var með 70 aura í kaup árið 1937 bjó hins vegar við helmingi lakari kjör en sá sem hafði þessar tekjur árið 1914.



Sjötíuauramaðurinn hefði þurft að hafa 2,8 kr. í tímakaup ef hann hefði ætlað að halda samfélagsstöðu sinni. Árið 1980, um það leyti sem maðurinn sem samdi af sér settist í helgan stein, var meðaltímakaup verkamanna í Reykjavík 1.908,95 gamlar krónur. Það hafði þá rúmlega 5.454 faldast frá árinu 1914. Kaupmáttur hafði hins vegar aukist um 357%. Þegar rætt er um sambærilegar tekjur skiptir máli hvort menn eru að tala um sambærilegan kaupmátt eða sambærilega stöðu í tekjustiganum.

Allt frá stríðslokum hefur það sjónarmið átt fylgi að fagna á Vesturlöndum að rétt sé að jafna byrði af sífelld hærri opinberum útgjöldum þannig að þeir tekjuhærri greiði herra hlutfall tekna í skatt en hinir tekjulægri. Ef menn fallast á þetta grundvallarsjónarmið hlýtur skattbyrðin að taka mið af því hvað eru almennt taldar háar tekjur og hvað eru almennt taldar lágur tekjur á hverjum tíma. Sjötíu aurar voru e.t.v. hátt tímakaup árið 1914 og gera má ráð fyrir að aðeins hluti landsmanna hafi verið með það hátt kaup á þeim tíma. Þá hefði e.t.v. verið hægt að réttlæta hærri skatt á þessar tekjur. Það hefði hins vegar skotið skökku við ef sami hátekjuskattur hefði verið greiddur af sömu launum árið 1937 þegar meðaltekjur voru 1,40 kr. og 70 aurarnir höfðu misst helminginn af verðgildi sínu.

## Hagur vænkast

Allt frá iðnbyltingu hafa tekjur og lífskjör alls almennings batnað. Óhætt er að fullyrða að almenningur í landinu býr nú við betri lífskjör en gengnar kynslóðir. Þá má einnig ætla að þeir sem nú standa neðstir í tekjustiganum njóti almennt betri lífskjara en yfirstéttin í landinu gerði um aldamótin nítjánhundrað. Það er ólíku saman að jafna húsakynnum á nítjándu öld og raðhúsi í úthverfi, svo ekki sé talað um glæsivillur þær sem auðugustu Íslendingarnir reisa sér nú til dags.

Þeir sem áttu margfalt meira en þeir sem áttu lítið sem ekkert töldust ríkir við upphaf tuttugustu aldar. Má ætla að ef ríki-dæmi ríkustu aldamótamannanna væri framreiknað til árpúsundamóta þá teldist margur sem var álitinn gildur búhöldur í upphafi vélaaldar til vesælla kotkarla í dag. Menn geta svo velt vöngum yfir því hvort að þeir sem búa við sambærileg lífskjör í dag séu ríkir eða fátækir, og þá í leiðinni í hverju ríki-dæmi þeirra væri falið.

Árið 1992 var fjórðungur fjölskyldna með minna en 1.652.639 kr. í tekjur á ári. Árið 2007 voru 15% fjölskyldna

undir þessum mörkum. Helmingur fjölskyldna var með minna en 3.020.341 kr. í tekjur árið 1992. Árið 2007 var ríflega þriðjungur fjölskyldna undir þessum tekjumörkum. Árið 2007 var helmingur fjölskyldna með meira en 4.807.920 kr. í tekjur, en árið 1992 voru hátt í 70% með tekjur yfir þessum mörkum. Þá voru 90% fjölskyldna með minna en 8.191.413 í tekjur árið 1992, en árið 2007 var hátt í fjórðungur fjölskyldna yfir þessum fjárhæðarmörkum. Þá er athyglisvert að sjá að tekjumörk tekjuhæsta eina prósent framteljenda voru 15.021.016 kr., en átta prósent fjölskyldna voru yfir þessum mörkum árið 2007. Árið 1992 voru 140.009 fjölskyldur á skrá og árið 2007 voru þær 179.359.

Tekjur lækkuðu almennt að raunvirði á milli árána 2007 og 2011. Árið 2011 voru neðri fjórðungsmörk við 2.076.135



## Fjármagnstekjur vógu sífelld þyngra í tekjum tekjuhæstu framteljendanna sem voru með sífelld meiri fjármagnstekjur, saman borið við allan almenning

kr., miðgildi var 3.873.684 kr., efri fjórðungsmörk voru við 7.345.540 kr., efri tífundarmörk við 11.878.050 kr., fimm prósent fjölskyldna voru með meira en 15.220.230 kr. í tekjur á ári, og það eina prósent fjölskyldna sem var með hæstu tekjurnar var með meira en 24.348.650 kr. í tekjur á ári. Tekjumörkin höfðu því lækkað um 18,1%, 19,4%, 18,2%, 17,1%, 19,5% og 43,8% frá árinu 2007.

Það er athyglisvert að þrátt fyrir að lækkan tekjumarka sé minni hjá tekjulægstu hópunum þá er hún þó meiri en hjá tekjuhæstu hópunum þegar hliðsjón er höfð af hækkun árána fyrir árið 2007, þ.e. hækkun uppgangarárána fyrir hrun er gengin lengra til baka hjá þeim hópum sem voru með lægstu tekjurnar.

Tekjudreifingin er því enn ójafnari en hún var í upphafi tíunda áratugarins. Þetta þarf ekki að koma á óvart þar sem stærri hluti landsmanna var ýmist ekki á vinnumarkaði eða atvinnulaus árið 2011 en árið 2007.

## Vaxandi tekjumunur

Breyting tekjumarka hefur áhrif á skattstofn á hverju tekjubili. Árið 1992 var sá helmingur fjölskyldna í landinu sem var með lægstu tekjurnar með 109,5 milljarða króna í samanlagðar tekjur á verðlagi í lok árs 2011. Árið 2007 var sambærilegur tekjuhópur með 220,7 milljarða í samanlagðar tekjur, eða 101,5% meiri tekjur en sambærilegur hópur hafði árið 1992. Hlutur þessa hóps í heildartekjum í þjóðfélaginu hafði, þrátt fyrir mikla hækkun tekna, minnkað úr 19,8% í 15,4%. Þau 10% fjölskyldna sem voru með hæstu tekjurnar voru með 159,3 milljarða í tekjur árið 1992. Árið 2007 voru tekjur þessa hlutfallshóps 614,4 milljarðar. Tekjuhæstu 10% framteljenda voru með 285,7% hærri tekjur en sambærilegur tekjuhópur árið 1992. Hlutur þeirra í heildartekjum í landinu hafði einnig aukist úr 28,8% í 42,8%.

Tekjur þeirra tekjuhæstu höfðu aukist mest. Árið 1992 var það eina prósent fjölskyldna sem var með mestu tekjurnar með 30,2 milljarða í samanlagðar tekjur, sem var þá 5,5% heildartekna. Árið 2007 var það eina prósent fjölskyldna sem var með hæstu tekjurnar með 285,2 milljarða í samanlagðar tekjur, sem var þá 19,9% heildartekna í landinu.

Það er athyglisvert hve þungt fjármagnstekjur vógu í tekjum tekjuhæsta hundraðshluta fjölskyldna. Sem fyrr segir voru tekjur hópsins 285,2 milljarðar en þar af var 231,1 milljarður fjármagnstekjur, eða 81% teknanna. Landsmenn voru þá með 335,5 milljarða í fjármagnstekjur þannig að tekjuhæsta eitt prósent fjölskyldna aflaði 68,9% fjármagnstekna í landinu.

Árið 1992 voru fjármagnstekjur í landinu 13,8 milljarðar, á verðlagi í lok árs 2011. Tekjuhæsti hundraðshluti landsmanna var þá með 3.852 milljónir í fjármagnstekjur, sem var þá 12,8% tekna þessa tekjuhóps og um 27,9% fjármagnstekna í landinu það árið.

Það er þannig athyglisvert að á sama tíma og fjármagnstekjur jukust mikið varð dreifing þeirra sífelld ójafnari. Árið 1992 voru þau fimm prósent fjölskyldna sem voru með hæstar tekjur með um 42,3% fjármagnstekna í landinu. Fjármagnstekjur vógu sífelld þyngra í tekjum


tekjuhæstu framteljendanna sem voru með sífellt meiri fjármagnstekjur, saman borið við allan almenning sem hafði tekjur er samanstóðu að megin uppistöðu af launum, hlunnindum, trygginga-greiðslum og lífeyri. Árið 2007 voru þau fimm prósent framteljenda sem voru með hæstar tekjur í landinu með 80,4% fjármagnstekna, sem voru þá, sem fyrr segir, um 23,4% tekna í landinu.

Þegar á heildina er litið hækkuðu heildartekjur fjölskyldna frá 1992 til 2007 um 881,3 milljarða. Þar af var rúmur helmingur tekjuaukans, eða 51,6% vegna mjög hárra tekna 10% fjölskyldna sem voru með hæstu tekjurnar, og 28,9% tekjuaukans var vegna tekna þess hundraðshluta sem var með hæstu tekjurnar. Tekjur fjölskyldna sem voru í neðri helmingi tekjustigans voru hins vegar samanlagt 111,2 milljörðum hærri, og því voru um 12,6% tekjuaukans vegna hærri tekna þessa tekjuflokks.

Þetta ber ekki að skilja sem svo að það eina prósent sem var með hæstu tekjurnar árið 1992 hafi aukið tekjur sínar fram til ársins 2007 meira en sá helmingur sem var með lægstu tekjurnar árið 1992. Allur gangur hefur verið á því hvernig tekjur einstakra fjölskyldna eða einstaklinga hafa þróast á þessum árum. Stór hluti tekjuaukans var vegna fjármagnstekna og stór hluti fjármagnstekna var vegna söluhagnaðar. Söluhagnaður er iðulega tekjur sem taka til hækkunar eigna yfir langt tímabil, og eru taldar fram og skattlagðar á því ári sem þær eru innleystar. Hér er því yfirleitt ekki um stöðugar tekjur að ræða.

Þá er mikilvægt að hafa í huga að tekjur tekjulægstu framteljendanna geta ekki hækkað meira en tekjur framteljenda sem eru með hærri tekjur án þess að það hafi áhrif á stöðu þeirra í tekjustiganum. Þeir sem eru í neðri hluta tekjustigans geta ekki verið með stærri hlut heildartekna en þeir sem standa ofar. Tekjulægri helmingur framteljenda getur því aldrei haft meira en helming heildartekna í þjóðfélaginu.

Ef tekjur tekjulægstu framteljendanna hækka meira en annarra færast þeir upp í tekjustiganum og aðrir framteljendur falla þá niður fyrir þá og taka þeirra stað í neðstu tekjupreppunum. Ef tekjudreifingin er fullkomlega jöfn er hver hundraðshluti framteljenda með samsvarandi hundraðshluta tekna. Ef tekjur þeirra sem standa neðst í slíkri röðun hækka meira en annarra verða þeir tekjuhæstir og afla þá stærri skerfs heildartekna en aðrir. Þetta á hins vegar ekki við um þá tekjuhæstu sem gætu hugsanlega aflað allra tekna í þjóðfélaginu þannig að tekjudreifingin verði



fullkomlega ójöfn án þess að það breyti stöðu þeirra í tekjustiganum.

Sem fyrr segir hafa tekjur lækkað frá árinu 2007. Fjármagnstekjur hafa lækkað mikið og því er ekki við öðru að búast en að tekjur þeirra sem röðuðu sér efst í tekjustigann hafi minnkað meira en hinna. Sá helmingur fjölskyldna sem var með lægstu tekjurnar var með 43,4 milljörðum minni tekjur að raungildi árið 2011 en sambærilegur hópur hafði árið 2007. Tekjur þessa hóps voru 19,7% minni. Tekjur þeirra

fimm prósentu sem voru með hæstar tekjur árið 2011 voru 265,8 milljörðum, eða 56,7%, minni en sambærilegs hóps árið 2007. Af þessari lækkun voru 81,6% vegna lægri tekna þess hundraðshluta sem var efst í tekjustiganum. Það er merkilegt til þess að hugsa að af tæplega 432,2 milljarða tekjulækkun milli árána 2007 og 2011 voru tæpir 217 milljarðar, eða 50,2%, vegna þess að tekjur tekjuhæsta hundraðshluta fjölskyldna lækkuðu um 76,1%. Tekjur í tekjuhæsta fimm prósentu þreppinu

hafa þannig lækkað mun meira en tekjur í öðrum tekjuprepum, eða um 56,7%. Það vekur reyndar athygli að tekjur í neðsta fjórðungnum hafa lækkað meira, að undanskildu tekjuhæsta þrepinu, en tekjur í öðrum hlutfallshópum. Tekjur þessa hóps voru 24,6% minni en tekjur sambærilegs hóps árið 2007. Tekjur hópsins sem var á milli neðri fjórðungsmarka og efstu tíundar lækkuðu hins vegar um 16,7%. Tekjur þeirra tekjuhæstu hafa lækkað, fleiri eru með lægri eða engar tekjur, minna er um hlutastörf og færri útlendingar koma hingað til tímabundinnar dvalar.

## Skattar og gjöld

Skattar eru lagðir á til að standa undir opinberum útgjöldum. Eins og gengur eru skiptar skoðanir um hvert hlutverk hins opinbera er og eigi að vera, hvaða þjónustu það eigi að veita, hverjir eigi að njóta hennar og hver eigi að bera kostnaðinn af því að veita slíka þjónustu. Þar takast meðal annars á sjónarmið um að sá sem njóti þjónustunnar eigi að greiða fyrir hana og sjónarmið um að skattar eigi að taka mið af getu manna til að bera þá.

Sumir eru þeirrar skoðunar að þeir sem njóta opinberrar þjónustu eigi að greiða fyrir hana. Allir greiða þá sama gjald fyrir þá þjónustu sem ríkið veitir óháð því hversu háar tekjur þeir hafa og einnig því hversu háðir þeir eru þessari þjónustu. Þetta á við um þungaskatt og bensín-gjald sem renna til vegamála. Fólk með mismunandi tekjur greiðir þá mishátt hlutfall tekna til að kosta opinber útgjöld. Þeir sem eru með lægstu tekjurnar og þeir sem þurfa að nýta sér þjónustuna greiða herra hlutfall tekna en hinir.

Aðrir líta svo á að skatturinn eigi að ráðast af gjaldþoli hvers gjaldanda. Þeir sem eru aflögufærir leggja þá meira af mörkum til að standa undir opinberri þjónustu en hinir sem hafa úr minna að spila. Þeim sem aðhyllast þessi sjónarmið þykir sanngjarnt og réttlátt að skattar séu stighækkandi þannig að þeir sem taldir eru aflögufærir greiði herra hlutfall tekna í skatt en þeir sem búa við þrengri kost. Þeir efnameiri greiða þá herra hlutfall heildarskatta en sem nemur hlut þeirra í heildartekjum í þjóðfélaginu. Skattbyrðin ræðst því ekki af gjaldþoli hvers skattgreiðanda, heldur af gjaldþoli annarra gjaldanda og tekjumun á milli gjaldanda.

Hugmyndir um getu til að greiða eiga sér rætur í hugmyndum nytjastefnunnar um að skattar eigi ekki aðeins að afla tekna til að standa undir opinberri þjónustu heldur ekki síður að auka almenna velferð

í þjóðfélaginu með því að jafna efnahagslega stöðu borgaranna. Líta menn svo á að þó að mörgum finnist súrt í broti að þurfa að punga út hluta tekna til að standa undir ríkisrekstrinum, sé hagur þeirra efnameiri skertur minna en sem nemur því er hagur þeirra sem njóta bóta eða annarrar opinberrar fyrirgreiðslu er bættur með opinberri aðstoð eða styrkjum. Eða með öðrum orðum, að hinir fátaeku hafi meiri þörf fyrir peninginn en hinir ríku og því sé réttlæt看legt að skattleggja hina efnameiri til að ívilna hinum efnaminni með það að leiðarljósi að auka almenna velferð í þjóðfélaginu. Þá sé jöfnuður einnig markmið í sjálfu sér. Vitanlega eru menn ekki á einu máli um þessa hugmynd.

”

Það er því mikilvægt að átta sig á því að skattbyrði er ekki algildur mælikvarði á það hversu mikið menn greiða fyrir opinbera þjónustu og hversu mikla opinbera þjónustu menn fá fyrir skattana

Skattbyrði manna er mismunandi eftir því hvernig skattar eru lagðir á. Tekjuskattur einstaklinga er stighækkandi skattur þannig að þeir sem afla hæstu teknanna greiða herra hlutfall tekna í skatt en þeir sem eru með lágur tekjur. Gamli fjármagnstekjuskatturinn var jafnt hlutfall af tekjum þannig að allir greiddu sama hlutfall óháð tekjum. Þeir sem höfðu hæstu tekjurnar greiddu hins vegar meira en hinir sem höfðu lægri tekjur.

Gjöld og skattar á lífsnauðsynjar eru stiglækkandi skattar þegar þeir eru bornir saman við tekjur. Þeir tekjulægri greiða herra hlutfall tekna í gjöld á helstu lífsnauðsynjar. Þá hafa menn einnig bent á að virðisaukaskattur vegi þyngra í heimilisbókhalda tekjulágra fjölskyldna þar sem þær eyða bróðurparti tekna til kaupa á helstu nauðsynjum. Þetta þarf þó ekki að vera alveg rétt þar sem menn hneigjast

til að gera vel við sig í mat og drykk þegar hagur tekur að vænkast.

Hægt er að stjórna skattbyrðinni í þjóðfélaginu, þ.e. hverjir greiða skatta, með því að eiga við skatta og gjöld. Tekju- og eignarskattar að frádregnum bótum voru rúmur 221 milljarður árið 2011, og því myndi hver einstaklingur á skattgrunnskrá þurfa að greiða um 845 þús. kr. í skatt ef skattbyrðinni væri jafnað niður á íbúa landsins. Bersýnilega yrði slík skattheimta mörgum ofviða og öðrum þungbær. Mörgum yrði slíkur skattur hins vegar mikill léttir. Ef skatturinn væri jafnt hlutfall tekna, eða flatur skattur án stighækkunar, eins og útsvarið, myndi hver landsmaður greiða 22,1% skatt af öllum tekjum sem hann aflar í tekjuskatt og útsvar. Á hinum pólitíska vettvangi er tekist á um það hvaða verkefnum ríki og sveitarfélög eigi að sinna og hvernig þau skuli fjármögnuð, og sýnist sitt hverjum eins og gengur.


## Skattbyrði

Hvað sem líður pólitískri þrætubókarlist um samneyslu og ríkisútgjöld, vangaveltum um háa skatta og lága skatta, réttláta og óréttláta skattheimtu, ræðst skattbyrði, hvort sem litið er til hvers einstaks borgara eða þess hvernig skattinum er jafnað niður á borgarana, af samspili tekna, skattafrádráttar, skatthlutfalls, skattaafsláttar og bóta. Með því að eiga við þessa þætti skattkerfisins getur Alþingi ákveðið með lögum hverjir greiða skatt, hversu mikið og hvenær.

Það er mikilvægt að átta sig á því að skattbyrði er ekki algildur mælikvarði á það hversu mikið menn greiða fyrir opinbera þjónustu og hversu mikla opinbera þjónustu menn fá fyrir skattana. Bætur sem greiddar eru til ákveðinna hópa sem taldir eru hafa skert gjaldþol eru greiddar út í gegnum skattkerfið og koma til frádráttar skattgreiðslunni, á meðan ýmis önnur þjónusta sem veitt er og kostuð er af ríki og sveitarfélögum, s.s. menntun, heilbrigðis- og öldrunarþjónusta sem og almannatryggingar, er ekki greidd út í gegnum skattkerfið og því ekki dregin frá skattgreiðslu gjaldandans.

Stjórnvöldum væri t.d. í lófa lagið að lækka skatta á einstaklinga en auka gjaldtöku vegna mennta- og heilbrigðismála. Slík skattalækkun þarf ekki að breyta stöðu gjaldandans gagnvart hinu opinbera. Hún gæti, eftir atvikum, versnað eða batnað. Hrein staða margra gjaldanda gagnvart hinu opinbera er því oft og tíðum önnur en mætti ætla af stöðu hans gagnvart skattkerfinu. Á sama hátt þarf að skoða





Skattbyrði hvers hundraðshluta framteljenda í tekjustiganum hefur breyst nokkuð á síðustu tuttugu árum. Á uppgangsárunum, þegar fleiri öfluðu tekna og tekjur hækkuðu, greiddu þeir sem voru neðst í tekjustiganum hverju sinni hærri skatt af tekjum en þeir sem höfðu verið á sama stað í tekjuröðuninni nokkrum árum fyrr. Þegar fjármagnstekjuskattur var tekinn upp lækkaði skattbyrði tekjuhæsta hundraðshluta framteljenda umtalsvert með auknum fjármagnstekjum sem vógu sífellt þyngra. Frá árinu 2007 hafa fjármagnstekjur minnkað og fjármagnstekjuskattur verið hækkaður. Tekjuskattur af hæstu tekjunum hefur snarhækkað. Tekjuhæsta fólkið greiðir nú hærri skatt af minni tekjum en tekjuhæsta fólkið undanfarin ár.

stöðu ríkisins gagnvart borgurunum þegar rætt er um skatta og skattbyrði, þ.e. hvort ríkið er rekið með afgangi eða halla. Hvað sem því líður gefa mælingar sem byggja einvörðungu á skattagögnum aðeins takmarkaða mynd af stöðu borgara landsins gagnvart ríkinu, og öfugt.

Skattar á tekjur og eignir einstaklinga eru aðeins hluti af þeim sköttum sem ríkið leggur á landsmenn, og eru greiddir af tekjum eða sparnaði einstaklinga. Tekju- og eignarskattar sem lagðir eru á tekjur í álagningu opinberra gjalda gefa ákveðna mynd af því hvernig skattbyrði tekju- og eignarskatta skiptist. Hún segir ekki til um það hversu mikið af tekjum hvers einstaklings fer í að kosta opinbera þjónustu.

Ríkisskattstjóri leggur beina skatta á tekjur einstaklinga og reiknar þeim bætur eftir því sem efni standa til, og því tekur umfjöllun um skattbyrði hér aðeins til þeirra upplýsinga sem er að finna í gagnagrunnum embættisins. Hér er þannig ekki um að ræða mælingu á greiðslu-stöðu gjaldandans gagnvart ríkinu heldur hversu mikinn skatt ríkisskattstjóri leggur á tekjur einstaklinga.

### Að axla byrðarnar

Eins og fyrr segir má stjórna því hverjir greiða skatt og hversu mikið þeir greiða með því að ákveða persónuafslátt, skatthlutfall og bætur. Ef enginn persónuafsláttur væri greiddur allir sama hlutfall tekna í skatt, sem væri jafnt skatthlutfallinu. Persónuafslátturinn gengur á móti skattgreiðslunni þannig að enginn skattur er greiddur af tekjum sem eru það lágar að skatturinn af þeim er lægri en, eða jafnhár og persónuafslátturinn. Þegar skatturinn er orðinn hærri en persónuafslátturinn fer gjaldandinn að greiða skatt af hverri krónu sem aflað er umfram skattleysismörk. Jaðarskatturinn, eða skatthlutfallið sem lagt er á tekjurnar er nú í þremur þrepum, 22,9%, 25,8% og 31,8%. Við þetta bætist svo útsvarið sem var 14,44% í staðgreiðslu. Meðalskattur af tekjuskatts- og útsvarsstofni fer því hækkandi þegar tekjur hækka uns hann nálgast að vera jafn skatthlutfallinu. Ef tekjur hækka hraðar en persónuafsláttur greiða fleiri skatt þegar tekjur þeirra sem áður voru undir skattleysismörkum hækka það mikið að þeir fara að greiða skatt.

Talsverðar breytingar urðu á skattkerfinu á árunum 1992 til 2007, og svo aftur frá árinu 2007 til 2011. Á þessum tíma hækkuðu tekjuskattsskyldar tekjur mun meira en persónuafsláttur. Fleiri greiddu skatt, fleiri greiddu meira í skatta og fleiri greiddu herra hlutfall tekna í skatt.

Á þessum árum var skatthlutfallið lækkað sem þýddi að jaðarskattar lækkuðu, eða, eins og fyrr segir, skattur á hverja krónu sem aflað er yfir skattleysismörkum. Vægi bóta minnkaði. Eins og gefur að skilja lækkaði jaðarskattur almennt, en í krónum talið lækkuðu skattar þeirra sem mesta skatta greiddu, mest. Á þessum tíma var aflagður hátekjuskattur sem hafði verið sjö prósent af tekjum yfir ákveðnu marki, og persónuafsláttur var gerður að fullu millifæranlegur á milli hjóna, en lengst af gat maki aðeins nýtt 80% af þeim persónuafslætti sem var ekki nýttur af hinum makanum. Þá var eignarskattur lagður niður. Skattkúrfan varð flatari þannig að minni munur varð á meðalskattbyrði þeirra tekjuhæstu og fólks með meðaltekjur.

Áhugaverðasta breytingin sem gerð var á skattkerfinu var þegar fjármagnstekjuskattur var tekinn upp. Þeir sem höfðu lífibrauð sitt af eignum greiddu 10% skatt af arði og söluhagnaði. Á móti arðinum gátu þeir nýtt persónuafslátt þannig að skattleysismörk voru u.þ.b. þau sömu fyrir þá sem voru eingöngu með fjármagnstekjur og hina sem fengu greidd laun, lífeyri og tryggingabætur.

Árið 1992 var meðalskattur á landsmenn 16,3% af tekjum. Þetta hlutfall hækkaði fram til ársins 2001 en þá var það komið upp í 21,2%. Árið 1992 greiddi sá helmingur fjölskyldna í landinu sem var með minna en 3.020.341 kr. í tekjur samanlagt 2,9 milljarða að raunvirði í tekju- og eignarskatta að frádregnum bótum. Þessi hópur framteljenda var með 109,5 milljarða í samanlagðar tekjur og greiddi því um 2,7% tekna í skatt að frádregnum bótum, sem voru þá um 3,2% þeirra skatta sem lagðir voru á landsmenn árið 1993.

Árið 2007 voru 23,4 milljarðar lagðir á í skatt af tekjum tekjulægri helmings fjölskyldna, sem miðaðist þá, eins og fyrr segir, við tekjur undir 3.873.684 kr. Samanlagðar tekjur þessa hóps voru 220,7 milljarðar. Skattbyrði hópsins var því 10,6%. Tekjur höfðu aukist um 111,2 milljarða, eða 101,5%. Skattar þessa tekjuhóps höfðu aukist um 20,5 milljarða, eða 701%. Ríki og sveitarfélög tóku því um 18,4% tekjuaukans í skatt. Hlutur þessa tekjuhóps í heildarskattbyrði var níu prósent, og var nú hærri en fyrr þrátt fyrir að tekjurnar hefðu ekki aukist jafnmikið og tekjur tekjuhópa sem stóðu hærra í tekjustiganum. Hér er vert að hafa í huga að árið 1992 greiddi tæpur þriðjungur fjölskyldna engan skatt af tekjum og eignum, en árið 2007 var hlutfall þeirra sem ekkert greiddu komið niður undir 15%. Engu að síður er ljóst að skattbyrði tekjulægri helmings fjölskyldna jókst nokkuð á þessu tímabili þegar tekjur hækkuðu og gjaldþol jókst.

Árið 1992 voru 29% fjölskyldna með minna í árstekjur en jafngildir 1.813.212 kr. á verðlagi í lok árs 2011. Samanlagt greiddi þessi tæpi þriðjungur fjölskyldna engan skatt af tekjum og eignum heldur fékk hann a.m.k. 1,2 milljarða greiddar í barna- og vaxtabætur. Árið 2007 greiddu um 16% fjölskyldna engan skatt en þá miðuðust þessi mörk við 1.560.673 kr. á ári. Skattleysismörk höfðu nokkurn veginn fylgt verðlagi á þessum tíma þegar skatthlutfallið var lækkað og persónuafsláttur lækkaði að raunvirði, en aftur á móti hafði dregið nokkuð úr vægi bóta.

Þau 10% fjölskyldna sem voru með hæstu tekjurnar árið 1992 voru með meira en 8.191.413 kr. í tekjur. Samanlagðar tekjur þessa hóps voru 159,3 milljarðar. Af þessum tekjum greiddu þessar fjölskyldur 42,9 milljarða í skatta, þannig að skattbyrði hópsins var um 27%. Hópurinn greiddi u.þ.b. 47,4% álagðra tekju- og eignarskatta á þessum tíma. Árið 2007 miðuðust efri tíundarmörk tekjustigans við 14.334.658 kr. 10% fjölskyldna sem voru yfir þessum mörkum voru með 614,4 milljarða í tekjur. Ríkisskattstjóri lagði 116,8 milljarða í skatt á þessar tekjur. Samanlagt skattbyrði þeirra sem skipuðu þennan tekjuhóp á þessum tíma var 19%, og hafði því lækkað nokkuð frá því sem var árið 1992. Hlutur þeirra í heildarsköttum hafði minnkað en hópurinn greiddi þá um 44,9% heildarskatta. Skattar þessa tíunda hluta fjölskyldna höfðu hækkað um

”

**Engu að síður er athyglisvert að á sama tíma og skattbyrðin lækkaði jókst hlutur tekjuhæsta hópsins í heildarskattbyrði samanborið við aðra tekjuhópa, úr 10,7% í 15,2%**

73,9 milljarða að raunvirði, eða 172,1% á tímabilinu, minna en tekjurnar sem höfðu hækkað um 455,1 milljarð, eða 285,7%. Ástæðan fyrir léttari skattbyrði er sú að ríki og sveitarfélög tóku 16,2% tekjuaukans sem varð í þessu tekjuþrepi á milli árunna 1992 og 2007 í skatta.



Þróun skatta og skattbyrði tekjuhæsta hundradshluta fjölskyldna er sérlega áhugaverð. Eitt prósent fjölskyldna var með meira en 15.021.016 kr. í tekjur árið 1992. Samanlagðar tekjur þessara fjölskyldna voru þá 30,2 milljarðar á verðlagi í árslok 2011. Af þessum tekjum voru teknir 9,7 milljarðar í skatt. Meðalskattbyrði þessa hóps var því 32,2%. Hann greiddi þá um 10,7% tekju- og eignarskatts sem lagður var á landsmenn.

Árið 2007 var eitt prósent fjölskyldna með meira en 43.325.410 kr. í tekjur. Samanlagðar tekjur þessa hóps voru 285,2 milljarðar, eða 844,2% hærri en árið 1992. Þá voru 39,4 milljarðar lagðir á þessar fjölskyldur í tekju- og eignarskatta. Skattarnir voru 305,2% hærri en sambærilegur hópur greiddi árið 1992. Tekjuhæsti hundradshluti fjölskyldna var með tæpum 255 milljörðum hærri tekjur en sambærilegur hópur var með árið 1992. Skattarnir höfðu hækkað um 29,6 milljarða. Skattar af þessum nýju tekjum voru því 11,6%. Meðalskattbyrði hópsins var 13,8%, sem var þá ívið lægra hlutfall tekna en hjá þeim hundradshluta sem var í 38. þrepi tekjustigans. Sá hópur greiddi að jafnaði 13,4% skatt af tekjum.

Tekjuhæsti hópurinn var með 19,9% af tekjunum en um 15,2% skatta voru lagðir á það eina prósent fjölskyldna sem hafði hæstar tekjur þetta árið. Til samanburðar aflaði hópurinn sem var á milli efri fjórðungsmarka og efri tíundarmarka 21,2% tekna í landinu árið 2007 en greiddi 25,4% heildarskatta. Á þessu tímabili hafði fjármagnstekjuskattur verið tekinn upp, hátekjuskattur lagður niður, eignarskattar aflagðir og almennt skattþrep lækkað. Stærstur hluti tekna þeirra sem stóðu efst í tekjustiganum var söluhagnaður og arður, og því greiddu þeir að jafnaði lægri skatt af tekjum en var greiddur af launum, lífeyri og tryggingabótum. Engu að síður er athyglisvert að á sama tíma og skattbyrðin lækkaði jókst hlutur tekjuhæsta hópsins í heildarskattbyrði samanborið við aðra tekjuhópa, úr 10,7% í 15,2%. Tekjur þessa hundradasta hluta fjölskyldna jukust það mikið umfram tekjur annarra tekjuhópa að meira en dugði til að vega upp verulega lækkun skattbyrði, úr 32,2% í 13,8%.

## Breyttar áherslur

Eftir hrun breyttust áherslur í skattmálum nokkuð. Tekið var upp margþrepa skattkerfi þar sem hæsta þrepið var talsvert hærra en í gamla staðgreiðslukerfinu sem verið hafði við lýði frá árinu 1988. Í álagningu 2010 var staðgreiðsluhlutfallið 37,2%. Hæsta skatthlutfallið í nýja kerfinu sem var í gildi í álagningu 2011 var 46,12% af tekjum yfir 7.800.000 kr. á ári. Tekjur lækkuðu almennt, sérstaklega lækkuðu fjármagnstekjur, einkum af söluhagnaði, og tekjur þeirra sem höfðu haft hæstu tekjurnar í þjóðfélaginu. Þá var fjármagnstekjuskattur hækkaður úr 10% í 20% og sérstakur skattur var lagður á svokallaða auðlegð eða eignir efnamanna.



Framan af tíunda áratugnum jukust tekjur þeirra tekjuhópa sem voru með hæstu tekjurnar meira en hinna. Tekjuhæsti hundraðshluti fjölskyldna í landinu var með 5,5% tekna í landinu árið 1992. Hann greiddi þá 10,7% þeirra skatta sem lagðir voru á. Árið 2002 aflaði tekjuhæsti hundraðshluti fjölskyldna 8,7% tekna í landinu. Hlutar hans í heildarsköttum hafði lækkað í 8,3%.

Árið 2007 hafði hlutar tekjuhæstu fjölskyldnanna í heildartekjum hækkað í 19,9% af tekjum í landinu. Þrátt fyrir að skattbyrðin hefði minnkað þannig að þeir greiddu almennt lægri skatt en meðalmaðurinn hafði hlutar þessa hundraðshluta í heildarskattbyrði aukist í 15,2%. Árið 2011 var tekjuhæsti hundraðshluti fjölskyldna með 6,8% heildartekna. Hann greiddi þá 10,9% álagðra skatta. Hlutar hans í heildarsköttum hafði minnkað þrátt fyrir að skattar hefðu verið hækkaðir og stighækkun í skattkerfinu aukin.



Þessar breytingar hafa leitt til þess að skattbyrði einstaklinga og tekjuhópa hefur breyst nokkuð frá því sem var áður en þáttaskil urðu í efnahagslífi landsins. Þeir sem hæst standa í tekjustiganum greiða nú hærra hlutfall tekna í skatt á meðan skattar þeirra tekjulægri hafa lækkað nokkuð þegar lítið er til stöðu þeirra í tekjustiganum.

Árið 2011 var helmingur fjölskyldna í landinu með minna en 3.873.684 kr. í tekjur. Þessi mörk hafa því lækkað um 19,4% frá árinu 2007. Samanlagðar framtaldar tekjur þessa hóps voru 177,3 milljarðar árið 2011 sem er 43,4 milljörðum eða 19,7% lægra að raungildi en árið 2007. Á þessar tekjur var lagður 16,4 milljarða skattur, eða 9,2%. Skattar á þennan helming fjölskyldna höfðu lækkað um 7 milljarða, eða 29,9% meira en tekjurnar. Meðalskattbyrði tekjulægri helmings fjölskyldna hafði lækkað úr 10,6% í 9,2%.

Ef tekjuhæsta tíundin er hins vegar skoðuð sést að tekjumörkin hafa lækkað úr 14.334.658 kr. í 11.878.050 kr., eða um 17,1%. Tekjur þess hóps sem var yfir þessum mörkum lækkuðu um 289,7 milljarða, úr 614,4 milljörðum í 324,7 milljarða, eða um 47,2%. Af þessum tekjum greiddi þessi hópur 99,6 milljarða í skatta árið 2011, eða 30,7% af tekjum. Tekjuhæsta tíund fjölskyldna greiddi 17,3 milljarða, eða 14,8% minna en sambærilegur hópur greiddi árið 2007. Tekjurnar minnka um 47,2% en skatturinn aðeins um 14,8%. Meðalskattbyrði á þessu tekjubili hækkaði því úr 19% árið 2007 í 30,7% af tekjum árið 2011. Hlutur tekjuhæstu tíundar fjölskyldna í tekjum landsmanna minnkaði úr 42,8% árið 2007 í 32,4% árið 2011. Hlutur þeirra í heildarskatti hélst hins vegar nær óbreyttur. Tekjuhæsta tíund fjölskyldna greiddi um 45% af þeim sköttum sem lagðir voru á tekjur og eignir landsmanna.

Engum blöðum er um það að fletta að skattar á tekjuhæsta fólkið í landinu hafa hækkað verulega. Stórs hluta tekna tekjuhæstu tíundarinnar var aflað af þeim hundraðshluta fjölskyldna sem var með hæstu tekjurnar. Tekjuhæsti hundraðshlutur gjaldenda var með meira en 43.325.410 kr. í tekjur árið 2007. Árið 2011 höfðu þessi tekjumörk sigið niður í 24.348.650 kr., eða um 43,8%. Samanlagðar tekjur þessa hóps voru 285,2 milljarðar árið 2007 en 68,2 milljarðar árið 2011. Tekjur þeirra sem voru efst í tekjustiganum voru því 217 milljörðum, 76,1%, minni árið 2011 en árið 2007.

Það er athyglisvert að tekjuhæsta eina prósent fjölskyldna var með 285,2 milljarða af þeim 614,4 milljörðum sem tekjuhæsta tíundin var með, eða 46,4% teknanna árið 2007. Tekjuhæsti hundraðshluti fjölskyldna greiddi 39,4 milljarða í skatt af þessum tekjum. Árið 2011 greiddi tekjuhæsti hundraðshlutinn tæpir 24,1 milljarðar í skatt, sem var þá 35,4% af tekjum.

Það er sérstaklega áhugavert að bera saman skiptingu tekna og skattbyrði einstaklinga á árabílinu 1992 til 2011. Hlutur tekjuhæstu framteljendanna í heildartekjum jókst úr 5,5% árið 1992 í 5,9% árið 1997, í 8,7% árið 2002, og loks í 19,9% árið 2007. Hlutur þeirra í heildarskattbyrði landsmanna var 10,7% árið 1992, 9,1% árið 1997, 8,3% árið 2002 og 15,2% árið 2007. Hlutur þeirra í heildartekjum hafði þannig hátt í fjórfaldast á sama tíma og hlutur þeirra í heildarskattbyrði hafði aukist um u.þ.b. 50%.

Sá fjórðungur fjölskyldna sem var með tekjur á milli miðgildis og efri fjórðungsmarkna var hins vegar með 26,1% af heildartekjum í þjóðfélaginu og greiddi 19,4% heildarskatta í upphafi tíunda áratugarins. Hlutur þessa fjórðungs í tekjum lækkaði hins vegar fram til 2007 þegar tekjur tekjuhæstu framteljendanna á hverjum tíma jukust og var þá 20,6% á sama tíma og hlutur þessa fjórðungs í sköttum hækkaði og var 20,7% árið 2007. Þetta hlutfall var 23,1% árið 2004.

Því má ekki gleyma að annars vegar er verið að ræða um einn hundraðshluta fjölskyldna og hins vegar fjórðung fjölskyldna, eða allt að 25 sinnum fjölmennari hóp. Það eru vafalaust fleiri einhleypingar í tekjulægri hópnum en þeim tekjuhærri. Engu að síður segir þessi breyting á heildarskattbyrði ákveðna sögu. Skattar voru lækkaðar á þann hóp sem greiddi hæstu skattana í þjóðfélaginu á þessu tímabili á meðan þeir sem voru með lægri tekjur tóku á sig stærri skerf af skattbyrðinni.

Þá er ekki síður áhugavert að skoða hvernig skattbyrði landsmanna þróaðist eftir þá þungbæru orlgatíma sem fylgdu í kjölfar falls bankanna. Hagnaður fyrirtækja dróst saman, arður minnkaði og eignaverð lækkaði, atvinnuástandið versnaði og hálaunastörfum fækkaði. Algert hrún varð í fjármagnstekjum. Tekjur þeirra tekjuhæstu drógust mjög saman á sama tíma og þeim fjölgaði sem voru með lágar tekjur.

Sem fyrr segir var tekjuhæsti hundraðshluti landsmanna með 19,9% af tekjum árið 2007. Árið 2011 var hlutur tekjuhæstu

fjölskyldnanna 6,8% af tekjum landsmanna. Hlutur þessa hóps í heildartekjum var lítið hærri en árið 1992. Þessir framteljendur greiða nú 10,9% álagðra skatta. Þrátt fyrir að skattbyrði þessa hlutfallshóps hafi snarhækkað, úr 13,8% í 35,3%, greiðir hann nú 15,3 milljörðum minna í skatt eða 38,9%. Hlutur þessara skattgreiðenda í heildarskattbyrði landsmanna hefur lækkað. Hlutur þeirra fjögurra prósentna fjölskyldna sem standa þar fyrir neðan jókst hins vegar. Þessi hópur var með 13,4% tekna og greiddi þá 18,8% skatta.

Lægri tekjur þeirra tekjuhæstu hafa leitt til þess að þeir sem stöðu neðar í tekjustiganum, sá fjórðungur fjölskyldna, sem var á milli miðgildis og efri fjórðungsmarkna, jókst á milli árána 2007 og 2011, úr 20,6% í 24,4%. Hlutur þessara framteljenda í heildarskattbyrði hefur lækkað úr 20,7% í 20%.

Lægri tekjur og breytingar á skattkerfinu hafa leitt til þess að þrátt fyrir að landsmenn hafi almennt greitt hærra hlutfall tekna í skatt af tekjum ársins 2011 en ársins 2010, þá greiða 2/3 fjölskyldna, eins og þær eru skilgreindar hér, lægra hlutfall tekna í skatt en árið 2007. Sá þriðjungur fjölskyldna sem stendur efst í tekjuröðuninni greiðir hærri skatt.


Eins og gefur að skilja eru einhleypingar fjölmennir í neðri hluta tekjustigans á meðan hjón og samskattað sambúðarfólk, þar sem íðulega eru tvær fyrirvinnur, eru fjölmennari í efri hluta tekjustigans. Meðalskattbyrði hjóna og samskattaðra var 17,8% árið 1992. Hún hækkaði í 22,1% árið 2002. Árið 2007 var hún 18,7% en hækkaði í 24,2% á tekjur ársins 2011. Meðalskattbyrði hækkaði um 5,5 prósentustig. Frá árinu 1992 til 2007 greiddu fleiri samskattaðir hærri skatt. Neðstu 87 tekjuþrepin greiddu hærra hlutfall tekna í skatt en sambærilegir tekjuhópar árið 1992. Hins vegar greiddu 13 efstu tekjuþrepin lægra hlutfall tekna í skatt. Frá árinu 2007 hafa orðið endaskipti á þessari þróun. Tekjuhæsta 81% hjóna greiddi hærra hlutfall en sambærilegur hópur gerði árið 2007, á sama tíma og 19% tekjulægstu hjóna greiddu lægra hlutfall tekna í skatt. Tekjuhæsti hundraðshluti hjóna greiddi 13% skatt af tekjum árið 2007, en í álagningu 2012 var lagður tekju- og eignarskattur á þetta fólk sem var 36,6% af heildartekjum.

### Sambærilegar tekjur

Sem fyrr segir greiddu um 2/3 tekjulægstu fjölskyldnanna lægri skatt af tekjum sem aflað var árið 2011 en sambærilegir hópar

## Meðalskattur á tekjur og eignir einstaklinga

Raðað eftir heildartekjum



Ef framteljendum er ráðað í vaxandi röð eftir heildartekjum þannig að eitt prósent framteljenda er á hverju tekjubili og skattar að frádregnum bóttum reiknaðir sem hlutfall af tekjum sést meðalskattbyrði hvers tekjuhóps. Með því að færa tekjumörk hópanna á fast verðlag má bera saman skattbyrði hópa með svipaðar tekjur við skattbyrði hópa með sambærilegar tekjur á fyrri árum. Almenn greiddi fólk hærri skatt af sambærilegum tekjum árið 2011 en árið 2007. Skattar á lægstu tekjurnar hafa hækkað minna, eða staðið í stað. Skattar á millitekjufólk hafa hækkað nokkuð. Skattar á hátekjufólk hafa hækkað umtalsvert.

gerðu árið 2007. Tekjur hafa almennt lækkað og almennt greidda menn lægra hlutfall tekna í skatt af lægri tekjum. Lífskjör í landinu hafa versnað og færri geta leyft sér sömu lystisemdir og áður.

Almennt var greiddur hærri skattur af sambærilegum tekjum árið 2011 en árið 2007, þ.e. sambærilegum miðað við kaupmátt. Menn þurftu hærri tekjur til að geta leyft sér sama munað árið 2011 og þeir nutu árið 2007. Hærri tekjur færa menn herra upp tekjustigann og þeir sem eru ofar í tekjustiganum greiða herra hlutfall tekna í skatt, sérstaklega þeir sem eru alveg efst.

Sem fyrr segir lækkuðu rauntekjur almennt sem að óbreyttu hefði skýrt lægri skatta að einhverju leyti. Árið 2011 voru 1.829 fjölskyldur við neðri fjórðungsmörk tekjustigans. Þessar fjölskyldur voru með 1.995.355 til 2.076.135 kr. í tekjur, og greiddu 6,1% af tekjum í skatt til ríkis og sveitarfélaga. Árið 2007 voru 18% fjölskyldna með minna en 1.939.783 kr. í tekjur. Þær 1.794 fjölskyldur sem voru við neðri fimmtungsmörk voru með 2.031.630 til 2.126.846 kr. í tekjur og

greiddu þá 4,5% skatt af tekjum. Hærri skattur var því almennt greiddur af nokkurn veginn sambærilegum tekjum miðað við kaupmátt en árið 2007.

Árið 2011 voru 1.829 fjölskyldur um miðjan tekjustigann með 3.767.411 kr. til 3.873.684 kr. í tekjur. Þessar fjölskyldur greiddu þá 15,3% skatt af tekjum. Árið 2007 voru 40% fjölskyldna með minna en 3.733.376 kr. í tekjur. Sá hundraðshluti sem var rétt yfir þessum mörkum var með 3.733.376 kr. til 3.838.306 kr. í tekjur, og greiddi 14,2% tekna í skatt.

Árið 2011 var sá hundraðshluti sem var við efri fjórðungsmörk með 7.135.343 til 7.345.540 kr. í tekjur. Þessar fjölskyldur greiddu að jafnaði 21,1% skatt af tekjum. Ef tekjur þessara fjölskyldna hefðu verið óbreyttar að raungildi frá árinu 2007 þá hefðu þær verið í 67. og 68. tekjuprepi, sem markaðist af 7.031.787 kr. neðri mörkum og 7.420.153 kr. efri mörkum. Þeir sem röðuðust í þetta þrep árið 2007 greiddu þá að jafnaði 18,7% skatt af tekjum.

Þá voru 10% fjölskyldna með meira en 11.878.050 kr. í tekjur árið 2011. Framteljendur sem voru rétt fyrir ofan þessi mörk

greiddu 26,8% skatt að meðaltali af tekjum og eignum árið 2011. Ef tekjur þessara hjóna hefðu ekki hækkað umfram verðlag og engar breytingar hefðu verið gerðar á skattkerfinu frá árinu 2007, hefði þessi hópur fjölskyldna greitt um 22,0% skatt af tekjum og eignum. Rúmlega 15% fjölskylda voru yfir þessum mörkum árið 2007.

Loks er fróðlegt að skoða hvernig skattbyrði þess eina prósent sem var með hæstu tekjurnar hefur þróast. Tekjuhæsti hundraðshluti framteljenda var með meira en 24.348.650 kr. í tekjur árið 2011. Hópurinn sem var yfir þessum mörkum greiddi þá 35,3% skatt af tekjum. Tæplega þrjú prósent fjölskyldna voru yfir þessum tekjumörkum árið 2007 og greiddu þá 23% skatt af tekjum. Skattar hækkuðu mest á þá sem höfðu hæstu tekjurnar.

Þrátt fyrir að fleiri hafi greitt lægri skatta árið 2011 en árið 2007 greiddu menn almennt hærri skatt af sambærilegum tekjum, þ.e. sambærilegum með hliðsjón af kaupmætti, ekki sambærilegum miðað við það sem gekk og gerðist í þjóðfélaginu. Skattar á hæstu tekjurnar hækkuðu mest.

# Margfalt betri skil ársreikninga



## Ólafur Magni Sverrisson

er viðskiptafræðingur sem hefur starfað í fyrirtækja- og hlutafélagaskrá frá 2007 og einnig í ársreikningaskrá frá 2010.

”

Hugsanleg úrræði til að bæta enn frekar skil til ársreikningaskrár gætu m.a. falist í afskráningu á félögum sem skila hvorki ársreikningum né skattframtölum

Á ákveðnum punkti er gott að líta yfir farinn veg. Vega og meta hvort við séum á réttri leið og leggja mat á þá vinnu sem hefur verið innt af hendi. Áramót þykja þá hentug til viðmiðunar, bæði við fortíðaruppgjör sem og við mótun skýrari framtíðarsýnar. Í þessari grein verður einungis fjallað um skil til ársreikningaskrár á árinu 2012, óháð öðrum verkefnum sem felast m.a. í veitingu heimildar til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, eftirliti með félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, vinnslu endurupptökubeiðna vegna fésekta o.fl.

Árið 2012 var viðburðaríkt hjá ársreikningaskrá. Ársreikningaskrá tekur við og birtir opinberlega ársreikninga skilaskyldra félaga skv. ársreikningalögum og eru þar á meðal hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, sameignar- og samlagsfélög yfir ákveðnum stærðarmörkum, ásamt öðrum félagsformum með takmarkaðri ábyrgð eigenda. Að þessu sinni var 33.081 félag skilaskyldt vegna ársreiknings 2011 sem bar að skila inn til ársreikningaskrár ekki seinna en 31. ágúst 2012.

Ef einungis er litið til þess hversu mörg félög höfðu skilað inn ársreikningi 2011 á lokaskiladegi þann 31. ágúst 2012 mætti telja að uppskeran hafi verið ansi rýr en einungis 22,1% skilaskyldra félaga höfðu þá skilað ársreikningi. Ef litið er aftur í tímann og skil síðustu ára skoðuð virðist

þó þróunin vera í rétta átt. T.d. voru skil vegna ársreikninga ársins 2007 einungis 15,4% á þeim degi sem félögum bar að hafa skilað ársreikningi skv. lögum. Á meðfylgjandi töflu má sjá hvernig skil hafa þróast síðustu ár.


Á árinu 2011 var í fyrsta sinn beitt sektarákvæði ársreikningalaga. Öll félög sem höfðu ekki skilað ársreikningi 2009 til ársreikningaskrár voru sektuð um 250.000 kr. en það er lágmarksfjárhæð sem ársreikningaskrá getur ákvarðað um skv. reglugerð nr. 664/2008 um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga. Að hámarki er sekt 500.000 kr. fyrir hvert reikningsár vegna ítrekaðra vanskila. Á árinu 2012 var farið í samsvarandi aðgerðir vegna vanskila á ársreikningi 2010 og voru 1.417 félög sektuð þann 19. júní 2012.

Ársreikningaskrá telur að þessar aðgerðir hafi skilað þeim árangri að ársreikningar séu nú sendir inn fyrr en áður. Á línuritinu má sjá hvernig dreifing á innsendingu ársreikninga lítur út yfir tiltekið ár. Á hverju ári berast ársreikningar fyrr en árin þar á undan en stærsta stökk síðustu ára er á milli ársreikninga 2009 og 2010, sem má væntanlega rekja beint til þeirra aðgerða sem farið var í vegna ársreikninga 2009. Þann 31. desember 2012 voru heildarskil á ársreikningum 2011 komin í 76,2% en voru 74,3% árið áður vegna ársreikninga 2010, og þar áður einungis 66,4% vegna ársreikninga 2009.

### Samanburður milli ára - Innsendir ársreikningar 31. ágúst ár hvert

Reikningsár	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi skilaðra ársreikninga	4.664	5.510	5.904	7.540	7.298
Fjöldi félaga í skilaskyldu	30.307	31.329	32.505	32.910	33.081
Heildarskil	15,4%	17,6%	18,2%	22,9%	22,1%





Hér má sjá dreifingu á innsendingu ársreikninga á því ári sem ber að skila ársreikningi. Lokaskiladagur er 31. ágúst og er lítill hluti ársreikninga kominn inn á þeim tíma. Í lok árs 2012 voru 76,4% skilaskyldra 2011 ársreikninga komin inn til ársreikningaskrár. Eins og sjá má eru ársreikningar að koma fyrir inn en árin á undan en í lok árs 2007 voru 57,9% skilaskyldra 2006 ársreikninga komnir inn til ársreikningaskrár.

Árið 2012 gekk því vel í þeim skilningi að skil á ársreikningum fara batnandi og ársreikningar koma nú fyrir inn til skrárinnar. Nýttast því þær upplýsingar sem liggja fyrir hjá ársreikningaskrá íslensku viðskiptalífi betur og skráin verður betri og áreiðanlegri. Almenn vitundarvakning hefur orðið í íslensku

viðskiptalífi og viðhorf til ársreikningaskrár hefur breyst. Alltaf er þó hægt að gera betur og sú bót á skilum sem hefur orðið undanfarin ár mun vonandi halda áfram þar til skil á ársreikningum verða svipuð og í löndunum í kringum okkur. Hugsanleg úrræði til að bæta enn frekar skil til ársreikningaskrár

gætu m.a. falist í afskráningu á félögum sem skila hvorki ársreikningum né skattframtölum. Einnig gæti þurft að skoða breytingar á núgildandi frestum til skila á annars vegar ársreikningi með framtali félaga og hins vegar á ársreikningi til ársreikningaskrár þannig að meiri samfella verði en nú er.

Hluti starfsfólks skráasviðs: Haukur Sigurðsson, Hulda Pálsdóttir, Ingunn Ásgeirsdóttir, Linda Björk Unnarsdóttir, Margrét Högnadóttir, Helga Finnbogadóttir, Skúli Jónsson, Sigríður L. Lúðvíksdóttir, Gerður Ólafsdóttir, Eva Gunnarsdóttir, Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm, Árný S. Jakobsdóttir og Ólafur Magni Sverrisson.



## DÓMAR



## Dómur Hæstaréttar í máli nr. 555/2012

# Toyota á Íslandi ehf. gegn íslenska ríkinu

### Frádráttarbærni vaxtagjalda – Samruni – Vanhæfi

Málavextir eru þeir að í desember 2005 var Bergey ehf. stofnað. Hlutfé nam kr. 500.000 og var tilgangur félagsins kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, sem og kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár, lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur. Í sama mánuði var allt hlutfé í Bergey ehf. selt til Smáeyjar ehf. en það félag var að hluta til í eigu sömu aðila og Bergey ehf. hafði verið. Bergey ehf. keypti svo allt hlutfé í P. Samúels-syni ehf. fyrir kr. 5.600.000.000. Félagið fjármagnaði þessi kaup m.a. með lántöku frá Landsbanka Íslands.

Í kjölfar þessara viðskipta hófst samruna-ferli P. Samúelssonar ehf. og Bergeyjar ehf. með þeim hætti að fyrrnefnda félagið tók hið síðarnefnda yfir og nafni þess breytt úr P. Samúelsson ehf. í Toyota á Íslandi ehf.

Ríkisskattstjóri tók skattskil félagsins til endurskoðunar þar sem talið var að vaxtagjöld af áður nefndu láni frá Landsbanka Íslands væru ekki frádráttarbær í rekstri Toyota á Íslandi ehf. Eftir gagn-öflun og bréfaskriftir kvað ríkisskattstjóri upp úrskurð þar sem fram kemur að með yfirtöku lánanna hafi Toyota í raun fjármagnað kaup á sjálfu sér að stórum hluta og þannig skert eigið fé sitt samsvarandi. Með úrskurðinum felldi ríkisskattstjóri niður vaxtagjöld af áður greindum lánnum sem færð höfðu verið til frádráttar tekjum í skattskilum Toyota á Íslandi ehf.

Þessu undi félagið ekki og höfðaði mál til

ógildingar á úrskurðinum fyrir Héraðs-dómi Reykjavíkur, og krafðist þess að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur niður og að íslenska ríkið yrði dæmt til að endur-greiða stefnanda samtals kr. 93.883.196 með vöxtum og dráttarvöxtum.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að ríkisskattstjóri og undirmenn hans væru vanhæfir til að taka ákvörðun í málinu þar sem þeir hafi fyrir-fram verið búnir að mynda sér skoðun um lyktir málsins. Hafi viðhorf embættisins m.a. birst í Tíund, fréttablaði ríkisskatt-stjóra, og það viðhorf sem þar kemur fram beri vitni um ómálaefnalega málsmeðferð og ásetning til að túlka lagareglur á nýjan hátt með afturvirkum hætti.

Stefnandi vísaði ennfremur til þess að ekkert í hlutfélagalögum banni að framkvæma samruna með þeim hætti sem gert var í málinu. Í dönskum rétti hafi verið bætt inn ákvæði í þarlenda löggjöf þar sem svokölluð sjálfstjórnun hafi verið bönnuð – slíkt hafi ekki verið gert hér á landi og því hafi ákvæði 104. gr. hlutfjár-laga ekki verið brotin.

Stefnandi benti á að samkvæmt 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003 hafi tveggja ára endurákvörðunarfrestur skattyfirvalda verið liðinn þegar ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð sinn. Samruninn og frádráttur vaxtagjaldanna hafi verið í samræmi við lög og langa framkvæmdavenju. Öll skilyrði samruna hafi verið uppfyllt og

framkvæmd ríkisskattstjóra væri afturvirk sem gangi gegn ákvæðum stjórnisýslu-réttarins og stjórnarskrárinnar.

Heimild sína til að draga umrædd vaxtagjöld frá tekjum byggði stefnandi á 1. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga og vísaði hann til þess að í nógildandi lögum sé ekki skilyrði fyrir frádráttarbærni vaxta-gjalda lögaðila að þau séu vegna skulda sem stafi beinlínis af atvinnu. Allir vextir lögaðila væru því frádráttarbærir. Þá benti stefnandi á frumvarp sem varð að lögum nr. 128/2009. Í því hafi verið gerð tillaga um að vaxtagjöld sem færðust yfir við skuldsetta yfirtöku og öfugan samruna teldust ekki til rekstrarkostnaðar. Tillagan hafi þó ekki náð fram að ganga. Með því væri viðurkennt að skv. nógildandi lögum væru umrædd vaxtagjöld frádráttarbær. Stefnandi benti ennfremur á að tilgangur Bergeyjar hafi verið að kaupa og eiga hlutabréf, og umrætt lán hafi verið tekið vegna hlutfjárkaupa.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og vísaði til þess að úrskurður ríkisskatt-stjóra væri hvorki haldinn formlegum né efnislegum göllum. Stefnandi benti á að með því að taka við skuldbindingum Bergeyjar án þess að eign hafi komið á móti skuld-bindingum hafi stefnandi lagt fram fé, og að því leyti sem kaupin voru fjármögnuð með lánsfé sem stefnandi greiddi hafi verið um að ræða beina úttekt úr félaginu án eignaukningar á móti. Fjárhagsstaða

sameinaða félagsins hafi því veikst. Lánsfénu hafi ekki verið ráðstafað til kaupa á eignum sem nýtast áttu til tekjuöflunar í rekstrinum. Vextirnir væru því ekki frádráttarbærir. Þá hafi ekki verið færð skerðing á eigin fé hins sameinaða félags heldur hafi viðskiptavild verið færð upp sem eign sem jafngildi því að Toyota hafi fært upp viðskiptavild í sjálfa sér án þess að kaupa hana.

Stefndi vísaði til þeirrar almennu reglu sem fram kemur í 1. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga sem kveður á um að rekstrarkostnaður sem draga má frá rekstrartekjum skuli vera tengdur tekjuöflun á árinu. Nánari skilgreiningu á vaxtagjöldum sé svo að finna í 1. mgr. 49. gr. sömu laga og þar sé sú viðmiðun að gjöld skuli tengjast atvinnustarfsemi til að vera frádráttarbær.

Stefndi benti á að ríkisskattstjóri hafi ekki ógilt samrunann heldur snúist deilan um frádráttarbærni vaxtagjalda en ekki hvort samruni hafi verið gildur að félagarétti. Þá hafi sex ára endurákvörðunarfrestur skattyfirvalda átt við í málinu, enda hafi ríkisskattstjóri þurft að kalla eftir viðbótargögnum og skýringum frá stefnanda svo unnt væri að upplýsa málið og taka ákvörðun í því.

Þá væri ekki um að ræða afturvirka breytingu. Samkvæmt lögum hafi skattyfirvöld heimildir til að endurákværða opinber gjöld og að játa verði þeim heimild til að taka á álitamálum sem komi upp vegna ráðstafana sem ekki hafi tíðkast áður. Sú regla að óheimilt sé að draga frá gjöld óviðkomandi rekstrinum hafi gilt áratugum saman.

Vegna tilvísana stefnanda til frumvarps er varð að lögum nr. 128/2009 þá væri ljóst af athugasemdum með frumvarpinu að ályktun stefnanda væri röng, og ljóst væri að ákvæðið var fellt úr frumvarpinu vegna þess að leysa ætti ágreining um túlkun laganna hjá réttum úrskurðaraðilum en ekki með lagasetningu.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði því að ríkisskattstjóri og starfsmenn hans væru vanhæfir vegna greinarskrifa þeirra í Tíund. Stefnandi væri ekki nefndur í þeim greinum sem um ræðir, og þá hafi það mál sem hér væri til umfjöllunar ekki verið umfjöllunarfni í greinunum. Þá vísaði héraðsdómur til þess að tveggja ára endurákvörðunarfresturinn hafi ekki átt við í málinu þar sem skilgreiningu á umræddum vaxtagjöldum hafi ekki verið að finna í skattframtali stefnanda eða þeim fylgigögnum sem fylgdu framtalinu. Fyrirliggjandi gögn hafi þannig ekki dugað til endurákvörðunar.

Héraðsdómur benti á að málið snerist ekki um hvort að samruni Bergeyjar og P. Samúelssonar hafi farið fram með réttum hætti og að ekki væri deilt um hvort dótturfélag geti tekið yfir móðurfélag. Í héraðsdóminum segir svo:

*Ef samruni félaganna hefði ekki orðið, væri Bergey eigandi alls hlutfjár í stefnanda og greiddi afborganir og vexti af umræddu láni. Gæti félagið þá nýtt vextina til frádráttar samkvæmt lögum nr. 90/2003. Væri sú heimild þá á því byggð að vextirnir væru greiddir af skuld sem stofnast hefði vegna eignaaaukningar félagsins. Fjár til greiðslu afborgana og vaxta yrði félagið að afla sér með afrakstri starfsemi sinnar, í þessu sambandi með arði af hlutfénu. Væri því eðlilegt samhengi milli tekna og frádráttarliða við skattskil.*

”

Sá öfugi samruni, sem fólst í sameiningu Bergeyjar ehf. og P. Samúelssonar hf., miðaði gagnert að því að koma skuldum yfir á yfirtökufélagið, sem ekki hefur verið vefengt að hafi verið heimilt

Héraðsdómur vísaði til ákvæða 2. mgr. 29. gr. tekjuskattslaga þar sem fram kemur að lögaðilum sé heimilt að draga frá tekjum sínum gjöld sem ganga til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við. Skilgreining vaxta í 49. gr. haggi ekki þessu skilyrði. Af þeim sökum væri ekki fallist á það með stefnanda að vaxtagjöld lögaðila séu frádráttarbær óháð því hvernig til skuldanna var stofnað.

Í dóminum segir svo að eftir sameininguna hafi grundvöllur frádráttarins brostið, enda varð staðan þá sú að lánið nýttist til eignaaaukningar Smáeyjar ehf., móðurfélags stefnanda, þótt félagið sem keypt hafði verið greiddi afborganir og vextir. Segir svo:

*Var með öllu óheimilt að reikna vaxtagreiðslur af láninu til frádráttar frá tekjum stefnanda.*

Toyota á Íslandi ehf. áfrýjaði þessari niðurstöðu til Hæstaréttar sem kvað upp dóm sinn þann 28. febrúar 2013.

Í niðurstöðum Hæstaréttar kemur fram að lán Bergeyjar ehf. sem um ræðir hafi verið tekin í þágu eigenda þess félags til að greiða þáverandi eigendum P. Samúelssonar hf. kaupverð alls hlutfjár í félaginu. Lánin hafi þannig ekki verið tekin í þágu áfrýjanda og því rekstri hans óviðkomandi. Þá segir svo í dómnum:

*Eftir samruna höfðu skuldir Bergeyjar ehf. engan rekstrarlegan tilgang í hinu nýja félagi og miðuðu ekki að því að afla félaginu tekna, sbr. að framan. Samruninn miðaði ekki heldur að því að ná fram samlegðaráhrifum og þar með þeim tilgangi sem lá að baki 51. gr., sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 456/1997 sem birtur var í dómasafni réttarins 1998 á bls. 268. Sá öfugi samruni, sem fólst í sameiningu Bergeyjar ehf. og P. Samúelssonar hf., miðaði gagnert að því að koma skuldum yfir á yfirtökufélagið, sem ekki hefur verið vefengt að hafi verið heimilt. Skilyrði brast hins vegar samkvæmt framan-sögðu til að kostnaður, sem þeim skuldum fylgir, teljist frádráttarbær rekstrarkostnaður hjá áfrýjanda, enda eru þær óviðkomandi rekstri félagsins.*

Hvað varðar það sjónarmið áfrýjanda að ráðstafanir hans hafi stuðst við skýra og langvarandi framkvæmd, og að með úrskurði ríkisskattstjóra hafi með afturvirkum hætti verið farið í bága við stjórnarskrána og meginreglur stjórn-sýsluréttarins, þá segir Hæstiréttur að skattyfirvöld hafi heimild til að endurákværða opinber gjöld síðustu sex ára í samræmi við heimildir í 96. gr. laga nr. 90/2003. Álitamál geti risið sem ekki hafi áður þekkst í viðskiptalífnum svo sem hér eigi við, og skattyfirvöldum sé heimilt að taka á slíkum málum eftir því sem þau koma upp í skattfrankvæmd án þess að í því felist afturvirk skattlagning þannig að fari í bága við ákvæði laga.

*Með dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp þann 28. febrúar 2013 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Toyota á Íslandi ehf. Hæstiréttur staðfesti þar með dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 13. júní 2012.*



# Stoðir hf. gegn íslenska ríkinu

## Endurákvörðun skatta – Nauðasamningur – Skuldajöfnuður – Dráttur á málsmeðferð

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 30. apríl 2013 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Stoða hf. Í stuttu máli laut ágreiningur aðila að því hvenær skattkrafa stofnist og hvort skuldajöfnuður hafi verið tækur við þær aðstæður sem uppi voru í málinu.

Málavextir eru þeir að skattstjórinn í Reykjavík hóf skoðun á bókhaldi og skattskilum stefnanda í mars 2008. Málinu var svo vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins sem tók skattskil stefnanda 2005, 2006 og 2007 til rannsóknar í nóvember 2008. Í október það ár var stefnanda veitt heimild til greiðslustöðvunar og í apríl 2009 fékk stefnandi svo heimild til að leita nauðasamninga. Kröfuhafar stefnanda samþykktu nauðasamning í maí 2009 og staðfesti Héraðsdómur Reykjavíkur samninginn þann 15. júní sama ár.

Stefnandi stóð skil á skattframtali 2009 vegna rekstrarársins 2008 eftir að framtalsfrestur var liðinn og var framtalið tekið sem kæra til ríkisskattstjóra í samræmi við ákvæði 99. gr. tekjuskattslaga.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins lauk rannsókn sinni með skýrslu í desember 2010 og var sú skýrsla send ríkisskattstjóra til endurákvörðunar opinberra gjalda. Í byrjun mars 2011 sendi stefnandi bréf til ríkisskattstjóra þar sem vísað var til þess að það væri mikið hagsmunamál fyrir félagið að niðurstaða fengist í endurákvörðunarmálinu eins fljótt og unnt væri.

Í mars 2011 sendi ríkisskattstjóri tafa-bréf til stefnanda þar sem fram kom að ekki hefði tekist að afgreiða kæruframtal 2009 vegna rekstrarársins 2008. Fram kom að ástæða tafanna væri miklar annir hjá ríkisskattstjóra. Ennfremur að fyrirhugað væri að afgreiða kæru stefnanda innan tveggja til þriggja vikna.

Ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð þann 16. júní 2011 um endurákvörðun opinberra gjalda og virðisaukaskatts vegna rekstraráranna 2006 og 2007. Úrskurðurinn var byggður á niðurstöðum skýrslu

skattrannsóknarstjóra ríkisins. Samkvæmt úrskurðinum voru skattkröfur á hendur stefnanda hækkaðar um kr. 545.225.977.

Með úrskurði dagsettum 24. júní 2011 lagði ríkisskattstjóri svo innsent skattframtal stefnanda vegna rekstrarársins 2009 til grundvallar álagningu opinberra gjalda og felldi niður áætlun. Samkvæmt úrskurðinum átti stefnandi að fá endurgreiddar kr. 447.591.256 vegna ofgreidds skatts af vaxtatekjum og arði.



**Þá taldi dómari að lagskilyrði fyrir skuldajöfnun hafi verið til staðar þegar hún fór fram, enda hafi báðar kröfurnar, endurgreiðslukrafa stefnanda og viðbótarkrafa stefnda, verið gjaldfallnar**

Þann 27. júní 2011 kærði stefnandi úrskurð ríkisskattstjóra frá 16. júní 2011 til yfirséðanefndar og sama dag skuldajafnaði tollstjóri endurgreiðslunni á móti skattaskuld stefnanda. Stefnandi mótmælti skuldajöfnuninni og vísaði til staðfestingar á nauðasamningi stefnanda og lýsti því yfir að skattkrafa samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra frá 16. júní væri skilyrt krafa í skilningi 31. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og að innheimtumaður ríkissjóðs væri bundinn af nauðasamningnum. Stefnanda bæri því

eingöngu að greiða kr. 1.000.000 vegna endurákvörðunarinnar og 5% af eftirstöðvum með hlutfé í stefnanda.

Þar sem stefnanda tókst ekki að fá kröfum sínum framgengt innan stjórnáráðs slunnar höfðaði hann mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og krafðist þess m.a. að:

- viðurkennt yrði með dómi að skattkröfur á hendur honum ásamt vöxtum á kröfuna skv. úrskurði ríkisskattstjóra dags. 16. júní 2011, sbr. úrskurð yfirséðanefndar nr. 391/2012, falli undir nauðasamning stefnanda sem samþykktur var 15. júní 2009.
- að stefndi endurgreiddi stefnanda kr. 455.010.924 ásamt dráttarvöxtum.

Viðurkenningarkrafa stefnanda var á því byggð að skattkrafa sem myndaðist við úrskurð ríkisskattstjóra þann 16. júní 2011 hafi verið skilyrt krafa í skilningi 31. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., og að innheimtumaður ríkissjóðs hafi verið bundinn af nauðasamningi milli stefnanda og kröfuhafa hans. Ákvæði 31. gr. er svohljóðandi:

*„Kröfur teljast til samningskrafa án tillits til þess hvort vitað sé um þær eða þær séu háðar ókomnu skilyrði við gerð nauðasamnings.*

*Ágreiningur um réttmæti kröfu breytir því ekki að hún verði talin samningskrafa eins og endanlega verður úr henni leyst.“*

Samkvæmt þessu ákvæði sé ljóst að undir samningskröfur falli umdeildar og skilyrtar kröfur. Þá sé hvergi í lögum að finna sérreglur um skattkröfur sem geti komið til álita. Skattkröfur falli því undir hin almennu ákvæði laganna um samningskröfur.

Stefnandi byggði á því að skattkröfur teljist fallnar til við lok þess uppgjors-

tímabils sem þær varði, hvort heldur það sé í lok uppgjörstímabils í tilviki virðisaukaskatts eða rekstrarárs í tilviki opinberra gjalda. Endurákvörðun breyti engu um það að skattkrafan hafi talist falla til við lok þess tímabils er hún varði. Það sé því unnt að segja að krafan sjálf hafi stofnast eða fallið til í síðasta lagi við lok rekstraráranna 2006 og 2007, enda þótt skattyfirvöld hafi ekki endanlega ákveðið fjárhæð hennar til innheimtu. Í þessu sambandi skipti ennfremur ekki máli hvenær skattkrafan hafi orðið gjaldkræf skv. 6. mgr. 112. gr. tekjuskattslaga. Innheimtumanni hefði verið unnt að lýsa skilyrtri kröfu til umsýslarmanns nauðasamninga stefnanda fyrir lok kröfulýsingafrests sem var 13. maí 2009.

Endurgreiðslukröfu sína studdi stefnandi þeim rökum að framangreindar kröfur skv. úrskurði 16. júní 2011 hafi fallið undir nauðasamninginn og að skuldajöfnun hafi því verið óheimil. Við allar greiðslur upp í meintar skattkröfur hafi átt að taka mið af nauðasamningnum.

Þá vísaði stefnandi til þess að skuldajöfnun tollstjóra hefði ávallt verið ólöglegt, burtséð frá því hvort skattkrafan hafi fallið undir nauðasamninginn eða ekki, því að ríkisskattstjóri hafi gerst sekur um ólöglega málsmeðferð þegar hann afgreiddi ekki kærnu stefnanda vegna opinberra gjalda 2009 innan lögmæltis frests. Málsmeðferð ríkisskattstjóra hafi gert það að verkum að komið hafi verið í veg fyrir að stefnandi fengi þær endurgreiðslur sem stefnandi hafi átt rétt á.

Stefnandi vísaði til þess að þegar málið sé skoðað sé augljóst að ríkisskattstjóri hafi tekið ákvörðun um að fresta afgreiðslu á kærufamtali stefnanda fyrir rekstrarárið 2008 þar til að endurákvörðun á grundvelli skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins hafi farið fram. Stefnandi vísaði til þess að verulegur og ólöglegur dráttur hafi orðið á afgreiðslu ríkisskattstjóra og að sá dráttur hafi verið í þeim „augljósa“ tilgangi að innheimtumanni væri unnt að skuldajafna ofgreiddum sköttum á móti skattaskuldum. Þannig hafi verið unnt að þvinga fram skuldajöfnuð.

Stefnandi tiltók að umræddu skattframtali hafi verið skilað í október 2009 og að frestur til að leggja á skatta samkvæmt framtalinu hafi runnið út í apríl 2010. Úrskurður hafi aftur á móti ekki verið kveðinn upp fyrr en 24. júní 2011, eða rúmum 14 mánuðum eftir að úrskurðarfrestur rann út. Stefnandi leit á skýringar ríkisskattstjóra á síðbúinni

afgreiðslu þannig að embættið hafi beinlínis viðurkennt að á ríkisskattstjóra hafi hvílt skylda til að leggja ekki á skattframtal stefnanda fyrr en búíð væri að stofna skattkröfur í tekjubókhalðskerfi ríkisins svo innheimtumanni yrði kleift að skuldajafna skattkröfunni á móti innheimtinni. Ríkisskattstjóri hafi þannig beitt valdheimildum sínum í ólöglegum tilgangi og þess vegna sé skuldajöfnuðurinn óheimill.

Stefndi krafðist sýknu af kröfum stefnanda. Til stuðnings sýknukröfunni vísaði stefndi til þess að óumdeilt sé að skattar vegna rekstraráranna 2006 og 2007 hafi verið endurákværðir að lokinni rannsókn skattrannsóknarstjóra. Sú

”

## Aftur á móti hafi stefnandi ekki hrundið þeirri skýringu stefnda að tafinnar hafi mátt rekja til mikils málafjölda og vinnuálags hjá ríkisskattstjóra

endurákvörðun hafi leitt af sér hækkun á sköttum stefnanda frá upphaflegri álagningu. Áralöng dómaframkvæmd sé fyrir því að ef skuld samkvæmt endurákvörðun sé hærrí en skuld samkvæmt upphaflegri álagningu þá leiði endurákvörðunin til þess að nýr gjalddagi myndist. Skattkrafa samkvæmt endurákvörðun falli í gjalddaga tíu dögum eftir að tilkynnt hefur verið um hækkun. Í samræmi við þessa dómaframkvæmd hafi skattkrafa stefnda á hendur stefnanda stofnast þann 16. júní 2011.

Þá benti stefndi á að nauðasamningur stefnanda hafi verið staðfestur í júní 2009 en umþrætt skattkrafa hafi ekki stofnast fyrr en um það bil tveimur árum síðar. Stefnandi sé því ekki bundinn af nefndum nauðasamningi.

Stefndi vísaði til þess að lagaskilyrði hafi verið fyrir skuldajöfnuði, enda hafi hvorki krafa stefnanda til endurgreiðslu á ofgreiddum sköttum né krafa stefnda til vangreiddra skatta verið til við stað-

festingu nauðasamningsins. Ekki hafi verið unnt að lýsa skilyrtri kröfu við nauðasamningsgerð, enda var það fyrst að lokinni rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins í desember 2010 sem ljóst var hvort niðurstöðurnar hefðu í för með sér hækkun á skatti.

Þá mótmælti stefndi staðhæfingu stefnanda um málsmeðferð ríkisskattstjóra sem rangri og ósannaðri. Ríkisskattstjóri hafi tilkynnt stefnanda um tafir á afgreiðslu skattframtals hans fyrir rekstrarárið 2008 og skýrt honum frá ástæðum tafanna. Þá vísaði stefndi því alfarið á bug að starfsmenn ríkisskattstjóra geri sér það að leik að fresta afgreiðslu einstakra mála eftir hentugleikum og misbeiti þannig valdi sínu.

Í forsendum dómsins kemur fram að skattkröfur séu ekki undanþegnar nauðasamningum skuldara og að þær teljist til almennra samningskrafna skv. 29. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá hafi nauðasamningur ekki áhrif á kröfur sem verða til eftir að úrskurður gengur um heimild skuldara til að leita nauðasamninga. Í dóminum segir svo:

„Samkvæmt athugasemdum með 28. gr. frumvarps að lögum er með tilurð krafna átt við stofnumartíma skuldbindinga og reglan feli því efnislega í sér að nauðasamningur hafi ekki áhrif á kröfur sem stofnast hafa eftir að úrskurður gengur um heimild skuldara til að leita nauðasamninga.“

Þá segir svo í dómnum um það hvenær krafa stofnist:

„Samkvæmt viðurkenndri lögfræðilegri skilgreiningu hugtaksins krafa, stofnuðust framangreindar viðbótarskattkröfur á hendur stefnanda, að fjárhæð 444.260.798 krónur, við úrskurð ríkisskattstjóra 16. júní 2011, [...] Er ekkert í lögum eða öðrum réttarheimildum sem styður þá skoðun stefnanda að kröfurnar hafi stofnast í lok rekstraráranna 2006 og 2007 enda ekki verið sýnt fram á af stefnanda að stefndi hafi í lok umræddra rekstrarára haft undir höndum upplýsingar og / eða önnur gögn sem sýnt hafi fram á tilvist þeirra viðbótarskattkrafna sem staðfestar voru með úrskurði yfirskattanefndar 11. desember 2012.“

Vísaði dómari til ákvæða 6. mgr. 112. gr. tekjuskattslaga um stofntíma viðbótarskattkrafna þar sem fram kemur að séu skattar hækkaðir eftir álagningu falli við-

bótarfjárhæðin í gjalddaga tíu dögum eftir að gjaldanda hafi verið tilkynnt um hækkunina. Stefndi var þannig sýknaður af viðurkenningarkröfu stefnanda.

Vegna endurgreiðslukröfu stefnanda kemur fram í dómnum að þar sem skattkröfur á hendur stefnda hafi fyrst stofnast í júní 2011 við úrskurð ríkisskattstjóra þá hafi þær kröfur ekki fallið undir nauðasamninginn. Af þeim sökum sé ekki unnt að fallast á endurgreiðslukröfu stefnanda. Þá taldi dómari að lagaskilyrði fyrir

skuldajöfnun hafi verið til staðar þegar hún fór fram, enda hafi báðar kröfurnar, endurgreiðslukrafa stefnanda og viðbótarkrafa stefnda, verið gjaldfallnar.

Vegna þeirrar málsástæðu stefnanda að málsmeðferð ríkisskattstjóra hafi verið ólögumæt, og að með því hafi ríkisskattstjóri getað þvingað fram skuldajöfnuð, kemur fram í dómnum að fyrir liggi að verulegur dráttur hafi orðið á afgreiðslu á skattkæru stefnanda og að fallast megi á það með honum að sá dráttur brjóti í bága

við málshraðareglur stjórnslunnar. Aftur á móti hafi stefnandi ekki hrundið þeirri skýringu stefnda að tafirnar hafi mátt rekja til mikils málafjölda og vinnuálags hjá ríkisskattstjóra „í framhaldi af kerfisbreytingu innan skattkerfisins sem hrundið var í framkvæmd frá og með 1. janúar 2010“. Dómari taldi að ekki væru til staðar slíkar ástæður í málinu að töfin ætti að valda ógildingunni á ákvörðun. Stefndi var þannig sýknaður af endurgreiðslukröfu stefnanda.

## Dómur Hæstaréttar í máli nr. 416/2012

# Þb. Loftorku Borgarnesi ehf. gegn íslenska ríkinu

## Endurgreiðsla – Virðisaukaskattur – Jafnræði

Málavextir eru þeir að stefnandi verksmiðjuframleiddi húseiningar sem hann seldi hérlandis. Á árunum 2002, 2003, 2004, 2005, 2006 og hluta af árinu 2007 fékk stefnandi endurgreiddan virðisaukaskatt samtals að fjárhæð kr. 88.975.503. Umræddar endurgreiðslur voru byggðar á 42. gr. virðisaukaskattslaga og reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.

Í október 2007 óskaði stefnandi eftir því við skattstjóra að endurgreiðslur á árunum 2002, 2003, 2004, 2005, 2006 og fram í febrúar 2007 yrðu leiðréttar til lækkunar þar sem endurgreiðslubeiðnir stefnanda hefðu verið rangar. Samtímis óskaði stefnandi eftir endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir þrjú uppgjörstímabil ársins 2007.

Skattstjóri hafnaði beiðni stefnanda um leiðréttingu og tók fram að hann hefði ekki átt rétt á neinni endurgreiðslu á grundvelli framangreindrar reglugerðar. Skattstjóri taldi að ekki væru efni til að skýra ákvæði reglugerðarinnar rýmra en orðalag hennar gæfi tilefni til. Þá lagði skattstjóri fyrir stefnanda að leiðrétta þann virðisaukaskatt sem endurgreiddur hafði verið.

Í júní 2008 úrskurðaði skattstjóri í máli stefnanda á þann veg að stefnanda var gert að endurgreiða þann virðisaukaskatt sem stefnandi hafði fengið endurgreiddan. Stefnandi undi ekki þessari niðurstöðu og

kærði úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra sem staðfesti úrskurð skattstjóra. Úrskurður ríkisskattstjóra var svo kærður til fjármálaráðuneytisins sem staðfesti hann.

”

Í dómaframkvæmd hefur löggjafinn verið talinn hafa viðtækt vald til að ákveða hvaða atriði skuli ráða skattskyldu og verður að líta svo á, að það svigrúm nái einnig til þess að kveða á um undanþágur frá skattskyldu

Stefnandi höfðaði að svo komnu mál á hendur íslenska ríkinu og krafðist endurgreiðslu á þeim virðisaukaskatti sem hann hafði greitt til baka. Rökstuðningur

stefnanda var þrjúþættur; í fyrsta lagi væri túlkun ríkisskattstjóra á ákvæðum 42. gr. virðisaukaskattslaga röng, í öðru lagi skorti reglugerð 449/1990 lagastoð og í þriðja lagi fæli 42. gr. áður nefndra laga í sér stjórnarskrárbrót.

Stefnandi vísaði til þess að túlkun ríkisskattstjóra væri röng og mismunandi byggingaraðilum á markaði en í þeim ákvæðum sem um væri deilt í málinu væri kveðið á um endurgreiðslurétt vegna verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa. Augljóst væri að verksmiðjuframleiddar húseiningar lytu sömu lögmálum og verksmiðjuframleidd íbúðarhús. Þá benti stefnandi á að í febrúar 2009 hefði verið mælt fyrir lagabreytingu þannig að 42. gr. virðisaukaskattslaga tæki til verksmiðjuframleiddra húseininga. Stefnandi hélt því fram að reglugerð 449/1990 skorti lagastoð þar sem hún hefði þengt endurgreiðsluheimildir skattstjóra umfram það sem fram kæmi í 42. gr. virðisaukaskattslaga.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og vísaði til þess að úrskurðir skattstjóra og ríkisskattstjóra væru í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Þá vísaði stefndi til þess að ákvæði reglugerðarinnar væru alveg skýr og sérstaklega tekið fram að virðisaukaskattur sé ekki endurgreiddur af söluverði húshluta eða húsa sem afhent séu úppsett. Sala stefnanda hafi þannig ekki falið í sér afhendingu



íbúðarhúsnæðis í skilningi 1. mgr. 42. gr. virðisaukaskattslaga.

Stefndi mótmælti því að nefnd laga-  
breyting hefði verið gerð til að skýra óljós  
lög heldur endurspegladi hún vilja löggjaf-  
ans til að víkka gildissvið ákvæðisins. Þá  
mótmælti stefndi þeirri fullyrðingu stefn-  
anda að reglugerðin hefði ekki lagastoð.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur  
kemur fram að ekki sé unnt að fallast á  
að túlkun skattfirvalda hafi verið röng  
enda séu ákvæði reglugerðarinnar skýr.  
Þá kemur fram í dómnum að reglugerðin  
hafi verið sett með stoð í 42. gr. virðisauka-  
skattslaga og hafi því lagastoð. Í dómnum  
segir svo orðrétt:

*Löggjafinn gerði á þeim tíma sem atvik máls  
áttu sér stað, þannig skýran greinarmun á  
orðunum „íbúðarhúsnæði“ og „húsein-*

*ingum“ og á því hvort vinna færi fram á  
staðnum eða í verksmiðjum... Voru framleið-  
endur verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa og  
verksmiðjuframleiddra húseininga því ekki í  
sambærilegri stöðu.*

Þá kemur fram í dómnum að þrátt fyrir  
að löggjafinn hafi síðar séð ástæðu til  
að víkka út gildissvið 42. gr. virðisauka-  
skattslaga vegna breyttra byggingarháttá  
þá fæli það ekki sér staðfestingu á því að  
löggjöfin hafi áður mismunað húsbýggj-  
endum á ómálefnalegum forsendum allt  
eftir því hvaða byggingaraðferðir væru  
notaðar. Stefndi var þannig sýknaður af  
kröfum stefnanda í héraði.

Stefnandi áfrýjaði málinu til Hæsta-  
réttar sem kvað upp dóm sinn eins og áður  
hefur komið fram þann 31. janúar 2013.  
Hæstiréttur vísaði til orðalags 42. gr.

virðisaukaskattslaganna og lögskýringa-  
gagna og sagði að ekki væri unnt að fallast  
á að reglugerðin hafi takmarkað þann rétt  
til endurgreiðslu sem lagaákvæðið kvað á  
um. Þá sagði svo í dómnum:

*Af 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar leiðir  
að skattamálum skuli skipað með lögum.  
Í dómaframkvæmd hefur löggjafinn verið  
talinn hafa víðtækt vald til að ákveða hvaða  
atriði skuli ráða skattskyldu og verður að líta  
svo á, að það svigrúm nái einnig til þess að  
kveða á um undanþágur frá skattskyldu, eins  
og þá sem um er deilt í þessu máli.*

*Með dómi Hæstaréttar þann 31. janúar  
2013 í máli nr. 416/2012 var dómur  
Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. apríl  
2012 staðfestur.*

# Ný og uppfærð skattalagasöfn



## Tekjuskattur

Lög um tekjuskatt, staðgreiðslu  
opinberra gjalda, staðgreiðslu skatts  
á fjármagnstekjur, tryggingagjald,  
útsvar, stjórnsýslulög og fleiri lög  
ásamt reglugerðum og auglýsingum  
er varða beina skatta og álagningu  
opinberra gjalda.

Útgáfuár 2012



## Virðisaukaskattur, vörugjöld, bifreiða- skattar o.fl.

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli  
um virðisaukaskatt, vörugjald,  
skilagjald, áfengisgjald,  
bifreiðaskatta o.fl.

Útgáfuár 2012



## Bókhald og ársreikningar

Lög um bókhald og ársreikninga,  
stjórnvaldsfyrirmæli um bókhald  
og/eða ársreikninga, ákvæði úr  
sérögum og reglugerðum um  
bókhald og/eða ársreikninga.

Útgáfuár 2011

# Úrskurðir



## Jónína B. Jónasdóttir

er lögfræðingur og hefur starfað við skattframkvæmd í aldarfjórðung. Hún sat í yfirskattanefnd í átta ár og var skrifstofustjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík. Jónína starfar nú sem sviðsstjóri lögfræðisviðs hjá ríkisskattstjóra.

### Yskn. nr. 584/2012

#### Launatekjur í Noregi. Skattlagning á Íslandi að teknu tilliti til 25. gr. tvísköttunarsamnings milli Norðurlanda.

Að undangengnum bréfaskiptum endurákvarðaði ríkisskattstjóri tekjur gjaldanda og færði honum til tekna launatekjur frá Noregi samkvæmt upplýsingum frá norskum skattyfirvöldum um launatekjur hans þar í landi og skattgreiðslur af þeim. Fram kom hjá ríkisskattstjóra að Norðurlöndin hefðu gert með sér tvísköttunarsamning til að komast hjá tvísköttun að því er varðar tekjur og eignir og væru Ísland og Noregur aðilar að þeim samningi. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. samningsins skyldu starfslaun og annað svipað endurgjald sem aðili heimilisfastur í samningsríki fengi fyrir starf sitt einungis skattlögð í því ríki, nema starfið væri leyst af hendi í öðru ríki en þá mætti skattleggja endurgjaldið fyrir starfið þar. Kærandi bar ótakmarkaða skattskyldu hér á landi umrætt ár samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 19. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Í því felst að kærandi var skylt að greiða tekjuskatt og útsvar af

öllum tekjum sínum hvar sem þeirra var aflað, þar með töldum umræddum vinnulaunum vegna vinnu sinnar í Noregi, sem skattlögð voru þar í landi.

Í úrskurði ríkisskattstjóra kom fram að samkvæmt a-lið 4. tölul. 25. gr. umrædds tvísköttunarsamnings, sem við á í tilviki kæranda, skal Ísland komast hjá tvísköttun tekna sem einungis skal eða má skattleggja í öðru samningsríki með því að lækka íslenska tekjuskattinn um þann hluta tekjuskattsins sem reiknaður er af þeim tekjum sem aflað er í hinu ríkinu. Heildartekjur kæranda á tekjuárinu 2009 hefðu verið 8.345.171 kr. Þar af hefðu 7.750.699 kr. verið skattlagðar í Noregi eða 92,88%. Reiknaður tekjuskattur á heildartekjur, að teknu tilliti til persónuafsláttar fyrir heilt ár, 506.466 kr., væri 1.504.720 kr., þar af 1.397.584 kr. vegna hinna erlendu tekna. Reiknaður tekjuskattur lækkaði því sem þeirri fjárhæð nam og ákvarðaðist 107.136 kr. Útsvar var ákvarðað á sama hátt. Vaxtabætur og barnabætur kæranda lækkuðu, sbr. 4. mgr. A-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

*Yfirskattanefnd staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra.*

### Yskn. nr. 591/2012

#### Virðisaukaskattur – kaup á þjónustu erlendis frá.

Mál þetta varðar endurákvörðun ríkisskattstjóra á virðisaukaskatti kæranda rekstrarárin 2006 og 2007 vegna keyptrar þjónustu erlendis frá, sbr. 1. másl. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988, um virðis-

aukaskatt, með áorðnum breytingum. Til grundvallar endurákvörðun ríkisskattstjóra lá skýrsla skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988 skal aðili sem kaupir erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi þjónustu sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar. Fram kemur í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988 að skráður aðili samkvæmt lögunum sé undanþeginn skyldu til greiðslu virðisaukaskatts samkvæmt 1. mgr. ef hann geti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna, nema þegar þjónusta er veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning á vöru. Nánar er kveðið á um framkvæmd skattlagningar samkvæmt 35. gr. laga nr. 50/1988 í reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá. Eins og ákvæði 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 var orðað á þeim tíma sem hér um ræðir féll m.a. undir ákvæðið „ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, þó ekki vinna við eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi“, sbr. c-lið töluliðarins, og „tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun“, sbr. d-lið töluliðarins.

Starfsemi kæranda var á árunum 2006 og 2007 fólgin í fjárfestingum í hlutabréfum. Með því að kærandi hafði ekki með höndum sölu á virðisaukaskattsskyldum vörum eða þjónustu var félagið ekki skráð skattskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 50/1988, sbr. 5. gr. þeirra laga. Samkvæmt





Starfsmenn lögfræðisviðs: Albert B. Oddsson, Anna María Baldvinsdóttir, Jónína B. Jónasdóttir, Kjartan Sturluson, Andrea Laufey Jónsdóttir, Guðmundur R. Guðmundsson, Elín Norðdahl, Bjarni Amby Lárusson, Margrét Ríkarðsdóttir og Jóhann G. Ásgrímsson.

Því voru ekki forsendur til þess að kærandi nyti undanþágu samkvæmt 2. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988 frá þeirri skyldu sem fram kemur í 1. mgr. sömu lagagreinar til að greiða virðisaukaskatt af tilgreindri þjónustu sem keypt er erlendis frá.

Endurákvörðun ríkisskattstjóra var byggð á því að tiltekin þjónusta, sem kærandi hefði keypt á árunum 2006 og 2007 af erlendum aðilum, félli undir 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 og hefði verið notuð að hluta eða öllu leyti hér á landi í skilningi 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988. Hefðu skattskyld þjónustukaup kæranda annars vegar verið vegna þjónustu tveggja dótturfélaga kæranda og hins vegar vegna þjónustu sem kærandi hefði keypt af ýmsum erlendum lögfræðistofum, endurskoðunarfyrtækjum og fleiri aðilum. Vísaði ríkisskattstjóri til þess að þjónustan hefði verið notuð við ákvarðanatöku starfsmanna eða stjórnar kæranda varðandi fjárfestingarverkefni kæranda og þannig nýtt við aðalstarfsemi félagsins hér á landi. Því bæri kæranda að greiða virðisaukaskatt vegna þessara þjónustukaupa samkvæmt umræddu lagaákvæði. Af hálfu kæranda var fallist á að þjónusta frá nokkrum þessara aðila hefði verið notuð a.m.k. að hluta á Íslandi og því skattskyld samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988. Kærandi mótmælti hins vegar forsendum ríkisskattstjóra að því er varðar önnur þjónustukaup félagsins á

umræddum árum. Byggði kærandi á því að aðkeypt þjónusta félagsins, önnur en að framan greinir, hefði varðað viðskiptahagsmuni kæranda erlendis og teldist því ekki hafa verið til nota hér á landi í skilningi 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988.

Í úrskurði yfirsattanefndar kom fram að nán tengsl eru á milli ákvæða 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 og 1. mgr. 35. gr. laganna. Samkvæmt fyrrnefnda lagaákvæðinu væri sala virðisaukaskatts skyldra aðila á þjónustu, sem tilgreind er í þessum tölulið í níu staflíðum, undanþegin skattskyldri veltu við ákveðnar aðstæður, m.a. þegar kaupandi hefur hvorki búsetu né starfsstöð hér á landi og nýtir hina keyptu þjónustu að öllu leyti erlendis. Með 1. mgr. 35. gr. laganna væri hins vegar kveðið á um skyldu þess sem kaupir erlendis frá þjónustu sem fellur undir upptalningu í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna til greiðslu virðisaukaskatts af andvirði hins keypta, enda sé þjónustan notuð að hluta eða öllu leyti hér á landi, sbr. þó undanþágu 2. mgr. 35. gr. Það væri sameiginlegt þessum ákvæðum að umrædd þjónusta skuli ekki skattlögð hér á landi ef hún telst eingöngu vera notuð erlendis. Miðað við orðalag 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 beri á hinn bóginn að innheimta virðisaukaskatt af andvirði seldrar þjónustu þótt hún sé aðeins nýtt hér á landi að hluta en að öðru leyti nýtt erlendis. Þá þyki orðalag

1. mgr. 35. gr. laganna bera með sér að skattlagning samkvæmt ákvæðinu taki til þjónustu sem aflað er erlendis frá, bæði við þær aðstæður að þjónustan er að öllu leyti notuð hér á landi og þegar þjónustan er notuð bæði hér á landi og erlendis.

Lagaákvæði sem hér um ræðir voru færð í það horf sem gildi á árunum 2006 og 2007 með lögum nr. 115/1997, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 115/1997 kom fram að með breytingum á 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. og 35. gr. virðisaukaskattslaga væri leitast við að færa fyrirkomulag skattmeðferðar á þjónustu við erlenda aðila sem ekki hefðu starfsstöð hér á landi í meginatriðum til þess horfs sem gilt hefði fyrir gildistöku laga nr. 55/1997 og um leið til samræmis við þær reglur sem giltu annars staðar í Evrópu. Ætla verður að hér sé vísað til ákvæða í þágildandi tilskipun ráðs Evrópubandalagsins nr. 77/388/EB, sbr. tilskipun nr. 84/386/EB, varðandi sameiginlegt virðisaukaskattskerfi bandalagsríkjanna, en þar var í e-lið 2. mgr. og 3. mgr. 9. gr. kveðið á um afhendingarstað (skattlagningarstað) þjónustu sem í meginatriðum svarar til upptalningar í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988.

Samkvæmt þeim reglum taldist afhendingarstaður slíkrar þjónustu, við sölu til aðila með aðsetur utan banda-



lagsríkjanna, almennt vera sá staður þar sem kaupandi þjónustunnar hafði starfsstöð eða var búsettur. Hins vegar var aðildarríkjum bandalagsins heimilað að telja afhendingarstað vera þann stað þar sem þjónustan raunverulega væri notuð, enda væri með því komið í veg fyrir tvísköttun, enga skattlagningu eða samkeppnisröskun. Hliðstæð ákvæði voru í 56. og 58. gr. tilskipunar ráðs Evrópusambandsins nr. 2006/112/ESB, sbr. nú greinar 59 og 59a eftir breytingu með tilskipun ráðsins nr. 2008/8/ESB. Í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988 er ekki að finna viðmiðunarreglu þess efnis að þargreind þjónusta teljist andlag skattlagningar þar sem kaupandi hefur aðsetur, sbr. meginreglu í greindum ESB-tilskipunum, heldur ræður nýtingarstaður þjónustu, sem ákvæði þessi taka til, því hvort svara beri skatti af sölu eða eftir atvikum öflun hennar.

Til grundvallar viðskiptum kæranda við umrædd dótturfélög A í Danmörku og B í Bretlandi voru samningar milli kæranda og dótturfélaganna. Í samningunum var gert ráð fyrir því að um væri að ræða sölu á þjónustu þeirra til kæranda sem fælist m.a. í ráðgjöf, upplýsingasöfnun og aðstoð í samskiptum við aðra aðila, bæði vegna fjárfestinga kæranda sem þegar höfðu komið til framkvæmda og fjárfestingartækifæra. Í samningum kæranda við A og B er skilgreind þjónusta sem þessi dótturfélög kæranda skyldu veita kæranda gegn greiðslum sem ákvarðaðar væru á grundvelli rekstrarkostnaðar þeirra auk álags. Virtist yfirsattanefnd ekki fara á milli mála að endurgjald af hálfu kæranda, sem ákvarðað hefði verið á þessum grundvelli, teldist vera vegna seldrar þjónustu dótturfélaganna til kæranda, enda væru greiðslur kæranda gjaldfærðar í bókhaldi og skattskilum kæranda sem slíkar. Þá bæri að byggja á hinu sama varðandi þær greiðslur kæranda til B, sem nefndar væru „third party costs“ eða „recharge expense“ í viðskiptum félaganna, þótt ekki hafi verið reiknað álag á þann lið. Væri hér til þess að líta að um væri að ræða greiðslur milli tveggja sjálfstæðra lögaðila, þ.e. kæranda og B, vegna útgjalda sem gjaldfærð hefðu verið í rekstri hins breska félags, ásamt því að innskattur var reiknaður í virðisaukaskattsuppgjöri þess, væru innkaup með virðisaukaskatti, á hliðstæðan hátt og gilti um almennan rekstrarkostnað félagsins, en kostnaðurinn síðan reikningsfærður til kæranda sem seld þjónusta. Samkvæmt þessu féllst yfirsattanefnd á það með ríkisskattstjóra að fyrirkomulag

á viðskiptum kæranda við A og B hefði falið í sér kaup kæranda á þjónustu af þessum félögum, svo sem gert var ráð fyrir í þeim samningum sem kærandi gerði við erlendu félögin um viðskipti við þau.

Ekki hefur annað komið fram en að starfsemi B á árunum 2006 og 2007 hafi eingöngu lotið að athugunum og undirbúningsvinnu vegna mögulegra fjárfestinga kæranda erlendis, sbr. ákvæði þar um í samningi kæranda og hins breska félags, dags. 28. ágúst 2006. Við skýrslutökur af fyrirsvarsmönnum kæranda og í andmælum og greinargerðum af hálfu kæranda, sem sendar voru skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna rannsóknar hans á skattskilum kæranda, kom fram að félagið hefði veitt kæranda ráðgjöf vegna mögulegra fjárfestingarkosta, en ákvarðanir um fjárfestingu í einstökum tilvikum hefðu verið teknar af forstjóra eða öðrum stjórnendum kæranda. Voru þessar skýringar áréttáðar af hálfu kæranda við meðferð málsins hjá ríkisskattstjóra. Svo og var byggt á hinu sama í kæru til yfirsattanefndar. Að þessu virtu og gögnum málsins að öðru leyti taldi yfirsattanefnd einsýnt að þjónusta B teldist að öllu leyti hafa verið ráðgjafarþjónusta eða önnur sérfræðiþjónusta í skilningi c-liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, svo sem ríkisskattstjóri hafði byggt á, þar á meðal sá þáttur sem fól í sér endurkrafa þjónustu þriðja aðila („recharge expense“).

Í úrskurði yfirsattanefndar er síðan fjallað um nýtingarstað þeirrar þjónustu sem málið varðar og telur nefndin að niðurstaða um skattskyldu vegna umræddra þjónustukaupa velti á því hvar telja verði að þjónustan hafi í raun verið notuð. Þar verði að hafa í huga að eftir orðalagi 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 er skilyrði að þjónusta sé notuð að öllu leyti erlendis til þess að undanþága samkvæmt lagaákvæðinu komi til greina á grundvelli notkunarstaðar. Telja verði að í þessu felist að nægilegt sé að þjónustan sé notuð að hluta héraðs til þess að undanþága samkvæmt ákvæðinu eigi ekki við.

Fram kom í niðurstöðu yfirsattanefndar að samkvæmt skýringum kæranda og öðrum gögnum málsins hefðu meginverkefni B verið fólgin í könnun á viðskiptaumhverfi í Bretlandi og víðar erlendis, vöktun viðskiptatækifæra og ýmiss konar ráðgjöf og aðstoð vegna hugsanlegra kaupa kæranda á hlutum í erlendum félögum. Fram hefði komið að í þessu skyni hefði B aflað þjónustu ýmissa aðila, þar á meðal lögfræðistofa og endurskoð-

unarfyrtækja, sem hefði verið endurseld kæranda. Í málinu lá fyrir listi um verkefni sem B vann að á árunum 2006 og 2007. Var þar bæði um að ræða verkefni sem komu til framkvæmda á þann hátt að kærandi festi fé í erlendum félögum og önnur þar sem ekkert varð úr fjárfestingu. Yfirsattanefnd taldi að eðli máls samkvæmt yrði öflun ráðgjafar að teljast vera undirbúningur eða þáttur í ákvarðanatöku þess aðila, sem ráðgjafar naut, um þau atriði sem ráðgjöfin beindist að. Hvað sem liði landfræðilegri staðsetningu fjárfestingartækifæra, sem ráðgjafarþjónusta B laut að, yrði ekki fram hjá því litið að ákvarðanatöku um þátttöku í einstökum verkefnum, þar á meðal um kaup eða sölu á eignarhlutum í erlendum félögum, hefði verið í höndum kæranda sem hafði aðsetur og starfsstöð hér á landi. Eins og þjónusta B hefði verið lýst yrði ekki annað séð en að hún hafi í öllum tilvikum staðið í beinum tengslum við ákvarðanatöku kæranda um viðskipti. Að þessu athuguðu yrði að telja að þjónustan hafi a.m.k. verið notuð að hluta hér á landi í skilningi 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988 og þættu engin rök standa til þess að í þeim efnunum væri gerður greinarmunur á því hvort af viðskiptum erlendis hefur orðið eða ekki. Taldi nefndin því að kæranda bæri samkvæmt greindu lagaákvæði að greiða virðisaukaskatt af öflun umræddrar þjónustu frá B á árunum 2006 og 2007.

Í málinu var byggt á því að þjónusta, sem kærandi keypti af A á umræddum árum, hafi falið í sér ýmsa umsýslu í tengslum við fyrirliggjandi fjárfestingu kæranda í Danmörku, þ.e. eignarhluta í tilgreindum hlutafélögum, en ekki beinst að ráðgjöf um fjárfestingartækifæri. Lýsing kæranda á greindri þjónustu A yrði að teljast mjög á almennum nótum og hefði m.a. ekki komið skýrt fram hvort félagið hefði ákvörðunarrétt um málefni sem þjónusta þess taldist lúta að. Telja yrði þó að það fælist í skýringum kæranda að svo hafi verið, enda væri því haldið fram að ekki hafi verið um ráðgjafarþjónustu að ræða. Almennt yrði að telja að þjónusta af því tagi sem kærandi hefði gert grein fyrir í tilviki A stæði nær því að teljast hafa verið notuð eingöngu þar sem staðsetja mætti eignir eða aðra hagsmuni sem í hlut ættu, heldur en þegar um væri að ræða hugmyndavinnu eða ráðgjöf um verkefni sem ekki hefðu verið teknar ákvarðanir um. Að því athuguðu og miðað við það sem fyrir lá um starfsemi A samkvæmt framan-sögðu þótti yfirsattanefnd ekki tækt að slá neinu föstu um notkun kæranda á

þjónustu félagsins hér á landi. Þótti ríkisskattstjóri samkvæmt þessu ekki hafa fært rök að því að notkunarstaður þjónustu í þessu tilviki hafi að hluta eða öllu leyti verið hér á landi.

*Í málinu var fjallað um skyldu til að standa skil á virðisaukaskatti vegna kaupa á þjónustu erlendis frá. M.a. var tekist á um hvernig skilgreina ætti tegund hinnar aðkeyptu þjónustu og hvar hún teldist nýtt.*

#### **Yskn. nr. 21/2013**

### **Tekjufærsla eftirgefinnar kröfu um ofgreiddar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Ívilnun.**

Á skattframtali kæranda voru tilgreindar tekjur „tryggingastofnun ríkisins – afskrift“. Í kæru til ríkisskattstjóra fór kærandi fram á að tekjuskattur af tekjum þessum yrði felldur niður vegna greiðsluerfiðleika. Kom fram að Tryggingastofnun hefði felldur niður 50% af heildareftirstöðvum krafna á hendur kæranda vegna erfiðra félagslegra aðstæðna hennar og lágra framfærslutekna. Ríkisskattstjóri synjaði kærinni. Í kæru til yfirsattanefndar krafðist kærandi þess að fallið yrði frá skattlagningu kröfunnar. Til vara fór hann fram á ívilnun, sbr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Í úrskurði yfirsattanefndar kom fram að samkvæmt lögum nr. 90/2003 teldust til skattskyldra tekna hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnaðist og metin yrðu til peningaverðs og skipti ekki máli hvaðan þær stöfuðu eða í hvaða formi þær væru, sbr. upphafsákvæði 7. gr. laganna. Samkvæmt 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, eins og það hljóðar eftir breytingar samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/2009 og 377. gr. laga nr. 126/2011, teldist ekki til tekna eignaauki eða aukning ráðstöfunartekna sem stafaði af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hefðu skuldarnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila. Hið sama ætti við um eftirgefna skuldir sem mælt væri fyrir um í samningi um greiðsluáðlögun skv. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullægjandi hátt væri sannað að eignir væru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setti um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teldist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl. Ljóst væri að undantekningarákvæði 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 byggði

á því að til staðar væri almenn regla um skattskyldu eftirgjafar skulda.

Með stoð í 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 var þann 19. júní 2009 sett reglugerð nr. 534/2009, um skilyrði þess að eftirgjöf skulda manna utan atvinnurekstrar teldist ekki til tekna o.fl. Kemur fram í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar að til skattskyldra tekna manna teljist ekki eftirgjöf skulda þegar svo háttar sem kveðið er á um í reglugerðinni, sbr. 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003. Telst eftirgjöf skulda í tengslum við nauðasamninga, eða sem mælt er fyrir um í nauðasamningi til greiðsluáðlögunar samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, ekki til skattskyldra tekna þess sem niðurfellingar nýtur, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Skiptir ekki máli í því sambandi þótt eignir skuldara eða eignaauki myndist við slíka samninga eða að ráðstöfunartekjur muni aukast með þeim. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar telst eftirgjöf skulda eða niðurfelling ábyrgðar ekki til skattskyldra tekna þótt formleg skilyrði 1. gr. séu ekki uppfyllt, ef sannað er á fullnægjandi hátt að eignir séu ekki til fyrir þeim. Kemur fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar að skilyrði eftirgjafar samkvæmt 1. mgr. séu að fyrir liggja með formlegum hætti að skuld eða ábyrgð hafi verið gefin eftir samkvæmt hlutlægu mati á fjárhagsstöðu skuldara, og eftir atvikum maka hans, sem sýni að engar eignir séu til fyrir skuldum og aflahæfi sé verulega skert til greiðslu skulda að hluta eða öllu leyti þegar ákvörðun um eftirgjöf er tekin. Einhliða ákvörðun kröfuhafa er ekki talin nægileg í þessu sambandi heldur skal hún studd gögnum hans eða til þess bærra aðila.

Í úrskurði yfirsattanefndar kom fram að fyrir lá að helmingur endurgreiðslukröfu Tryggingastofnunar ríkisins á hendur kæranda vegna ofgreiddra tryggingabóta til kæranda á árinu 2009 var felldur niður vegna erfiðra félagslegra aðstæðna hennar og lágra framfærslutekna, sbr. bréf Tryggingastofnunar til kæranda, dags. 8. október 2010, þar sem kæranda var tilkynnt ákvörðun samráðsnefndar um meðferð ofgreiðslna að því er þetta varðaði. Ekkert kemur fram um lagagrundvöll þessarar ákvörðunar Tryggingastofnunar ríkisins í nefndu bréfi til kæranda. Ljóst þykir á hinn bóginn að ákvörðunin hafi verið byggð á heimild í 11. gr. reglugerðar nr. 598/2009, um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags, þar sem kemur fram að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að falla frá endurkröfu að fullu eða að hluta, þrátt fyrir að endurútreikningur leiði í ljós að bætur hafi verið ofgreiddar, séu alveg

sérstakar aðstæður fyrir hendi. Í reglugerðarákvæðinu segir jafnframt að við ákvörðun um eftirgjöf endurkröfu skuli einkum litið til fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna bótaþega og þess hvort hann hafi verið í góðri trú um greiðslurétt sinn.

Í úrskurði sínum taldi yfirsattanefnd að miðað við að umrædd ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins í tilviki kæranda hafi byggst á heimild 11. gr. reglugerðar nr. 598/2009, og sérstaklega þegar litið væri til þess að forsendur þessarar ákvörðunar voru öðrum þræði fjárhagslegra aðstæður kæranda, yrði ekki annað séð en að ríkisskattstjóri hafi þurft að gæta sérstaklega að því við meðferð sína á máli kæranda hvort ákvæði reglugerðar nr. 534/2009, sem rakin eru að framan, kynnu að taka til atvika málsins, þannig að aukning ráðstöfunartekna kæranda, sem leiddi af eftirgjöf skuldar hennar við Tryggingastofnun ríkisins, teldist ekki til skattskyldra tekna hennar, sbr. 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003.

Kæru kæranda, dags. 6. júlí 2011, fylgdi bæði beiðni hennar til Tryggingastofnunar ríkisins og tilkynning Tryggingastofnunar um afskrift kröfu hennar. Að þessu virtu og með hliðsjón af upplýsingum í skattframtali kæranda, þar sem fram kom að tekjufærð væri afskrift kröfu Tryggingastofnunar ríkisins, taldi yfirsattanefnd að óhjákvæmilegt hefði verið að ríkisskattstjóri sæi til þess, áður en hann tók ákvörðun í málinu, að málið yrði upplýst frekar, eftir atvikum með því að krefja Tryggingastofnunar ríkisins skýringa m.a. um tilefni niðurfellingar skuldar kæranda, svo unnt yrði að taka afstöðu til þess hvort undanþiggja bæri umrædda eftirgjöf skuldar tekjufærslu. Ríkisskattstjóri hefði engra slíkra gagna aflað, heldur slegið því föstu í úrskurði sínum að tilvik kæranda félli ekki undir ákvæði 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003. Samkvæmt þessu yrði að telja að ríkisskattstjóri hefði ekki gætt ákvæða 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, auk þess sem ríkisskattstjóri hefði enga afstöðu tekið til þess hvort eftirgjöf skulda í tilviki kæranda kynni að vera undanþegin tekjufærslu með hliðsjón af framangreindri 3. gr. reglugerðar nr. 534/2009.

Yfirsattanefnd felldi því úrskurð ríkisskattstjóra úr gildi.

*Í úrskurði þessum er fjallað um skattalega meðferð á kröfum um endurgreiðslu bóta sem Tryggingastofnun ríkisins hafði gefið eftir, og um beiðni gjaldanda um lækkan á skattstofnum í slíkum málum. Taldi yfirsattanefnd að í þeirri meðferð væri pottur brotinn.*

... lokaorðið

Faney Steinsdóttir



## Leiðin til Akureyrar

Ég stundaði nám við Háskólann á Bifröst. Ákvörðunin um að segja upp þáverandi starfi, rífa fjölskylduna upp með rótum og flytjast búferlum var mjög stór og erfið. Hún er þrátt fyrir það ein sú besta sem ég hef tekið.

Að búa og nema á Bifröst var alveg einstakt. Þar urðu einstaklingar jafnt sem fjölskyldufólk að einni heild og allir unnu að sömu markmiðum. Nemendur og kennarar búa í mikilli nálægð og það gefur kennslunni ákveðið persónulegt viðmót, auk þess sem ég á eftir námið gott tengslanet sem hefur nýst mér og samnemendum mínum þegar komið er út á vinnumarkaðinn. Ég hóf mitt nám í frumgreinadeild sem tók eitt ár. Eftir það fór ég í viðskiptalögfræði og kláraði það nám á tveimur árum í stað þriggja þar sem ég tók tvær sumarannir. Eftir að ég kláraði viðskiptalögfræðina flutti ég til Akureyrar og hóf þá meistaranám í skattarétti í fjarnámi frá Bifröst.

Að ala upp börn í háskólasamfélaginu er afar skemmtilegt og frábær upplifun fyrir hvert foreldri. Ég var sjálf með tvær litlar skvísur sem fengu að upp-  
að búa í vernduðu um-

náttúran sem umlykur staðinn varð að einu flottasta leiksvæði sem til er. Þegar ég hóf skólagönguna þá fóru dætur mínar í leikskólann Hraunborg en sú eldri hóf svo ári seinna skólagöngu sína í grunnskólanum að Varmalandi. Hún var

í 1. og 2. bekk á Varmalandi og líkaði það vel. Hún fór með skólabíl snemma á morgnana frá Bifröst og kom svo heim með bílnum aftur eftir hádegið. Það var skritið fyrir foreldri að horfa á eftir litla barninu sínu hefja fyrsta skóladaginn sinn áleiðis í skólann með skólabíl en henni þótti það bara spennandi, og muna flest Bifrastarbörn eftir því að hafa einhvern tíma farið með skólabílnum.

Á Bifröst myndast órjúfanleg vináttubönd, bæði hjá fullorðnum og hjá börnum. Ég held miklum samskiptum við vini mína sem ég kynntist á þessum einstaka stað. Við fögnum saman ánægjulegum viðburðum í okkar lífi og styðjum við bakið hvert á öðru þegar erfiðleikar

gera vart við sig. Við njótum þeirra forréttinda að hafa búið í samfélagi þar sem allir eru jafnir og setja stefnuna á sömu markmiðin.

Námið er byggt upp með þeim hætti að áhersla er lögð á verkefnavinnu þar sem tekist er á við raunveruleg dæmi úr atvinnulífinu. Nemendur þurfa

að vinna verkefnið bæði einir og fleiri saman í hópum. Námið var góður undirbúningur fyrir þann starfsvettvang sem ég starfa á í dag og hefur hjálpað mér við að skila af mér minni vinnu hjá ríkisskattstjóra eins vel og ég mögulega get. Raunin vill nefnilega oft verða sú að ekki þykir nóg að vera klár á bókina heldur skiptir miklu máli að geta unnið og leitað lausna með öllum þeim sem þú kemur til







Á starfsstöð RSK á Akureyri. Á myndinni eru Ingibjörg Jónsdóttir og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir ásamt greinarhöfundu.

með að starfa með. Háskólanám á Bifröst nær að þjálfra báða þessa þætti hjá nemendum sínum og því má segja að nemendur þaðan nái góðri fótfestu í því starfi sem þeir taka sér fyrir hendur að námi loknu.

Ég tel mig vera reynslunni ríkari eftir að hafa stundað mitt nám og búið með fjölskyldunni minni á Bifröst. Á hverjum degi í mínu starfi nýti ég mér það sem ég lærði. Það á við hvort sem ég er að finna svör við spurningum, lausnir á vandamálum eða þegar ég á samskipti við samstarfsfélaga mína. Ég hugsa til þessa tíma með söknuði því okkur fjölskyldunni fannst bæði gaman og gott að búa á Bifröst, og við eigum eftir að búa að þeirri reynslu alla ævi.

Þegar ég lauk námi mínu á Bifröst þá gátum við fjölskyldan ekki hugsað okkur að flytjast í borgina og tókum því þá ákvörðun að halda ferðalaginu áfram og til Akureyrar. Akureyri er að mínu mati stórborgin í sveitinni vegna þess að hér er allt til alls. Ég er líka Siglufirðingur í húð og hár og mér finnst það mikill kostur að vera komin nær heimahögunum. Foreldrar mínir búa á Siglufirði en æskuvinkonur mínar eru á Sauðárkróki svo það er stutt að skreppa í heimsókn.

Ég hóf störf á Skattstofunni á Akureyri í september 2008. Mér leið strax vel á vinnustaðnum. Viðmót fólksins hérna er mjög hlýlegt og gott og mér fannst ég strax falla í hópinn. Fólkið sem ég starfa með hefur flest starfað lengi innan skatt-

kerfisins og er hokið af reynslu og þekkingu. Fyrir mig er það algjör gullnáma og ég drekk í mig alla þá þekkingu sem samstarfsfélagar mínir búa yfir. Ég hóf störf hérna á Akureyri rétt fyrir sameininguna. Ég verð að segja að þessar breytingar hafa verið til hins betra og löngu tímabærar, þær hafa að mínu mati verið unnar faglega og tekist mjög vel. Ég kem aldrei að lokuðum dyrum ef mig vantar einhverja aðstoð eða ráðleggingar. Allir sem ég hef leitað til eru boðnir og búnir að aðstoða við að leysa þau vandamál sem upp koma. Það er einstakt að geta hringt á Ísafjörð, Egilsstaði eða til Reykjavíkur eða skotist í næsta herbergi til að fá aðstoð. Að starfa hjá ríkisskattstjóra er aldrei leiðinlegt, mér finnst ég alltaf læra eitthvað nýtt og enginn dagur er eins.

Þrátt fyrir að það sé mikið að gera hjá ríkisskattstjóra þá er ég ekki alltaf í vinnunni. Í frítímanum reyni ég að hugsa um fjölskylduna mína og stunda áhugamálin eins mikið og ég get. Ég á fjórar dætur, eiginmann og hund. Stelpurnar mínar eru 14 ára, 10 ára, 6 ára og 1 árs. Sú elsta er því að fara að fermast eftir nokkrar vikur. Maðurinn minn rekur sitt eigið fyrirtæki og þar er nóg að gera. Ég stunda blak og fótbolta í frístundum og svo létum við hjónin gamlan draum okkar rætast og fengum okkur mótörhjól svo stefnan er tekin á frábært sumar.

# Upplýsingatafla RSK

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2013

### Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 241.475 kr. .... 37,32%
- Af næstu 498.034 kr. .... 40,22%
- Af fjárhæð umfram 739.509 kr. .... 46,22%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 48.485 kr.

### Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

- 37,32% ..... af fyrstu 55.572\* kr.
- 40,22% ..... af 55.573-170.188\*\* kr.
- 46,22% ..... af launum umfram 170.188 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\*  $2.897.702/365 * 7 = 55.572$  \*\*  $8.874.108/365 * 7 = 170.188$

### Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2013 ..... 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr. .... 4%
- Skattleysismörk tekjuárið 2013 ..... 1.559.003 kr.

## Persónuafsláttur 2013

- Einn mánuður ..... 48.485 kr.
- Hálfur mánuður ..... 24.242 kr.
- 14 dagar ..... 22.316 kr.
- Ein vika ..... 11.158 kr.
- Sjómannaafsláttur á dag ..... 246 kr.

## Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald ..... 7,69%
- Viðbót v/sjómannanna á fiskiskipum ..... 0,65%

## Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep ..... 25,5%
- Sérstakt skattþrep ..... 7,0%

## Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2012

Gildir frá 1. 6. 2012

- Almenn gjald, af fyrstu 10 þ. km, pr. km: ..... 117,50 kr.

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólkubílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

## Barnabætur 2013

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 167.564 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 199.455 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 100.000 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 279.087 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 286.288 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 100.000 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is

## Vaxtabætur 2013

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupna til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar. Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

## Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2012

Gildir frá 1. 10. 2012

- Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring ..... 22.070 kr.
- Fyrir gistingu í eina nótt ..... 12.150 kr.
- Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag ..... 9.920 kr.
- Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 4.960 kr.

## Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54